



ML í lögfræði

ÁKVÖRÐUN BÓTAFJÁRHÆÐA Í SKAÐATRYGGINGUM

1. mgr. 35. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004

Nafn nemanda: Ingibjörg Garðarsdóttir Briem

Kennitala: 280289-3539

Leiðbeinandi: Þóra Hallgrímsdóttir

Útdráttur

Í 1. mgr. 35. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 segir að váttryggður eigi að fá fullar bætur fyrir fjártjón sitt nema um annað hafi verið samið. En hvað þýðir þetta fyrir váttryggðan og hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Til þess að finna svarið við þessari spurningu er í upphafi gerð grein fyrir uppbyggingu laga um váttryggingarsamninga, en 1. mgr. 35. gr. þeirra fellur undir I. hluta laganna um skaðatryggingar. Þá er ítarlega fjallað um túlkun laganna og váttryggingarsamninga, auk þess sem gerð er grein fyrir þeim tengslum sem eru milli reglna váttryggingaréttar og skaðabótaréttar. Til þess að átta sig á hvort beita beri fyllingarreglu 1. mgr. 35. gr. laganna eða hvort sérstaklega hafi verið samið um fullar bætur í váttryggingarsamningi milli váttryggingartaka og váttryggingarfélags þykir mikilvægt að gera grein fyrir þeim reglum sem gilda varðandi sönnun og þá hvort tveggja í tengslum við efni sammingsins og því fjártjóni sem váttryggður telur sig hafa orðið fyrir. Er einnig vikið að norrænum rétti í tengslum við túlkun á hugtakinu fjártjón og hvernig hvað leggja beri til grundvallar við ákvörðun á fullum bótum í tengslum við það.

Þar sem umrætt lagaákvæði veitir váttryggingartaka og váttryggingarfélagi heimild til að semja sig undan ákvæðum laganna með váttryggingarsamningi er mikilvægt að gera sér grein fyrir ákvæðum slíkra samninga við útreikning bótafjárhæða. Er því í síðari hluta ritgerðarinnar rakin ákvæði ýmissa váttryggingarskilmála hjá stærstu váttryggingarfélagunum á sviði skaðatrygginga hér á landi, en það eru VÍS, Sjóvá, TM og Vörður. Þeir skilmálar sem fjallað er um varða innbústryggingar, lögboðnar brunatryggingar fasteigna, húseigendatryggingar, kaskótryggingar ökutækja auk frjálsrar ábyrgðartryggingar einstaklinga. Var með þessu vali reynt að fá sem víðtækasta mynd við útreikning bóta. Að lokum er ritgerðin dregin saman og niðurstaða hennar gerð ljós.

Abstract

The first paragraph of article 35 in Act of insurance agreements no. 30/2003 states that the insured should receive full compensation for financial loss, unless otherwise agreed. But what does the concept full compensation mean and on what basis are they calculated?

To find the answer this essay will start by outlining the structure of the law, but para. 1 of art. 35 is in the chapter of the law that includes rules for non-life insurances. Thereafter is a detailed chapter regarding interpretation of the law and insurance contracts, as well as outlining the link between the rules of insurance law and tort law. In order to realize the content of para. 1 of art. 35 and especially if agreed upon restitution in the insurance contract between the insurance company and the policyholder, it is important to clarify rules regarding proof; both the content of the contract and the coverage of the financial damage the insured has suffered. Also the Nordic legislation is mentioned regarding the interpretation of the concept financial damages and what is considered necessary in determining the full compensation according to those damages.

Since the aforementioned provisions allows the policyholder and the insurance company to negotiate about the amount of the compensation it is important to realize the provisions of such agreements when calculating compensation amounts. In the latter part of the thesis there are shown some terms of the various insurances offered by the largest insurance companies in Iceland in the field of non-life insurances, but they are Vátryggingafélag Íslands, Sjóvá-Almennar insurances, Tryggingamiðstöðin and Vörður insurances. The terms discussed concerning insurance of properties, compulsory fire insurance, property insurance and comprehensive collision insurance for vehicles. Those terms of insurances were chosen to get the widest perspective of how the benefits are calculated. Finally, remarks and conclusions are made clear.

Efnisyfirlit

LAGASKRÁ	V
DÓMASKRÁ	VI
1. INNGANGUR	1
2. LÖG UM VÁTRYGGINGARSAMNINGA NR. 30/2004	2
2.1. UPPHAF OG FORSAGA VÁTRYGGINGA Á ÍSLANDI	5
2.2. TÚLKUN	7
2.2.1. Túlkun laga um vátryggingarsamninga	7
2.2.2. Túlkun vátryggingarsamninga	8
2.3. SÖNNUN Á EFNI SAMNINGS OG TJÓNI VÁTRYGGÐS	14
2.3.1. Sönnun um efni samningsins	17
2.3.2. Sönnun á tjóni.....	19
3. ÁKVÆÐI 1. MGR. 35. GR. VSL.	20
3.1. FULLAR BÆTUR FYRIR FJÁRTJÓN.....	21
3.1.1. Norrænn réttur – fullar bætur.....	25
3.2. ÁKVÆÐI VÁTRYGGINGARSAMNINGS	30
3.3. LÖGBUNDNAR HEIMILDIR FÉLAGANNA TIL AÐ SEMJA SIG FRÁ FULLUM BÓTUM Í SKILNINGI	
1. MGR. 35. GR. VSL.	33
3.3.1. Vátryggingarverðmæti	34
3.3.2. Bundið vátryggingarverð	36
3.3.3. Tvítrygging	38
4. SKILMÁLAR VÁTRYGGINGAFÉLAGANNA	40
4.1. INNBÚSTRYGGINGAR.....	43
4.1.1. Sjóvá.....	44
4.1.2. VÍS.....	45
4.1.3. TM	46
4.1.4. Vörður	47
4.1.5. Samanburður á innbústryggingum félaganna	48
4.2. BRUNATRYGGINGAR FASTEIGNA.....	50
4.3. HÚSEIGENDATRYGGING	54
4.3.1. Sjóvá.....	54

4.3.2. VÍS.....	55
4.3.3. TM.....	56
4.3.4. Vörður.....	57
4.3.5. Samanburður á húseigendatryggingum félaganna.....	58
4.4. ÖKUTÆKJATRYGGINGAR.....	58
4.4.1. Kaskótrygging.....	59
4.4.1.1. Sjóvá.....	59
4.4.1.2. VÍS.....	60
4.4.1.3. TM.....	60
4.4.1.4. Vörður.....	61
4.4.2. Samanburður á kaskótryggingum ökutækja hjá félögunum.....	61
4.5. AÐRAR EIGNATRYGGINGAR.....	64
5. NIÐURSTÖÐUR OG AÐRAR ÁLYKTANIR.....	65
HEIMILDASKRÁ.....	69

Lagaskrá

Íslensk lög:

Lög um brunatryggingar, nr. 48/1994

Lög um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004

Lög um váttryggingarsamninga, nr. 20/1954

Umferðarlög, nr. 50/1987

Norsk lög:

Lov om forsikringsavtaler, LOV-1989-06-16-69

Lov om skadeserstatning, LOV-1969-06-13-26

Dönsk lög:

Erstatningsansvarsloven, LBKG 2014-03-21 nr. 266

Forsikringsaftaleloven, LBKG 2015-11-09 nr. 1237

Lögskýringargögn:

Alpt. 1992-1993, A-deild, 326. mál

Alpt. 1994, A-deild, þskj. 102-99. mál

Alpt. 1997-1998, A-deild, þskj. 951-560. mál

Alpt. 2003-2004, A-deild, þskj. 215-204. mál

Alpt. 1953 frumvarp til eldri vsl. nr. 20/1954.

Dómaskrá

Hrd. 7. nóvember 1983 í máli nr. 59/1981

Hrd. 1. febrúar 1996 máli nr. 333/1994

Hrd. 14. desember 2000 í máli nr. 84/2000

Hrd. 8. febrúar 2001 í máli nr. 343/2000

Hrd. 19. desember 2002 í máli nr. 317/2002

Hrd. 23. janúar 2003 í máli nr. 376/2002

Hrd. 19. desember 2006 í máli nr. 82/2006

Hrd. 27. janúar 2011 í máli nr. 349/2010

Hrd. 7. mars 2013 í máli nr. 561/2012

Hrd. 18. júní 2009, í máli nr. 646/2008

1. Inngangur

Hugtökin „tryggingar“ og „vátryggingar“ ættu flestir að þekkja en vel flestir Íslendingar þurfa að eiga samskipti við vátryggingarfélag einhvern tímann á lífsleiðinni. Það getur verið vegna umferðaróhapps, innbrots, bruna, leka, skemmda á ýmsu lausafé og svo framvegis. Þá er eiganda fasteignar skylt að kaupa brunatryggingu¹ og eiganda eða umráðamanns ökutækis skylt að kaupa ábyrgðartryggingu og slysatryggingu ökumanns og eiganda². En hversu mikið á tjónþoli að fá greitt út úr vátryggingu sinni eða þess sem bera ábyrgð á tjóni hans?

Í þessari ritgerð verður leitast við að svara því hvað felist í 1. mgr. 35. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004,³ en ákvæðið er svo hljóðandi: „Sé ekki um annað samið í vátryggingarsamningi á vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt.“ Á grundvelli þessa ákvæðis verður því einungis vikið að skaðatryggingum, enda fellur ákvæðið undir I. kafla laganna en sá hluti þeirra fjallar eingöngu um skaðatryggingar, en með því er átt við vátryggingar gegn tjóni á eignum vátryggðs, og þar af leiðandi það fjártjón sem vátryggður verður fyrir er hann verður fyrir tjóni.

Í hugum fólks getur sami hluturinn haft mis mikið gildi. Má þá helst nefna ýmsa erfðagripa sem margir hverjir telja að ekki sé hægt að meta til fjár. Þá getur einnig oft risið ágreiningur þegar meta á verðmæti hluta sem eru komnir til ára sinna og vakna þá spurningar eins og hvort greiða eigi bætur fyrir hlutinn í samræmi við ástand hans er hann fórst eða hvort miða eigi við verðmæti á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem varð fyrir tjóni. Gætu þá margir sagt að viðkomandi væri að hagnast á tjóninu.

Um það hvað teljist vera fullar bætur í skilningi vátryggingarréttar byggist fyrst og fremst á ákvæðum þess vátryggingasamnings sem vátryggður hefur gert við sitt félag, en ákvæði þeirra eru sett með stoð í ákvæðum laga um vátryggingasamninga.

Í upphafi ritgerðarinnar, eða í öðrum kafla, er að finna almenna umfjöllun um lög um vátryggingasamninga, eðli vátryggingarréttarins, upphaf og forsögu vátrygginga á Íslandi, túlkun á ákvæðum laganna og vátryggingarsamninga auk þess sem vikið er að sönnun á efni vátryggingarsamnings og tjóni tjónþola.

Í kjölfarið af þeirri almennu umfjöllun er í þriðja kafla skýrlega gerð grein fyrir ákvæði 1. mgr. 35. gr. vsl. um „fullar bætur fyrir fjártjón“ og hvað teljist til fullra bóta í skilningi vátryggingarréttarins annars vegar og skaðabótaréttarins hins vegar, auk þess sem

¹ Lög um brunatryggingar, nr. 48/1994.

² 1. mgr. 91. gr. Umferðarlög, nr. 50/1987.

³ Hér eftir nefnd vsl.

horft er til nágrannaríkja okkar og þá sérstaklega hvernig Norðmenn og Danir hafa túlkað sambærileg ákvæði. Einnig er skoðaðar heimildir váttryggingafélaganna til að semja sérstaklega um ákvörðun bóta í váttryggingasamningi. Þá er einnig vikið að sambærilegum ákvæðum í norskum og dönskum váttryggingarétti og í lokin er vikið að lögbundnum ákvæðum um heimildir váttryggingafélaganna til að ákvarða bætur og heimildir þeirra til skerðingar á grundvelli váttryggingaverðmætis, váttryggingarverðs og tvíttryggingar.

Í fjórða kafla ritgerðarinnar er farið nákvæmlega í útreikning og ákvörðun bótafjárhæða á grundvelli váttryggingarskilmála þeirra fjögurra váttryggingafélaga sem starfandi eru á sviði skaðatrygginga á Íslandi,⁴ en það eru Váttryggingafélag Íslands, Tryggingamiðstöðin, Sjóvá-Almennar tryggingar og Vörður tryggingar. Í 1. mgr. 35. gr. vsl. er að finna heimild til handa félögunum og váttryggingartaka að semja sig frá ákvæðum laganna um fullar bætur fyrir fjártjón. Verða helst skoðuð og borin saman ákvæði váttryggingarskilmála félaganna er varða innbústryggingar, brunatryggingar fasteigna, húseigendatryggingar, kaskótryggingar ökutækja auk frjálsra ábyrgðartrygginga einstaklinga. Voru þessir skilmálar sérstaklega teknir fyrir til þess að sýna mismunandi ákvæði og útreikning félaganna á bótafjárhæðum á sem fjölbreyttastan hátt.

Í lokakafla ritgerðarinnar verður síðan efni hennar dregið saman í stuttu máli og niðurstaða hennar að öðru leyti gerð kunn.

2. Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004

Núgildandi lög um váttryggingarsamninga eru byggð á eldri lögum um váttryggingarsamninga nr. 20/1954⁵ en þau lög höfðu verið nær óbreytt frá setningu þeirra, en þau byggðust á samnorrænu samstarfi frá fyrri hluta 20. aldar. Lögum um váttryggingarsamninga, eins og þau eru í dag, má skipta upp í þrjá hluta. Í *fyrsta hluta* laganna, eða í 1. til 60. gr., er fjallað um svokallaðar skaðatryggingar. Í *öðrum hluta* laganna, eða í 61. til 140. gr., er fjallað um persónutryggingar og í *þriðja hlutanum*, það er í 141. til 146. gr., er að finna almenn ákvæði um úrskurðarnefndir, val á úrræðum í ágreiningsmálum, gildistöku laganna og fleira. Samkvæmt þessari flokkun telst ákvæði 35. gr. vsl. til ákvæða um skaðatryggingar. Hugtakið skaðatrygging er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. vsl. með eftirfarandi hætti:

⁴ Hér eftir nefnd: VÍS, TM, Sjóvá og Vörður.

⁵ Hér eftir nefnd eldri vsl.

Með skaðatryggingu er átt við váttryggingu gegn tjóni eða eyðileggingu á hlut, réttindum eða öðrum hagsmunum, váttryggingu gegn skaðabótaábyrgð eða kostnaði og aðra váttryggingu sem ekki er persónutrygging.

Þá gildir ákvæði fyrsta hlutans ekki um endurtryggingar váttryggingarfélaganna, sbr. 3. mgr. 1. gr. vsl. Er hugtakið þar af leiðandi að hluta til skýrt með neikvæðri skilgreiningu, það er „aðra váttryggingu sem ekki er persónutrygging“. Til þess að geta áttað sig betur á gildissviði skaðatrygginga og fyrsta hluta laganna verður þar af leiðandi að skoða hvað fellur undir annan hluta laganna um persónutryggingar. Í 2. mgr. 61. gr. vsl. er að finna skilgreiningu á því hvaða tryggingar teljist til persónutrygginga en það eru líffryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Tengjast þær tryggingar þannig lífi eða heilsu váttryggingartakans sjálfs, eða annarra váttryggðra samkvæmt váttryggingarskírteini. Skaðatryggingar eru þar af leiðandi þær váttryggingar sem miða að því að bæta raunverulegt fjárhagslegt tjón hins váttryggða, þó með hliðsjón af þeirri grundvallarreglu að viðkomandi eigi ekki að hagnast á váttryggingunni eða því að lenda í tjóni.⁶

Til skaðatrygginga heyra ýmis konar munatryggingar auk ábyrgðartrygginga, hvort sem þær eru lögboðnar eða valfrjálssar. Munatryggingar geta sem dæmi verið váttryggingar á fasteignum og lausafé en flest váttryggingarfélög bjóða upp á ýmsar gerðir af slíkum váttryggingum, svo sem heimilis- og fjölskyldutryggingar, ökutækjatryggingar, fasteignatryggingar og margt fleira. Inntak skaðatrygginga, og forsenda þess að váttryggingartaki taki sér slíka tryggingu, er að váttryggja sig gegn tjóni eða eyðileggingu á hlut eða öðrum hagsmunum sem hann hefur. Í skaðatryggingum er því skilyrði fyrir greiðslu bóta að váttryggður hafi orðið fyrir tjóni sem hægt er að meta eftir fjárhagslegum mælikvörðum og er váttryggingarfélagi óskilt að greiða hærri bætur en nemur tjóni váttryggðs.⁷ Er váttryggingartaki því að váttryggja sig, og aðra váttryggða, gegn tiltekinni áhættu sem tiltekin er í váttryggingarsamningi. Sem dæmi um slík ákvæði í váttryggingarsamningum er ákvæði um að váttryggingartaki fái tiltekna hluti bætta, að tiltekinni fjárhæð vegna innbrots, bruna eða vatnstjóns. Er váttryggingartakinn því að váttryggja sig, og aðra meðváttryggða, gegn því fjárhagslega tjóni sem hann gæti orðið fyrir.

Þó svo að ábyrgðartryggingar teljist til skaðatrygginga,⁸ eru slíkar tryggingar annars eðlis heldur en aðrar skaðatryggingar en þeim er ætlað að tryggja váttryggðan gegn skaðabótakröfum sem kunna að falla á hann vegna tjóns sem hann veldur þriðja aðila. Er það þannig skilyrði fyrir greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu að váttryggingartaki hafi sýnt af sér

⁶ Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 215-204. mál, almennar athugasemdir.

⁷ Eiríkur Jónsson, *Bótaréttur II: váttryggingaréttur og bótareglur félagsmálaréttar* (Codex 2015) 37–38.

⁸ sama heimild 422.

skaðabótaskylda háttsemi sem leitt hafi til tjóns fyrir þriðja aðila og verða því skilyrði skaðabótaréttarins að vera fyrir hendi.⁹ Tjónþoli á þar af leiðandi rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu váttryggðs vegna tjóns sem hann verður fyrir af völdum hins váttryggða óháð því hver greiðslugeta váttryggðs aðila er og á því kröfu á hendur váttryggingafélags tjónvaldsins um að fá tjón sitt að fullu bætt út úr ábyrgðartryggingu tjónvaldsins, það er að segja váttryggðs.¹⁰ Dæmi um slík tilfelli er þegar árekstur verður milli ökutækja váttryggingataka og þriðja aðila. Greiðast þá bætur út úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis sem váttryggingartaka er skylt að taka vegna tjóns sem valdið er af notkun bifreiðar hans. Hafi váttryggingartaki þannig valdið árekstrinum á tjónþoli, þriðji aðili, rétt á greiðslu bóta frá váttryggingarfélagi tjónvalds vegna þess tjóns sem hann varð fyrir. Einnig er þó hægt að fá slíkar frjálssar ábyrgðartryggingar vegna tjóns sem einstaklingar valda öðrum og bera skaðabótaábyrgð á.

Í lögum um váttryggingarsamninga er einnig að finna reglur um það hvaða ábyrgð váttryggingarfélag ber þegar váttryggingaratburður verður, en fjölmörg álitamál geta komið upp um hvort bótaskylda sé fyrir hendi og hversu mikið eigi að greiða út úr tryggingunni. Í 1. mgr. 35. gr. vsl. er að finna þá meginreglu um ákvörðun bótafjárhæðar að váttryggður skuli fá fullar bætur fyrir fjártjón sitt. En sú meginregla er í samræmi við meginreglu norsks skaðabótaréttar.¹¹ Hins vegar er, á grundvelli sama ákvæðis, heimild til að semja sérstaklega um bótafjárhæðir eða útreikning á bótafjárhæðum í váttryggingarsamningi. Hafi slíkur samningur verið gerður ber að fylgja þeim ákvæðum samningsins. Hafi hins vegar slíkur samningur ekki verið gerður ber að fylgja ákvæði 1. mgr. 35. gr. vsl. og bæta váttryggðum tjón sitt að fullu, en í slíkum tilfellum skal fara eftir reglum skaðabótaréttarins við ákvörðun á því hvað teldust vera fullar bætur í váttryggingarrétti.¹² Af framansögðu er því ljóst að túlka verður ákvæði laga um váttryggingarsamninga, þar á meðal 35. gr. laganna, með hliðsjón af skaðabótarétti vegna þeirra miklu tengsla sem eru á milli þessara tveggja réttarsviða. Nánar verður farið út í þau tengsl síðar, auk nánari túlkunar á 35. gr. vsl.

⁹ sama heimild.

¹⁰ sama heimild 424–425.

¹¹ Nils Nygaard, *Skade og ansvar* (5. utgåve, Universitetsforlaget 2000) 13.

¹² Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 215-204. mál, athugasemdir við 1. mgr. 35. gr.

2.1. Upphaf og forsaga váttrygginga á Íslandi

Upphaf váttrygginga hér á landi í þeirri mynd sem við þekkjum í dag má rekja aftur til síðari hluta 19. aldar, en árið 1909 var félag um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum stofnað.¹³ Sérstaða þessa félags, líkt og annarra gagnkvæmra félaga, var að váttryggingartakar voru eigendur félagsins hverju sinni og báru áhættur í félaginu sem námu iðgjaldsgreiðslum.¹⁴ Tilgangur þessa félags var að dreifa því tjóni sem eigendur báta og skipa urðu fyrir á fleiri aðila sem voru í sömu stöðu og nota þannig fjöldann til að draga úr áhættu hvers og eins.¹⁵ Hver sá sem taldist til félagsins var þannig váttryggður og átti rétt á að fá bætur ef váttryggingarburður varð.¹⁶

Með fyrstu váttryggingarfélögunum í þeirri mynd sem við þekkjum þau í dag voru þau félög sem váttryggðu gegn bruna og sjótjónum en fyrstu bátaábyrgðarfélögin voru stofnuð um og eftir 1900 með tilkomu vélbátaútgerðar hér á landi. Hvað varðar bætur út úr þeim tryggingum þá giltu váttryggingarnar aðeins yfir sumarmánuðina og ekki var kveðið á um fullar bætur líkt og í dag, heldur fékkst aðeins hluti tjónsins bættur, ýmist helmingur af matsverði eða ákveðinn hluti eftir því í hvaða flokk skipinu var raðað.¹⁷

Árið 1917 var Brunabótafélag Íslands stofnað en tilgangur þess var að tryggja að öll hús hér á landi væru brunatryggð, en sá háttur hefur haldist enn þann dag í dag. Fyrir þann tíma hafði einungis hvílt slík skylda á eigendur timbur- og múrhúsa í Reykjavík en þá dreifðist áhættan á þá leið að þriðjungur hennar var á ábyrgð Reykjavíkurborgar en tveir þriðju á ábyrgð Brunabótafélags hinna dönsku kaupstaða.¹⁸ Hefur því framkvæmdin verið á þá leið frá upphafi í brunatryggingum að váttryggður aðili fái tjón sitt að fullu bætt, þó svo að áhættunni hafi verið dreift með þessum hætti. Fyrsta almenna váttryggingafélagið á Íslandi var síðan stofnað árið 1918 en þrátt fyrir að vera almennt váttryggingafélag bar það heitið Sjóváttryggingafélag Íslands.¹⁹

Enn þann dag í dag er eitt meginéinkenni váttryggingar að dreifa áhættu aðila á að verða fyrir tjóni milli fleiri aðila sem búa við samskonar áhættu. Er því með váttryggingum

¹³ Pétur Sigurðsson, „Samábyrgð Íslands 90 ára: Hefur þróast í takt við útgerðarsöguna“ 92 (7–8) Ægir 37, 37.

¹⁴ „Skýrsla um starfsemi Samvinnutrygginga g.t., eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga og dótturfélaga“ 8 <<http://www.lagastofnun.hi.is/sites/lagastofnun.hi.is/files/Skjol/samvinnutryggingar.pdf>> skoðað 30. janúar 2016.

¹⁵ Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, „Réttar bætur fyrir slys“ <<http://www.dv.is/blogg/vilhjalmur-h-vilhjalmsson/2013/6/26/rettar-baetur-fyrir-slys/>> skoðað 30. janúar 2016.

¹⁶ „Skýrsla um starfsemi Samvinnutrygginga g.t., eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga og dótturfélaga“ (n. 14) 62.

¹⁷ Eiríkur Jónsson (n. 7) 44–45.

¹⁸ sama heimild 42–44.

¹⁹ sama heimild 45.

reynt að takmarka eða koma í veg fyrir áhættu á fjárhagslegu tjóni. Sveiflast slík þörf einnig með efnahagsástandi í þjóðfélaginu en með aukinni hagsæld eykst þörf fyrir fjárhagslega vernd váttrygginga. Er þar af leiðandi mikilvægt að lagaumhverfi váttrygginga sé til hagsbóta fyrir hvoru tveggja váttryggingafélögin og ekki síður váttryggingartaka.²⁰

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi²¹ er tilgangur þeirra laga að „tryggja að váttryggingafélög séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni váttryggðra, váttryggingartaka, hluthafa og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi“. Þá kemur fram í 6. gr. sömu laga að váttryggingastarfsemi félaganna skuli rekin „í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur í váttryggingaviðskiptum og með hag váttryggingartaka og váttryggðra fyrir augum. Váttryggingafélög skulu rekin á heilbrigðan og traustan hátt.“ Í dag er það Fjármálaeftirlitið sem fer með eftirlit með allri fjármálastarfsemi landsins²², sbr. 21. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.²³ Það er því í höndum Fjármálaeftirlitsins að veita váttryggingarfélögum starfsleyfi, en til þess þurfa þau að uppfylla nánar tiltekin skilyrði, sbr. 18. gr. vstl. Er þetta í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. fsl. um að váttryggingafélög teljist til fjármálastarfsemi sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Þá er það einnig í höndum Fjármálaeftirlitsins að setja reglur um það hvað teljist vera góðir viðskiptahættir og góðar venjur í váttryggingaviðskiptum, sbr. 5. mgr. 6. gr. vstl.

Af framansögðu er ljóst að mikið eftirlit er með starfsemi þeirra félaga sem hafa leyfi til að reka váttryggingafélög á Íslandi og þau geta ekki einungis haft sína eigin hagsmuni að leiðarljósi heldur verða þau einnig að gæta hagsmuna váttryggingartaka, váttryggðra og annarra tjónþola. Dæmi um þetta er að finna í 1. til 3. mgr. 65. gr. vstl. en samkvæmt þeim ákvæðum ber Fjármálaeftirlitinu að fylgjast með váttryggingaskilmálum váttryggingarfélaganna auk breytinga á iðgjaldsgrundvelli þeirra og gæta þess að ákvæði skilmálanna séu í samræmi við lög og góða viðskiptahætti. Þá heyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum undir Fjármálaeftirlitið en þangað geta váttryggingartakar skotið ákvörðunum tryggingafélaganna ef þeir vilja fá afstöðu þeirra endurskoðaða. Úrskurðarnefndin tekur þó ekki afstöðu til bótafjárhæða nema þess sé sérstaklega óskað.

²⁰ Valgerður Sverrisdóttir, „Þingtíðindi | Frumvarp til laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004“ <<http://www.althingi.is/altext/130/11/r03191833.sgml>> skoðað 10. mars 2016.

²¹ Hér eftir nefnd vstl.

²² Alþt. 1997-1998, A-deild, þskj. 951-560. mál, athugasemdir með 1. gr.

²³ Hér eftir nefnd fsl.

2.2. Túlkun

Til þess að átta sig á efni laganna og váttryggingarsamninga er mikilvægt að efni samninganna sé túlkað á réttan hátt. Getur það haft veruleg áhrif fyrir váttryggingartaka ef váttryggingarsamningur er túlkaður með röngum hætti. Gætu þannig tilvik sem með réttu ættu að falla undir ákvæði skilmálanna og váttryggingartaki hefur greitt iðgjald í samræmi við þá vernd í góðri trú, fallið utan þeirra og váttryggður þar með glatað rétti sínum til bóta á grundvelli samningsins.

2.2.1. Túlkun laga um váttryggingarsamninga

Lög um váttryggingarsamninga heimila í vissum tilfellum váttryggingartaka og váttryggingarfélagi að semja sig frá ákvæðum laganna. Komi upp ágreiningur milli aðila eða árekstur verður milli ákvæða laganna annars vegar og váttryggingarsamnings hins vegar verður að vera skýr hvenær lögin eiga að gilda og hvenær váttryggingarsamningurinn skuli taka við. Í 3. gr. vsl. er að finna reglu sem er ætlað að leysa úr slíkum ágreiningi, en í henni segir:

Óheimilt er, nema annað sé tekið fram, að víkja frá ákvæðum I. hluta laga þessara með samningi ef það leiðir til lakari stöðu þess sem öðlast kröfu á hendur félaginu samkvæmt váttryggingarsamningi.

Í 3. gr. eldri vsl. var ákvæði um að lögin væru með öllu frávikjanleg. Með nýjum lögum þótti þó ástæða til að gera reglur laganna ófrávikjanlegar, nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögnum.²⁴ Var þessi breyting í takt við aukna neytendavernd hér á landi, sem og á hinum Norðurlöndunum og markmið þeirra að treysta betur réttarstöðu neytenda með því að áskilja í lögnum ákveðna lágmarksvernd. Að váttryggingarsamningum koma í flestum tilfellum einstaklingar annars vegar og váttryggingarfélag hins vegar með starfsfólk sem sérhæfir sig í að gera slíka samninga. Óhjákvæmilega kemur því oft upp sú staða að á váttryggingartakann er hallað í slíkum samningaviðræðum gagnvart jafn stórum félögum og váttryggingarfélögin hér á landi eru í dag. Hafa váttryggingartakar þar af leiðandi mjög lítið að segja þegar kemur að því að meta verndarandlag samningsins, meta stöðu sína ef váttryggingaratburður verður og hafa með nokkru móti áhrif á skilmála váttryggingarinnar sem þeir gangast undir. Þótti þar af leiðandi nauðsynlegt að breyta þeirri réttarframkvæmd sem áður hafði ríkt á þá leið að með 1. mgr. 3. gr. núgildandi vsl. yrðu ákvæði laganna að meginstefnu til ófrávikjanleg.

²⁴ Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 215-204. mál, athugasemdir í kafla 6.2.

Líkt og kemur fram í orðalagi ákvæðisins með orðunum: „ ... ef það leiðir til lakari stöðu þess sem öðlast kröfu á hendur félaginu ...“ þá er markmið laganna að veita vissa lágmarksvernd. Nær þessi vernd ekki einungis til váttryggingartaka heldur allra þeirra sem eru váttryggðir samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar eða öðlast rétt til greiðslu bóta frá félaginu. Full ástæða þykir til að setja alla þá sem geta átt kröfu á félagið undir sama hatt og nær verndin þar af leiðandi til váttryggingartaka eða annars váttryggðs aðila samkvæmt samningi auk þriðja aðila sem getur átt beina kröfu á hendur félaginu, til dæmis á grundvelli ábyrgðartryggingar þess sem valdið hefur honum tjóni. Þá skal einnig árétta sérstaklega þau orð ákvæðisins sem kveða á um að óheimilt sé að víkja frá I. kafla laganna ef það leiðir til lakari stöðu fyrir váttryggðan eða aðra kröfuhafa á félagið. Er þar af leiðandi aðilum frjálst að semja sig frá ákvæðum laganna váttryggðum aðila í hag,²⁵ auk þess sem váttryggingarfélagi er heimilt að gera breytingar á váttryggingarskilmálum á váttryggingartímabilinu ef það er til hagsbóta fyrir váttryggingartaka, samanber ákvæði 16. gr. vsl.

Í 2. mgr. 3. gr. vsl. er þó að finna sérákvæði er varða frávikjanleika laganna ef váttryggingartaki hefur með höndum atvinnurekstur og uppfyllir ákveðin skilyrði um starfsemi, stærð og mannafla. Felur ákvæðið í sér að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. laganna er þessum aðilum heimilt að semja sig frá ákvæðum I. kafla laganna, þó að frátöldum ákvæðum 46. gr. vsl.

Til þess að geta áttað sig á því hvort váttryggingarsamningar standist ákvæði laganna skiptir máli að gera sér nákvæmlega grein fyrir hvert efni þeirra er. Í kjölfarið er þá hægt að bera samninginn eða tiltekin ákvæði hans saman við ákvæði laganna og sjá þá hvort samningurinn veiti betri eða verri rétt til handa váttryggðum eða kröfuhafa félagsins. Reynist ákvæði sammingsins veita váttryggðum minni vernd ganga ákvæði laganna framur samningnum en ef um ríkar vernd til handa váttryggðum er að ræða gildir ákvæði sammingsins framur lögnum. Er því mikilvægt að ákvæði váttryggingarsammings sé túlkað með réttum hætti til þess að slíkur samanburður sé byggður á réttum forsendum. Verður nú vikið nánar að túlkun váttryggingarsamninga.

2.2.2. Túlkun váttryggingarsamninga

Þegar sérreglum váttryggingarréttar sleppir eru það reglur samninga- og kröfuréttar sem gilda meðal annars um túlkun samninga og er því óhjákvæmilegt að líta til þeirra reglna við túlkun

²⁵ sama heimild, athugasemdir við 1. mgr. 3. gr.

á váttryggingarsamningum.²⁶ Fyrst er tekin afstaða til samningsins eða einstaka ákvæða hans eftir orðum hans og jafnvel atriði í aðdraganda samningsgerðar og í kjölfarið er reynt að ákvarða hver réttaráhrif samningsins eru á grundvelli réttarreglna og annarra réttarheimilda. Oft er það þó þannig að réttaráhrif samningsins hafa verið fyrirfram ákveðin í samningnum sjálfum.²⁷

Við skýringu váttryggingarsamninga hefur almennt verið notast við hlutlæga nálgun enda slíkt almennt gert þegar um jafn einhliða samninga er að ræða og í því tilfalli þegar váttryggingarfélag semur að verulegu leiti ákvæði váttryggingarsamnings þess við váttryggingartaka. Váttryggingartaki hefur þannig í raun lítið um efni samningsins að segja og því erfitt að komast að því hver huglæg afstaða hans er við samningsgerðina.²⁸ Yfirlitt hafa samtöl og bréfaskrif milli váttryggingarfélags og váttryggingartaka ekki mikið vægi við túlkun samninga. Þó geta slík samskipti skipt máli og þá sérstaklega ef um er að ræða deilur sem snúa að atriðum sem aðilar hafa samið sérstaklega um, líkt og kom til álita í **Hrd. 8. febrúar 2001 í máli nr. 343/2000.**²⁹ Í því máli hafði verið bætt við í viðauka við váttryggingasamninginn að váttryggingin tæki einnig til þeirra vara sem váttryggingartaki hafði í upp- og útskipun. Var það metið félaginu í óhag að hafa ekki afmarkað gildissviðið frekar og var því bótaskyld þegar rækjufarmur skemmdist í frystigámi. Geta slík samskipti skipt máli, sem dæmi ef álitamál kemur upp um gildissvið váttryggingarinnar, váttryggingarfjárhæð eða ef samið hefur verið sérstaklega um útreikning bótafjárhæðar. Einstaklingsbundin ákvæði í hinum stöðluðu samningsskilmálum ganga þar af leiðandi að jafnaði framur almennum skilmálum samningsins.³⁰ Er það í samræmi við almennu lögskýringarregluna um *lex specialis*, en samkvæmt henni ganga sérreglur framur almennum ákvæðum laga,³¹ og má því ætla að sú lögskýringarregla gildi einnig um túlkun staðlaðra samninga, þar á meðal váttryggingasamninga. Í váttryggingarskilmála F+4 fjölskyldutryggingar hjá VÍS³² er, sem dæmi, skýrt tekið á því ef ósamræmi er í gögnum váttryggingarsamningsins eða milli samningsins og laga um váttryggingarsamninga en þar segir:

Ákvæði í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

²⁶ Eiríkur Jónsson (n. 7) 27.

²⁷ sama heimild 173.

²⁸ sama heimild 177.

²⁹ sama heimild 183.

³⁰ Páll Sigurðsson, *Samningaréttur : yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar* (Orator 1987) 161.

³¹ Davíð Þór Björgvinnsson, *Lögskýringar* (Háskólinn í Reykjavík ; JPV útgáfa 2008) 231.

³² VÍS, „F+4 Fjölskyldutrygging, nr. GH25“ <http://vis.is/media/1273/gh25_-_fp1%C3%BA%4.pdf> skoðað 30. apríl 2016.

Er af þessu ljóst að váttryggingarskírteinið gengur framur ef misræmi kemur upp milli þess og ákvæða skilmálanna. Þá gildir váttryggingarsamningurinn í heild framur frávikjanlegum ákvæðum þeirra laga sem kæmu til skoðunar við úrlausn ágreiningsefna sem upp gætu komið. Leiðir þetta til þess að hafi verið samið um tiltekinn útreikning á bótafjárhæð eða bundið váttryggingarverð í váttryggingarsamningi þá byggist sú heimild á 1. mgr. 35. gr. vsl. og því heimilt að víkja frá þeirri meginreglu að váttryggður eigi rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt. Er váttryggður í því að fá fjártjón sitt að fullu bætt í samræmi við ákvæði váttryggingarsamningsins sem hann gekkst við.

Þegar um einhliða skilmála sem þessa er að ræða eru ákvæði sem eru augljóslega þvingjandi fyrir tryggingartaka almennt túlkuð með þröngri skýringu. Er það í samræmi við *andskýringarregluna* en í henni felst að ef ákvæði í einhliða samningum eru umdeilanleg eða óljós að einhverju leyti skulu þau túlkuð þeim í óhag sem samdi þau. Meginrökkin fyrir þessari reglu er sú að váttryggingafélag, sem semur sjálft váttryggingaskilmála sína einhliða hefur alla jafna tök á að orða ákvæði skilmálana betur svo ekki komi til ágreinings um túlkun.³³ Hefur andskýringarreglan þar af leiðandi mjög mikla þýðingu í váttryggingarétti og verða váttryggingafélögin því að bera hallan af því ef orðalag ákvæða í skilmálum þeirra eru ekki nægjanlega skýr³⁴ en það getur leitt til þess að atvik sem alla jafna ættu ekki að falla undir váttrygginguna yrðu skýrð félaginu í óhag og þar af leiðandi lagt bótaskyldu á félagið. Sömu túlkunaraðferð hefur verið beitt meðal annars í norskum rétti en í frumvarpi með 6-1. gr. norskra laga um váttryggingasamninga segir að ef samningur er óskýr verði að líta til meginreglna samningaréttarins um að túlka verði þeim aðila í óhag sem gerði samninginn, það er váttryggingafélaginu í þessu tilfalli.³⁵ Er andskýringarreglan einnig lögfest regla í íslenskum rétti með 36. gr. b. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936³⁶ en í þeirri grein segir orðrétt:

Skriflegur samningur, sem atvinnurekandi gefur neytanda kost á, skal vera á skýru og skiljanlegu máli. Komi upp vafi um merkingu samnings sem nefndur er í 1. mgr. 36. gr. a skal túlka samninginn neytandanum í hag.

Með 1. mgr. 36. gr. b. er þar af leiðandi verið að lögfesta þá túlkunaraðferð sem beita skal ef um óskýra samninga er að ræða sem samdir hafa verið af öðrum aðilanum og skal sú regla því ganga framur öðrum túlkunarreglum sem annars gætu gilt um túlkun þessa samnings.³⁷ Er

³³ Páll Sigurðsson (n. 30) 57.

³⁴ Eiríkur Jónsson (n. 7) 184.

³⁵ Lov om avtaler om skadeforsikring júní 1987 nr. 24 1987, athugasemdir við gr. 6-1.

³⁶ Hér eftir nefnd sml.

³⁷ Alþt. 1994, A-deild, þskj. 102-99. mál, athugasemdir við 3. gr.

Þetta einnig í samræmi við 1. mgr. 4. gr. vsl. en samkvæmt þeirri grein skal váttryggingarfélag veita nauðsynlegar upplýsingar til hugsanlegs váttryggingartaka áður en hann tekur váttrygginguna svo hann geti gert sér grein fyrir og metið þá vernd sem váttryggingin veitir. Er með þessu í raun lögð sú skylda á váttryggingarfélag að upplýsa sérstaklega um það sem fram kemur í „smáa letrinu“ og er undanskilið váttryggingu, enda er váttryggingartaki að leita sér tiltekinna verndar með því að taka slíka tryggingu og verður að vera upplýstur af félögunum ef tiltekin atriði falla utan gildissviðs þeirrar váttryggingar sem hann hyggst taka.³⁸ Í **Hrd. 23. janúar 2003 í máli nr. 376/2002** var niðurstaðan í samræmi við þessar túlkunarreglur samningaréttarins. Í því máli hafði váttryggður keypt svokallaða Al-kaskótryggingu hjá VÍS, en gildissvið hennar átti að vera mjög víðtækt og taka til tjóns sem verður vegna þess ef ökutæki veltur, hrapar, er ekið út af vegi og fleira. Lenti váttryggður í því að bifreiðinni var ekið nálægt árbakka með þeim afleiðingum að bakkinn lét undan og bifreiðin lenti í ánni. VÍS taldi atvikið ekki falla undir gildissvið váttryggingarinnar. Váttryggingartaki byggði hins vegar kröfu sína meðal annars á eftirfarandi rökstuðningi:

Af hálfu stefnanda er vísað til þess að í auglýsingum hafi stefndi kynnt Al-kaskó sem húftryggingu bifreiða með „mjög víðtækt gildissvið“. Í 1. gr. váttryggingarskilmála nr. BK10 séu taldar upp þær áhættur sem tryggingin tekur til. Af hálfu stefnanda er talið augljóst með hlíðsjón upptalningu 1. gr. skilmálanna að það tjónstilvik sem um ræðir falli undir veltu-hrap-útafakstur og/eða hrun/flóð. Einnig þyki ljóst að þær undantekningar frá 1. gr. sem fram komi í 3. gr. skilmálanna beri að skýra þröngt og beri stefndi sönnunarbyrðina í öllu tilliti um að ákvæðið eigi við. Einnig sé ljóst að túlka beri skilmálana stefnanda í hag, sbr. 36. gr. b. samningalaganna nr. 7/1936.

Í niðurstöðu héraðsdóms, sem staðfest var af Hæstarétti, féllst rétturinn á rök stefnanda að tilvikið væri þess eðlis að það félli undir skilgreiningu á 1. gr. váttryggingarskilmálanna. Bar váttryggingarfélaginu því að greiða váttryggðum fullar bætur á grundvelli váttryggingarsamningsins.

Önnur skýringarregla sem hefur nokkra þýðingu við skýringu á váttryggingarsamningum er *markmiðsskýring* en með þeirri reglu er átt við að skýra verði samninginn í samræmi við markmið hans. Váttryggingarsamningar geta haft mismunandi markmið í hverjum samning en ljóst er að eitt helsta markmið þeirra er að váttryggja tiltekna hagsmuni váttryggingartaka³⁹ og draga þannig úr fjárhagslegri áhættu hans verði hann fyrir tjóni. Má þannig segja að annað markmið váttrygginga er að gera váttryggingartaka eins settan fjárhagslega og hann hefði ekki orðið fyrir tjóni, líkt og farið var í nánar í umfjöllun um

³⁸ Eiríkur Jónsson (n. 7) 127.

³⁹ sama heimild 187.

vátryggingarskilmála vátryggingarfélaganna. Þá getur það einnig talist vera markmið tiltekinna ákvæða vátryggingarsamningsins að takmarka ábyrgð og bótagreiðslur til vátryggðs aðila séu tiltekin skilyrði uppfyllt. Þrátt fyrir það ber að nefna að markmiðsskýring myndi að öllu jöfnu vika fyrir hinni lögfestu andskýringarreglu samningalaga.

Þegar skoðuð eru þau ákvæði vátryggingarskilmála sem helst koma til skoðunar við ákvörðun bótafjárhæðar út frá þeim túlkunarreglum sem komið var að hér að ofan er ljóst að gera verður greinarmun á þeim ákvæðum sem vátryggingartaki kemur að við samningsgerð annars vegar og hins vegar þeim ákvæðum sem eru einhliða samin af vátryggingarfélagi.

Það sem helst reynir á við aðstæður þar sem vátryggingartaki kemur að gerð samningsins er vátryggingarfjárhæðin en auk þess hvíla ýmsar skyldur á vátryggingartaka að gefa vátryggingarfélagi nauðsynlegar upplýsingar sem geta haft áhrif á greiðslu bóta úr vátryggingunni. Hér má sem dæmi nefna breytingu á lögheimili eða búsetu vátryggingartaka. Í þessum tilfellum reynir á að leiða vilja samningsaðilanna í ljós og geta þá samtöl og bréfaskriftir milli vátryggðs og vátryggingarfélags komið til skoðunar.

Orðalag skilmálanna getur skipt miklu máli og þá sérstaklega þegar reynir á ákvæði sem félagið hefur samið einhliða. Sem dæmi um slíkt er tilgreining á því hvaða eignir vátryggðra falli undir trygginguna, hvort um sé að ræða heimild til afskrifta eða ákvörðun bóta að öðru leyti, hafi ekki verið um ákveðna vátryggingarfjárhæð að ræða. Reyndi á túlkun á slíku ákvæði í **Hrd. 27. janúar 2011 í máli nr. 349/2010** en í vátryggingarsamningi hafði verið samið um hvernig skyldi bæta alþjón úr kaskótryggingu bifreiðar hjá TM. Í 17.1 gr. skilmála tryggingarinnar segir að greiða beri markaðsvirði ökutækisins miðað við staðgreiðslu, sbr. 15. gr. skilmálanna. Í 15.1 gr. segir svo meðal annars:

Vátryggingarverðmæti ökutækisins er ávallt markaðsvirði þess, en það er sú fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri eða gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu.

Í niðurstöðu meirihluta Hæstaréttar segir svo um túlkun á ofangreindu ákvæði skilmálanna:

Hér er um að ræða staðlaða samningsskilmála sem stefndi notar í atvinnustarfsemi sinni. Þá liggur fyrir að áfrýjandi hefur, í lögskiptum sínum við stefnda, réttarstöðu neytanda samkvæmt 1. mgr. 36. gr. b. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, en samkvæmt ákvæðinu ber að túlka skriflegan samning neytanda í hag, komi upp vafi um merkingu hans. Við túlkun á orðunum „sú fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri eða gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi“ verður að hafa í huga að ekki er vísað til þess hvað unnt hefði verið að fá á markaði innanlands fyrir bifreiðina sjálfa, sem vátryggð var, óskemmda á tjónsdegi, heldur sambærilega bifreið.

Þegar ákvæði váttryggingarskilmála er orðað með þessum hætti, það er, ekki er um tæmandi talningu að ræða, verður að skýra það til samræmis við markmið þess.⁴⁰ Í tilfalli framangreinds ákvæðis í skilmálum TM telur Hæstiréttur að markmið ákvæðisins sé:

... að gera váttryggingartaka kleift að afla sé annarrar eins bifreiðar fyrir bætunar sem hann fær fyrir þá váttryggðu sem skemmist, enda má telja að markmið neytanda sem kaupir sér húftryggingu fyrir bifreið sína sé einmitt að geta ráðstafað váttryggingabótunum á þennan hátt.

Var þar af leiðandi niðurstaða dómsins að túlka bæri ákvæði skilmálans á þann hátt að miðað sé við verð á hlutum sjálfum sem skemmdist, eftir að hans hafi verið aflað erlendis og fluttur til landsins. Bar TM því hallan af óskýru ákvæði skilmálanna og bar að greiða váttryggðum bætur sem námu enduröflunarverði eins ökutækis ásamt kostnaði við að flytja það til landsins.

Í öðrum tilfellum getur orðalag váttryggingarskilmála félaganna verið á þann hátt að um tæmandi talningu á atvikum eða hlutum sé að ræða. Sem dæmi um slíkt ákvæði má nefna ákvæði 4.8.2 í áðurnefndum skilmálum F+4 fjölskylduþryggingar hjá VÍS, en þar segir:

Váttryggingin bætir ekki tjón:

4.8.2 Á verkfærum, gleraugum, heyrnartækjum og úrum sem verður vegna brots eða hruns.

Af orðalagi ákvæðisins er ljóst að skýra ber ákvæðið á þann veg að um tæmandi talningu sé að ræða og hefur félagið því ekki heimild til þess að hafna bótaábyrgð með vísan í þetta tiltekna ákvæði skilmálanna ef tjón verður á annars konar munum eða á grundvelli annarra atvika heldur en tilgreind er í ákvæðinu, jafnvel þótt um sambærilega hluti eða sambærileg atvik sé að ræða.⁴¹ Sömu túlkun má nota er skýra á 4. gr. skilmála fjölskylduverndar 3 hjá Sjóvá⁴² en í þeirri grein er fjallað um ákvörðun bótafjárhæðar.

hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefur greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins váttryggða. Bætur greiðast á grundvelli verðs á nýjum hlutum. Frádráttur vegna aldurs og notkunar kemur því aðeins til greina, að notagildi hlutanna hafi minnkað verulega fyrir váttryggðan. Þegar um er að ræða bætur vegna eftirtalinna muna hefur félagið heimild til þess að stýðjast við eftirfarandi afskriftarreglur:

Afskriftarreglur:	Ár án aldurs frádr.	Eftir það ári. frádr.
Fatnaður fullorðinna	1 ár	20%
Fatnaður barna	1 ár	30%
Hljómflutningstæki, sjónvörp og útvörp	2 ár	10%
DVD og Blue-Ray spilarar og upptökuvélar	1 ár	20%
Tölvur og símar	1 ár	20%
Önnur rafmagnstæki	1 ár	10%
Myndavélar	2 ár	10%
Reiðhjól	1 ár	20%
Skiða- og viðlegubúnaður	1 ár	20%
Bátar	1 ár	10%
Sérgreindir tómsundamunir	1 ár	10%

Skjaskot úr 4. gr. skilmála Fjölskylduverndar 3 hjá Sjóvá. Dæmi um tæmandi talningu.

Segir í ákvæðinu að bætur skuli nema verðmæti á nýjum hlut, samskonar þeim sem varð fyrir tjóni eða fórst, óháð aldri og notkun, nema notagildi hlutarins hafi rýrnað. Undantekningu frá því er að finna í ákvæðinu en tilgreindir eru tilteknir hlutir sem rýrna um tiltekið hlutfall af verði eftir aldri, samanber meðfylgjandi skjáskot. Er því ákvæði um slíka rýrnun íþyngjandi

⁴⁰ sama heimild 182.

⁴¹ sama heimild 183.

⁴² Sjóvá, „Fjölskylduvernd 3, nr. 204“ <<http://www.sjova.is/files/skilmalar/SKI-0033.pdf>> skoðað 15. febrúar 2016.

fyrir váttryggingartaka og því ekki hægt að túlka ákvæðið með rúmri lögskýringu og fella undir ákvæðið hluti sem ekki eru sérstaklega tilgreindir í þeirri upptalningu sem þar kemur fram. Hafi þannig hlutir í eigu váttryggðs aðila samkvæmt skilmálunum orðið fyrir tjóni og þeir eru ekki sérstaklega taldir upp í fyrrgreindu ákvæði skilmálanna, ber félaginu að bæta þá á grundvelli verðmætis á nýjum sambærilegum hlutum.

Af framansögðu sést að það getur skipt máli hvort váttryggingartaki komi að samningu ákvæða váttryggingarsamnings þegar kemur að túlkun á efni samningsins. Þegar um slíkt er að ræða ber að túlka ákvæði samningsins í samræmi við vilja hvors aðila um sig og væntinga við samningsgerðina. Geta þá komið til skoðunar samskipti og bréfaskriftir milli váttryggingartaka og váttryggingarfélags sem urðu til í aðdraganda samningsins milli þeirra. Reyni hins vegar á ákvæði skilmálanna sem váttryggingarfélag hefur samið einhliða ber að skoða ákvæðin með hliðsjón af markmiði þeirra og orðalagi, það er, hvort miðað sé við markmiðsskýringu eða hvort um tæmandi talningu á hlutum og/eða atvikum sé að ræða og miða túlkun út frá þeirri greiningu á ákvæðinu. Að lokum skal þó ítreka hina lögfestu andskýringarreglu 1. mgr. 36. gr. b sml. um að vafaatriði skuli túlka þeim í óhag sem hefur samið þau einhliða.

Eru þetta því allt atriði sem verður að skoða í hverju tilfalli fyrir sig þegar ágreiningur kemur upp um ákvörðun bótafjárhæðar vegna tjóns á hlut sem vafi er á hvort falli undir gildissvið váttryggingarinnar, hvort heimild sé til afskrifta eða við mat á því hvert raunverulegt tjón váttryggðs aðila er og hvort váttryggður eigi þá rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt.

2.3. Sönnun á efni samnings og tjóni váttryggðs

Með hugtakinu *sönnun* er átt við að færð séu slík rök fyrir tiltekinni fullyrðingu eða sýnt fram á með öðrum hætti að hvaða einstaklingur sem er geti sannfærst um að fullyrðingin sé rétt. Er þar af leiðandi með sönnun verið að sýna fram á að eitthvað sé satt eða að eðlilegt sé að aðilar sannfærast um að eitthvað sé satt með þeim rökum sem lögð hafa verið fram. Í hefðbundnum samskiptum manna á milli er hægt að draga í efa sannleiksgildi frásagnar sem kemur frá öðrum aðilanum. Ef aðilarnir eru hins vegar sammála um atvik rennir það styrkari stoðum undir að atvik hafi raunverulega orðið með þeim hætti.⁴³ Enn sterkari gögn til að sýna fram á sönnun væru til dæmis tölvupóstsamskipti milli aðilanna, ljósmyndir af vettvangi, matsgerðir dómkvaddra matsmanna eða annað sem sýnir hvernig atvik æxluðust án þess að hægt sé að draga þau í efa. Í **Hrd. 23. janúar 2003 í máli nr. 376/2002**, sem áður hefur verið komið að,

⁴³ Einar Arnórsson, *Dómstólar og réttarfar á Íslandi / eftir Einar Arnórsson* (JóhJóhannesson 1911) 433.

voru meðal annars lagðar til grundvallar ljósmyndir af vettvangi. Á þeim mátti sjá vegslóða, sem studdi framburð váttryggðs um að ekki hefði verið ekið eftir fjörum eða öðrum vegleysum. Sýndu myndirnar þar af leiðandi að háttsemi váttryggðs félli ekki undir undanþáguákvæði váttryggingarskilmálanna.

Segja má að sá aðili sem hefur hagsmuni af því að sannfæra dómara um tiltekið atriði beri sönnunarbyrðina fyrir því og ber einnig hallann af því ef staðhæfing telst ekki sönnuð. Takist sönnun af hálfu þess sem heldur tiltekinni staðhæfingu fram getur hins vegar sönnunarbyrðin snúist við og hallar þá á mótaðila að sanna að atvik hafi ekki verið með þeim hætti sem haldið er fram, sbr. 121. gr. eml.⁴⁴ Sá sem ber sönnunarbyrðina í hverju tilfelli fyrir sig verður þannig að bera hallann af því ef sönnun hefur ekki tekist um tiltekin atriði. Er það þar af leiðandi í höndum tjónþola, eða þess sem gerir kröfu á hendur váttryggingarfélagi að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni, hvert tjónið sé og að það falli undir efni váttryggingarsamningsins. Að auki getur tjónþoli þurft að sanna sök váttryggðs ef hann ætlar að gera kröfu úr ábyrgðartryggingu viðkomandi. Ef tjónþola tekst ekki að sanna þessi atriði verður váttryggingarfélagið ekki gert bótaskylt gagnvart honum.⁴⁵ Takist tjónþola hins vegar sönnun er það í höndum þess váttryggingarfélags sem krafan beinist gegn að sanna að það sé ekki bótaskylt, þrátt fyrir rökfærslur tjónþola. Sönnun getur þar af leiðandi verið mismunandi eftir þeim álitafnum sem á reynir auk þess sem sönnunarbyrðin getur færst á milli aðila eða mismiklar kröfur gerðar til sönnunar eftir því hver á í hlut. Sést þetta skýrt í **Hrd. 7. nóvember 1983 í máli nr. 59/1981** en þar lenti X í tjóni við vinnu sína og gerði bótakröfur á hendur samverkamanni sínum og vinnuveitanda sínum. Í dóminum segir:

Þegar virt er, hvernig sönnunarbyrði horfir hér við, og svo hitt, hve sönnunargögn eru ótraust og af skornum skammti, þykir ekki verða fullýrt, að aðaláfrýjandinn [samverkamaðurinn] ... hafi valdið gagnáfrýjandanum [tjónþola] heilsutjóni því, sem um ræðir í málinu, með saknæmum hætti." Var samverkamaðurinn því sýknaður af bótakröfu. Um ábyrgð atvinnurekandans segir hins vegar: „Af hálfu ... Eimskipafélags Íslands h/f var ekki hlutast til um opinbera rannsókn á orsökum slyssins ... Má ætla, að sú vanræksla valdi því, hversu mjög skortir á fullnægjandi vitneskju um málsatvik. Verður ... Eimskipafélag Íslands h/f að bera hallann af því.“⁴⁶

Í málinu var þannig sönnunarbyrðinni beitt með mismunandi hætti eftir því hvort samstarfsmaður tjónþola átti í hlut eða vinnuveitandi hans. Var þannig meginreglunni um sönnunarbyrði beitt gagnvart samstarfsmanninum en vikið frá henni gagnvart vinnuveitanda

⁴⁴ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Codex 2005) 208.

⁴⁵ Amljótur Björnsson, „Sönnun í skaðabótamálum“ 3
<http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=000501567> skoðað 3. apríl 2016.

⁴⁶ sama heimild 11.

þar sem hann hafði ekki tilkynnt tjónið og óskað eftir að opinber rannsókn færi fram. Var því lögð bótaskylda á vinnuveitandann.⁴⁷

Komi upp ágreiningur um tiltekin ákvæði váttryggingarsamnings eða með hvaða hætti atburður varð og hvert raunverulegt fjártjón varð þurfa aðilar að vera reiðubúnir að sýna fram á að atvik hafi verið með þeim hætti sem haldið er fram. Getur slík sönnun verið forsenda þess að váttryggður fái greiddar bætur út úr váttryggingu og að fjárhæðin nemi fullum bótum fyrir það fjártjón sem hann varð fyrir. Þar af leiðandi er mjög mikilvægt að sannanlega hafi verið leitt í ljós hvernig tjón váttryggðs bar að og einnig hvert efni váttryggingarsamningsins er. Þegar slíkrar sönnunar hefur verið aflað hefst vinna við túlkun samningsins sem leiðir þá í ljós hvort hið sannaða tjón falli undir gildissvið váttryggingarinnar og hvort hið sannaða efni samningsins leiði til fulls bótaréttar váttryggðs.

Í 1. mgr. 44. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991⁴⁸ segir: „Dómari sker úr því hverju sinni eftir mati á þeim gögnum sem hafa komið fram í máli hvort staðhæfing um umdeild atvik teljist sönnuð.“ Samkvæmt ákvæði þessarar greinar er það í höndum dómara að meta hvort þær fullyrðingar sem haldið er fram í máli teljist nægjanlega sannaðar til að hægt sé að ákveða um bótaskyldu. Þegar váttryggður aðili verður fyrir tjóni er hins vegar ferlið á þá leið að hann tilkynnir tjónið inn til síns váttryggingarfélags. Innan félagsins er síðan metið á grundvelli þeirrar tilkynningar og annarra gagna sem gætu hafa borist félaginu hvort nægjanleg sönnun hafi verið færð fram fyrir því með hvaða hætti tjónið varð, hvert raunverulegt fjártjón váttryggðs er og hvort atburður falli undir skilmála viðeigandi váttryggingar. Það eru þar af leiðandi starfsmenn félaganna sem taka að sér hlutverk dómara á þessu stigi málsins og ákvarða bótaskyldu með hliðsjón af skilmálunum. Ljóst er að þeir starfsmenn þurfa að gæta samræmis í úrlausnum sínum og því æskilegt að þeir hafi úrlausnir dómstóla til hliðsjónar. Ef váttryggður telur mat félagsins á gögnunum ekki á réttum rökum byggt eða rangt af öðrum ástæðum getur hann farið með mál sitt fyrir viðeigandi úrskurðarnefndir eða til dómstóla og gildir þá tilvísuð meginregla 1. mgr. 44. gr. eml. um frjálst sönnunarmat dómara.

Líkt og áður sagði snýr sönnun á sviði váttryggingarréttar helst að efni samningsins annars vegar og umfangi tjónsins hins vegar. Verður nú farið nánar í hvort atriði fyrir sig.

⁴⁷ sama heimild.

⁴⁸ Hér eftir nefnd eml.

2.3.1. Sönnun um efni samningsins

Eins og nánar verður vikið að í fjórða kafla í tengslum við umfjöllun um skilmála váttryggingarfélaganna, þá samanstanda váttryggingarsamningar af þrenns konar skjölum. Váttryggingarsamningnum, váttryggingarskilmálum og váttryggingarskírteini. Til þess að váttryggður geti sótt bætur í váttryggingu sína verðu hann að geta sýnt fram á að tjón hans falli undir gildissvið váttryggingarinnar. Er því mikilvægt að sönnun hans takist enda markmið váttryggingar að takmarka áhættu váttryggðs á tjóni sem hann verður fyrir. Í **dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1777/2011** snéri ágreiningur aðila að því hvort váttryggingarsamningur hafði komist á milli aðila, en váttryggingafélagið höfðaði mál til greiðslu iðgjalda á grundvelli váttryggingarsamnings sem gagnaðili taldi að ekki hefði komist á og ætti því ekki að greiða iðgjald af þeim sökum. Í forsendum dómsins segir:

Þrátt fyrir þetta er það niðurstaða dómsins að stefnandi hafi ekki, gegn eindreginni neitun stefnda, tekist full sönnun þess að samningur hafi komist á milli aðila um kaup á umdeildum tryggingum. Verður í viðskiptum aðila að gera ríkar kröfur til stefnanda, sem er tryggingarfélag, varðandi samningagerð við tryggingartaka og að hann hlutist til um frágang gagna um efni og gerð samninga. Ber stefnandi hallann af því að svo var ekki gert með nægilega tryggum hætti í þessu tilviki.

Var því litið svo á að jafnvel þó mótaðili hafi ekki mótmælt greiðsluskyldu sinni hvað varðar iðgjald fyrr en mál var höfðað gegn honum hvíldi sönnunarbyrðin hjá váttryggingafélaginu sem þurfti að sýna fram á að samningur hafi komist á. Það tókst hins vegar ekki og var stefndi því sýknaður af kröfu félagsins.

Í þeim tilfellum þegar ágreiningur snýr ekki að því hvort samningur hafi komist á, getur reynt á hvert efni samningsins er. Hvíllir sönnunarbyrðin þá á þeim sem heldur því fram að efni váttryggingarsamningsins sé annað en það sem leiða má af skjölum samningsins. Viðkomandi, hvort sem það er váttryggður, váttryggingarfélag eða þriðji aðili hefur þar af leiðandi sönnunarbyrðina fyrir því að efni samningsins sé með öðrum hætti en leiða má af orðalagi hans.⁴⁹ Er orðalag samnings almennt skýrt í samræmi við almenna málnotkun, en aðili hans sem heldur því fram að skýra eigi orðalag samningsins á annan hátt ber sönnunarbyrðina fyrir að slík skýring eigi við í því tilfalli.⁵⁰ Í þeim váttryggingarskilmálum heimilis- og fjölskyldutrygginga sem skoðaðir eru við gerð þessarar ritgerðar er meðal annars gert það skilyrði fyrir bótaskyldu úr innbúskaskótryggingu félaga að „[t]jónið [skuli] eiga rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á

⁴⁹ Eiríkur Jónsson (n. 7) 175.

⁵⁰ sama heimild 178.

vátryggingartímabilinu.⁵¹ Í úrskurði Úrskurðarnefndar í vátryggingarmálum⁵² nr. 156/2012 var kröfu vátryggingartaka hafnað þar sem ekki hafði verið sýnt fram á með hvaða hætti tjónið varð. Sagði meðal annars í álitni nefndarinnar:

Miðað við fyrirleggjandi gögn þá hefur ekki verið sýnt fram á að umrætt tæki hafi orðið fyrir skyndilegu og utanaðkomandi atviki sem er forsenda bótaskyldu sbr. grein 4.1. í vátryggingaskilmálum þeim sem hér ræðir um.

Bar vátryggingartaki sönnunarbyrðina fyrir því hvað hefði komið fyrir. Það tókst ekki og skilyrðum vátryggingarinnar hvað varðar bótaskyldu þar af leiðandi ekki fullnægt og kröfu vátryggingartaka því hafnað. Í **Hrd. 19. desember 2002 í máli nr. 317/2002** reyndi á hvort sannað teldist að vátryggingartaki hafi tilkynnt vátryggingarfélaginu um aðsetursskipti. Í dómi Hæstaréttar segir:

Í 17. gr. skilmála fyrir hina samsettu lausafjár- og rekstrarstöðvunartryggingu er tekið fram að vátryggingin nái aðeins til tjóns sem verði á þeim stað sem skírteini tilgreinir. Sá staður var Laugavegur 3, Reykjavík. Enda þótt fram sé komið í málinu að hringt hafi verið frá stefnda til áfrýjanda 7. júní 2001, sama dag og stefndi kveðst hafa flutt starfsemina að Bíldshöfða 16, er það engin sönnun þess að stefndi hafi tilkynnt áfrýjanda um aðsetursskipti. Er því ekkert fram komið til stuðnings þeirri fullyrðingu stefnda að skírteinið hafi átt að tilgreina Bíldshöfða 16 sem vátryggingarstað. Verður því tekin til greina krafa áfrýjanda um sýknu að þessu leyti.

Í þessu máli var ákvæði skilmálanna skýrt. Ágreiningurinn snéri hins vegar að því hvort vátryggingartaki hafi tilkynnt um aðsetursskipti með sannanlegum hætti. Ekki dugði að hafa tilkynnt símleiðis um flutning starfseminnar heldur þurfti vátryggingartaki að tryggja að hið nýja heimilisfang væri skráð á vátryggingarskírteinið. Sönnun um að tilkynning hafi borist félaginu um aðsetursskipti vátryggingartaka tókst ekki og vátryggingarfélagið þar af leiðandi sýknað af kröfu vátryggingartaka.

Af framansögðu má sjá að sönnun og sönnunarbyrði varðandi efni og gildissvið vátryggingarsamnings getur verið misjöfn og mis miklar kröfur gerðar til hvors aðila eftir því hver ágreiningurinn er í hverju tilfalli fyrir sig. Ef enginn ágreiningur er til staðar um efni samnings, hann annað hvort ekki til staðar eða leyst hefur verið úr honum, þá verður vátryggingartaki eða tjónþoli að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni, með hvaða hætti það bar að og hvert fjártjón hans er.

⁵¹ Sjóvá, „Fjölskylduvernd 3, nr. 204“ (n. 42), 10. gr.

⁵² Hér eftir nefnd ÚV.

2.3.2. Sönnun á tjóni

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. vsl. á váttryggður rétt á fullum bóttum fyrir fjártjón. Það er í höndum váttryggðs að sýna fram á tjón sitt, sbr. **Hrd. 25. mars 1999 nr. 420/1998** en í dómnum er kveðið skýrt á um sönnunarbyrði á tjóni sem váttryggður verður fyrir en þar segir:

Á hinn bóginn leggur Hæstiréttur þá skyldu á herðar stefnanda að sanna umfang tjóns síns, sbr. 22. gr. vsl. m.a. með því að verðsetja þá muni, sem glötuðust við innbrotið svo og þá muni, sem eftir voru skildir í húsinu og þá er síðar fundust.

Gat váttryggður ekki sýnt fram á hvaða hlutir hefðu farið forgörðum en hann ber sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi orðið fyrir því fjártjóni sem hann hélt fram í málinu. Þegar kemur hins vegar að því að ákvarða hvaða fjárhæð skuli miða við þegar verðmæti hlutarins er metið eða hvaða reiknireglu skuli beita, getur sönnunarbyrðin um váttryggingarverðmætið ýmist hvílt á váttryggingarfélagi eða váttryggðum.⁵³ Er úrskurður ÚV nr. 156/2012, sem vikið var að hér að framan, einnig í samræmi við fyrrnefndan dóm Hæstaréttar um að sönnunarbyrði á tjóni og umfangi þess hvíli á váttryggðum en í álitum ÚV hafði váttryggður ekki sýnt fram á í hverju skemmdin væri fólgin auk þess sem ekki hafði verið tilgreint sérstaklega hvaða tilvik olli því að tækið skemmdist. Var þar af leiðandi ekki hægt að fallast á bótakröfu váttryggðs úr fjölskyldutryggingu hans.

Þó svo að meginregla skaðabótaréttarins sé sú að tjónþoli þurfi að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni og hvert tjón hans er getur í undantekningartilvikum verið hægt að víkja frá slíkri sönnun. Í sumum tilvikum hefur verið slakað á kröfum um sönnun á umfangi tjóns váttryggðs. Hefur það einkum verið gert ef váttryggðum hefur tekist að sanna tjón sitt en ekki nákvæma fjárhæð þess þrátt fyrir að hafa gert allt sem í hans valdi stóð til þess og teflt fram öllum þeim sönnunargögnum sem hann hafði tök á að afla. Slíkur skortur á sönnunargögnum má þó ekki leiða til þess að tjónþoli fái hærra bætur en ef hann hefði lagt fram þau gögn sem nauðsynleg þóttu. Er það þá á valdi dómstóla að ákvarða bætur að álitum. Þó svo að hér sé um að ræða meginreglu skaðabótaréttarins verður að telja að hún eigi einnig við um ákvörðun bóta í váttryggingarétti, sérstaklega í ábyrgðartryggingum þegar skaðabótaskylda váttryggðs er skilyrði fyrir greiðslu bóta út úr tryggingunni. Í **Hrd. 7. mars 2013 í máli nr. 561/2012** var tekist á um greiðslu bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækja, sem þó er hlutlæg ábyrgðarregla, sbr. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.⁵⁴ Í málinu féllst dómurinn á rök váttryggingafélagsins um að „bætur verði ekki ákvarðaðar að álitum nema fyrir liggja að afar

⁵³ Eiríkur Jónsson (n. 7) 384.

⁵⁴ Hér eftir nefnd ufl.

erfitt eða ómögulegt sé að færa sönnur á raunverulegt tjón.“ Var þar af leiðandi við ákvörðun bóta einungis litið til sannanlegs tjóns tjónpola.

Af framansögðu þykir ljóst að sönnunarbyrðin fyrir því að tiltekinn atburður hafi gerst eða að tjónpóli hafi orðið fyrir tilteknu tjóni hvílir á þeim sem heldur fram þeirri staðhæfingu. Getur þar af leiðandi sönnunarbyrðin verið í upphafi í höndum tjónpola sem krefst bóta frá váttryggingarfélagi og þarf hann að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tilteknu tjóni sem falli undir efni váttryggingarinnar ásamt því hvert fjárhagslegt tjón hans hafi verið vegna þessa. Takist slík sönnun getur sönnunarbyrðin færst yfir á váttryggingarfélagið að sanna að atvik hafi ekki verið með þeim hætti eða að hið sannaða atvik falli ekki undir váttrygginguna. Sama getur átt við um sönnun og ákvörðun bótafjárhæðarinnar. Líkt og fram kom hér í upphafi kaflans þá verður fyrst að byrja á sönnun og í kjölfar þess er farið í túlkun sammingsins.

3. Ákvæði 1. mgr. 35. gr. vsl.

Ákvæði 35. gr. núgildandi vsl. er að finna í VI. kafla laganna en hann ber heitið „Almennar reglur um ábyrgð félagsins“. Er þar átt við ábyrgð váttryggingarfélags á greiðslu bóta til váttryggðs aðila en auk þess er fjallað um hvaða fjárhæð greiða skuli út úr váttryggingunni og hvernig greiðsla skuli fara fram. Ótal mismunandi álitaefti geta komið upp varðandi það hvert raunverulegt fjártjón váttryggðs er þegar atburður verður sem ljóst er að nýtur verndar tiltekinna váttryggingar. Einnig geta komið upp álitaefti er snúa að því með hvaða hætti greiða skuli bæturnar, það er, í formi peningagreiðslu sem nemur fjárhagslegu tjóni váttryggðs eða í formi viðgerðar á þeim hlut sem varð fyrir tjóni. Í skilmálum félaganna er þó sérstaklega tekið fram að félögin hafi ákvörðunarvald um hvora leiðina sé farið við greiðslu bóta ásamt því að minjagildi verði ekki bætt, enda ekki um fjártjón að ræða í skilningi 1. mgr. 35. gr. vsl.⁵⁵ Í 3. mgr. 35. gr. vsl. er kveðið á um að hinn váttryggði geti krafist þess að fá tjón sitt greitt í peningum og þar af leiðandi hafnað því að fá bætur frá félaginu í formi viðgerðar á hinum skemmda hlut. Þó er sá fyrirvari gerður í síðari málslíð þeirrar málsgreinar, ásamt 2. mgr. 35. gr. vsl., að ákvæði þeirra greina gildi þó einungis ef „annað leiðir ekki af váttryggingarskilmálum eða lögum.“

⁵⁵ Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 215-204. mál, athugasemdir í kafla 6.2. um 35. gr.

Í 1. mgr. 35. gr. vsl. er að finna viðmiðunarreglu við ákvörðun um það hvað skuli teljast til fullra bóta fyrir fjártjón vegna munatjóna, en í ákvæðinu segir: „Sé ekki um annað samið í váttryggingarsamningi á váttryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt.“ Í þessari reglu 1. mgr. 35. gr. vsl. felast tvenns konar viðmið. Annars vegar felst í ákvæðinu að váttryggður eigi rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt og hins vegar að váttryggingarfélag og váttryggingartaki hafi svigrúm til að semja sín á milli hvernig ákvarða skuli bætur fyrir tiltekið tjón. Er því meginreglan sú að greiða skuli fullar bætur fyrir fjártjón nema aðilar hafi samið á annan veg.⁵⁶

Verður í þessum kafla ritgerðarinnar farið yfir við hvað er átt með orðtakinu „fullar bætur“ og í kjölfarið skoðað hvort félögin séu að nýta sér heimild 1. mgr. 35. gr. vsl. og semja sérstaklega við váttryggingartaka um tilteknar bætur fyrir tjón.

3.1. Fullar bætur fyrir fjártjón

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. vsl. á tjónþoli rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt. En hvað fellst í því orðalagi ákvæðisins? Í athugasemdum með frumvarpi er varð að núgildandi lögum um váttryggingasamninga kemur fram í umfjöllun um 1. mgr. 35. gr. vsl. að ef ekki hefur verið um annað samið teljist fullar bætur fyrir fjártjón þær bætur sem ber að greiða samkvæmt reglum skaðabótaréttar. Þýðir þetta að hafi ekki verið samið sérstaklega í váttryggingarsamningi váttryggingafélags og váttryggingartaka hverjar fullar bætur séu fyrir tiltekinn hlut eða vegna tiltekins tjóns þá skuli meta fullar bætur með hliðsjón af reglum skaðabótaréttar.

Það getur því verið misjafnt hvað teljist vera fullar bætur fyrir hvert tiltekið tjón og þurft að skýra það í hverju tilviki fyrir sig. Líkt og áður sagði miðast fullar bætur fyrir fjártjón váttryggðs við reglur skaðabótaréttarins hafi ekki verið samið um annað.⁵⁷ Er þannig talað um að tjónþoli hafi fengið fullar bætur fyrir fjártjón sitt ef hann hefur fengið þær bætur sem hann á rétt á að fá á grundvelli skaðabótaréttarins, óháð því hvað honum sjálfum, eða tjónvaldi, finnst um fjárhæð bótanna.⁵⁸

⁵⁶ Eiríkur Jónsson (n. 7) 386.

⁵⁷ sama heimild 388.

⁵⁸ Eiríkur Jónsson, *Bótaréttur I: skaðabótaréttur* (Codex 2015) 446.

Á grundvelli skaðabótaréttarins á tjónþoli rétt á greiðslu bóta í peningum frá tjónvaldi sem nægir til að gera tjónþola eins settan fjárhagslega og ef hann hefði ekki orðið fyrir tjóni.⁵⁹ Hugtakið *tjón* hefur í skaðabótarétti verið skilgreint sem:

... skerðing eða eyðilegging lögvarinna hagsmuna, oftast fjárhagslegra, en í mörgum tilvikum ófjárhagslegra.

Tjónið getur falist í skemmdum eða eyðileggingu á hlut, lausafé eða fasteign.⁶⁰

Þá hefur hugtakið fjártjón verið skilgreint sem „tjón sem metið verður til peninga eftir almennum hlutlægum mælikvarða“.⁶¹ Ef þessar skilgreiningar eru fléttaðar saman má í þessu tilfalli skilgreina fjártjón sem skerðingu eða eyðileggingu á hlut, lausafé eða fasteign sem hægt er að meta til peninga eftir hlutlægum mælikvarða. Er því markmiðið að gera tjónþola eins settan fjárhagslega og ef tjónið hefði ekki komið til.⁶²

Þrátt fyrir að litið sé til skaðabótaréttar í þessu samhengi eru þó bætur samkvæmt váttryggingarlögum ekki skaðabætur í eiginlegri merkingu orðsins heldur er um sammingsbundnar greiðslur að ræða á grundvelli váttryggingarsammings. Greiðsluskylda félagsins stofnast þannig þegar ákveðin atburður verður sem leiðir til tjóns fyrir váttryggðan. Það er þó sérstaklega í tilviki ábyrgðartrygginga sem skilin milli váttryggingarbóta og skaðabóta verða óljós, enda byggist krafa tjónþola á sakarreglunni, sem er grundvöllur fyrir greiðslu skaðabóta.⁶³ Til þess að bætur séu greiddar út úr ábyrgðartryggingu váttryggðs verður hann að hafa bakað sér skaðabótaskyldu samkvæmt reglum skaðabótaréttarins. Er þá tjónþoli, eða þriðji aðili, að sækja bætur í ábyrgðartryggingu váttryggingartaka. Verða þar af leiðandi skilyrði sakarreglunnar að vera uppfyllt svo bótaréttur stofnist úr ábyrgðartryggingu váttryggðs. Á þetta við hvort sem um lögboðnar eða frjálssar ábyrgðartryggingar er að ræða. Sem dæmi hafa fjölmargir eigendur ökutækja skotið málum til Úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir vegna holu í malbiki á götum borgarinnar. Hefur þó bótakröfum þeirra í langflestum tilfellum verið hafnað þar sem ekki er um sök vegarhaldara að ræða. Má sem dæmi nefna álit Úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 49/2015 en þar segir:

Ekki liggja heldur fyrir gögn sem sýna að starfsmenn X hafi vanrækt eðlilega eftirlitsskyldu sína með umræddum vegi þannig að sýnt sé gáleysi þeirra við störf sín. Að þessu sögðu telst ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar

⁵⁹ sama heimild 33.

⁶⁰ sama heimild 29.

⁶¹ sama heimild 53.

⁶² sama heimild 463.

⁶³ sama heimild 34.

sé fullnægt skv. 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 vegna tjóns á bifreið M og á hún því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Gat tjónþoli ekki sýnt fram á sök starfsmanna X og þar af leiðandi bótaskyldu hafnað úr ábyrgðartryggingu X.

Bótakrafa á grundvelli sakarreglunnar getur verið byggð á hvers konar tjóni sem þriðji aðili telur sig hafa orðið fyrir, hvort sem um er að ræða líkamstjón, munatjón, afleitt tjón, eða hvað eina annað, sem váttryggður ber skaðabótaábyrgð á. Er það því í höndum tjónþola að móta bótakröfuna og fjárhæð hennar á hendur váttryggingarfélagi tjónvalds. Ef skoðuð eru ákvæði skilmála frjálsra ábyrgðartrygginga einstaklinga hjá váttryggingarfélagnum⁶⁴ er hvergi að finna ákvæði um ákvörðun bóta á grundvelli váttryggingarinnar, enda ekki um að ræða mat á verðmæti tiltekinn hluta, líkt og í eignatryggingunum, þar sem bótakröfur tjónþola geta verið byggðar á svo margvíslegum grunni.

Sú aðferð sem talin er hafa mesta þýðingu við mat á því tjóni sem tjónþoli hefur orðið fyrir er best lýst með *mismunaraðferðinni*, en í henni fellst að tvær atburðarásir eru bornar saman:

Atburðarásirnar tvær eru annars vegar sú atburðarás sem ætla má að hefði orðið ef hið bótaskylda atvik hefði ekki átt sér stað og hins vegar sú sem verður eftir atburðinn. Það er sú lækkun eða þá missir tekna og/eða þau auknu útgjöld sem tjónþolin verður fyrir, þegar síðarnefnda atburðarásin er borin saman við hina fyrrnefndu, sem telst tjón hans. Tjónshugtakið er þannig skilgreint sem fjárhagslegur mismunur þessara tveggja atburðarása.⁶⁵

Er sambærilegt viðmið við mat á tjóni að finna í norskum rétti en þar byggir fjárhagslegt tjón á muninum á aðstæðum eftir að skaðinn er skeður og aðstæðum hefði tjónið ekki komið til.⁶⁶ Teljast því fullar bætur í skilningi skaðabótaréttar allt sannanlegt fjártjón aðila, en ekkert hámark eða lágmark er að finna á fjárhæð þeirra bóta sem greiddar væru á grundvelli 1. mgr. 35. gr. vsl. og skaðabótaréttarins.

Í bók Viðars Mús Matthíassonar, Skaðabótaréttur, segir orðrétt: „... hefur í skaðabótarétti verið stuðst við reglur váttryggingaréttar um bætur fyrir munatjón. Þær reglur er fyrst og fremst að finna í 37. og 38. gr. laga um váttryggingarsamninga, nr. 20/1954.“⁶⁷

⁶⁴ Sjóvá, „Frjálsábyrgðartrygging fyrir einstaklinga, nr. 131“ <<http://www.sjova.is/files/skilmalar/SKI-0041.pdf>> skoðað 18. apríl 2016; VÍS, „Ábyrgðartrygging einstaklings, nr. AA10“ <http://vis.is/media/1246/aa10_abyrgdatr-einstakl.pdf> skoðað 18. apríl 2016; TM, „Ábyrgðartrygging einstaklinga, nr. 210“ <<https://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-210.pdf>> skoðað 18. apríl 2016; Vörður, „Heimilisvernd 1, nr. E-31“ <<https://vordur.is/media/1058/e-31-heimilisvernd-1.pdf>> skoðað 18. apríl 2016. Ekki er um sérstaka ábyrgðartryggingu að ræða hjá Verði, heldur fellur hún undir heimilistrygginguna.

⁶⁵ Eiríkur Jónsson (n. 1) 444–445.

⁶⁶ Nygaard (n. 11) 67.

⁶⁷ Viðar Már Matthíasson (n. 44) 600.

Er því í athugasemdum með 1. mgr. 35. gr. núgildandi vsl. vísað í skaðabótaréttinn hvað varðar ákvörðun um fullar bætur. Ef skoðaðar eru síðan reglur skaðabótaréttarins og umfjöllun fræðimanna þar að lútandi, sést að við ákvörðun bóta fyrir munatjón er vísað til baka í váttryggingarréttinn. Beinist tilvísunin þó sérstaklega að 37. og 38. gr. eldri laga um váttryggingarsamninga, en þau ákvæði eru reyndar aðeins frábrugðin núgildandi ákvæði 35. gr. vsl.⁶⁸ Skýrist munurinn helst á því hversu nákvæma skilgreiningu var að finna í 37. gr. eldri vsl. en í henni sagði orðrétt:

[1. mgr.] Með undantekningum þeim, sem um getur í 38.⁶⁹ og 75. gr.⁷⁰, skal verð hlutarins talið nema þeirri upphæð, er þurft hefði til kaupa á hlut þeim, er fórst eða skemmdist, með því verðlagi, er síðast var á slíkum hlut áður en váttryggingaratburðurinn gerðist, að frádreginni hæfilegri verðryrnun hans vegna aldurs, brúkunar, minnkaðs notagildis og annarra atvika.

[2. mgr.] Þegar um búsgögn er að ræða eða hluti til persónulegra nota og þess háttar, er verðryrnun vegna aldurs og brúkunar því aðeins dregin frá verðinu, að telja megi, að notagildi hlutanna fyrir váttryggðan hafi minnkað svo verulegu nemi.

[3. mgr.] Sé hús, sem skaðast hefur, byggt að nýju eða við það gert, skal aðeins dreginn frá mismunur milli gamals og nýs.

Í þessari grein fólst sú almenna regla skaðabótaréttarins að hinum bótaskylda verður ekki gert að bæta nýtt fyrir gamalt⁷¹ og að telja verði eðlilegt að bæta váttryggðan hlut á grundvelli kaupverðs samskonar hlutar og þess sem fórst á þeim degi er tjón verður. Telst það vera verðmæti þess hlutar er fórst og þar af leiðandi raunverulegt fjártjón váttryggingartaka.⁷² Þá var í 38. gr. eldri vsl. að finna sérákvæði um bætur fyrir hluti sem váttryggður hafði framleitt sjálfur til sölu. Var þar verðmæti hlutanna miðað við söluverð þeirra að frádregnum kostnaði við að koma vörunni í sölu og öðru því tengdu. Í 1. mgr. 39. gr. eldri vsl. var svo að finna ákvæði sem segir: „Enda þótt umsamið sé á annan veg, er félaginu óskylt að greiða hærri bætur en með þarf til þess að bæta tjón það, sem orðið hefur.“ Var með þessu orðalagi ákvæðisins sett fram sú meginregla að bætur til váttryggingartaka skyldu ekki vera hærri en sem nemur tjóni hans.⁷³

Þó svo að töluverðar breytingar hafi orðið á orðalagi ákvæða um útreikning bótafjárhæða frá eldri lögum var það ekki markmiðið að breyta þeim efnislega. Í **Hrd. 27. janúar 2011 í máli nr. 349/2010** segir í forsendum Hæstaréttar að regla, sambærileg ákvæði

⁶⁸ sama heimild.

⁶⁹ 38. gr. eldri vsl. um bætur fyrir hluti sem tjónþoli hefur framleitt sjálfur.

⁷⁰ 75. gr. eldri vsl. um átryggingarverð skipa.

⁷¹ Arnlfjótur Björnsson, *Skaðabótaréttur: kennslubók fyrir byrjendur* (2. útg., Orator 1999) 159.

⁷² Alþt. 1953 frumvarp til eldri vsl., athugasemdir við 37. gr.

⁷³ sama heimild, athugasemdir við 39. gr.

37. gr. eldri vsl. um ákvörðun váttryggingarverðmætis, hafi verið látin gilda þegar fjárhæð skaðabóta fyrir munatjón hefur verið ákveðin. Má því ætla að þó svo að orðalag ákvæðis 35. gr. núgildandi vsl. sé með öðrum hætti þá sé hún byggð á sömu sjónarmiðum, það er að gera tjónþola fjárhagslega eins settan og ef hann hefði ekki orðið fyrir tjóni⁷⁴ og byggir því skaðabótarétturinn enn í dag á ákvæðum váttryggingaréttar um fullar bætur.

Þessar breytingar á orðalagi vsl. má að miklu leiti rekja til þróunar í norrænum rétti en í íslenskum váttryggingarrétti og lögum um váttryggingarsamninga er að finna mjög sambærileg ákvæði og eru í norskum og dönskum lögum um sama efni og getur því verið mikilvægt að líta til þeirra við framkvæmd laganna hér á landi.

3.1.1. Norrænn réttur – fullar bætur

Líkt og áður hefur verið komið að tengist íslenskur váttryggingarréttur og norrænn réttur að miklu leyti. Til þess að ná þeim markmiðum sem stefnt var að með setningu íslenskra réttarreglna um skaðabótarétt utan samninga þótti heppilegast að byggja þær á norrænum rétti, bæði að efni til og formi. Íslensku skaðabótalögin eru því byggð að danskri fyrirmynd en íslenskar reglur á sviði skaðabótaréttar eru þó að mestu leyti einnig í samræmi við norskar, finnskar og sænskar reglur.⁷⁵ Þó svo að íslensk skaðabótalög miðist að miklu leyti við útreikning og greiðslu bóta fyrir líkamstjón, líkt og þau dönsku, þá fjallar skaðabótarétturinn í heild almennt um það hvort og að hvaða marki skaðabótaskylda sé fyrir hendi og hver fjárhæð skaðabóta eigi að vera.⁷⁶

Ákvæði danskra laga um váttryggingasamninga⁷⁷ eru nánast orðrétt þau sömu og voru í gildistíð eldri vsl. hér á landi um sama efni. Kveður þannig 37. gr. dönsku vsl. á um að miða skuli við verðmæti hlutarins sem ferst eða eyðileggst vegna ófyrirsjáanlegra atvika, við verð rétt áður en atburður átti sér stað. Þó sé heimilt að draga frá bótafjárhæðinni verðryrnun hlutarins út frá notkun, aldri, gagnsemi eða annarra atriða. Undantekningar frá þessu ákvæði er að finna í 38. og 75. gr. laganna,⁷⁸ líkt og í íslensku eldri vsl. Þá segir í 39. gr. dönsku vsl. að þó svo um annað hafi verið samið er félaginu ekki skylt að greiða hærri bætur en sem

⁷⁴ Viðar Már Matthíasson (n. 44) 38.

⁷⁵ Alpt. 1992-1993, A-deild, 326. mál, athugasemdir við kafla 1.

⁷⁶ Eiríkur Jónsson (n. 58) 33.

⁷⁷ Forsikringsaftaleloven, LBKG 2015-11-09 nr 1237, hér eftir nefnd dönsku vsl.

⁷⁸ 37. gr. dönsku vsl.: „Med de i §§ 38 og 75 nævnte undtagelser ansættes tingens værdi til det beløb, der efter priserne umiddelbart før forsikringsbegivenheden ville kræves til genanskaffelse af den tilintetgjorte eller beskadigede genstand med rimeligt fradrag for værdiforringelse ved alder, brug, nedsat anvendelighed eller andre omstændigheder“

nemur raunverulegu fjártjóni váttryggðs.⁷⁹ Í dönskum rétti hafa því bótafjárhæðir sem váttryggingarfélagi ber að greiða vegna eignatjóns váttryggðs ráðist af verðmætum þeirra hluta sem undir váttrygginguna falla. Hafi váttryggingin verið tekin án þess að verðmæti hlutarins hafi sérstaklega verið tilgreint hefur verið miðað við að beint fjártjón váttryggðs. Er þá einungis litið til verðmætis hlutarins en ekki tjóns vegna afnotamissis eða öðru óbeinu tjóni.⁸⁰ Í samræmi við þetta byggðist niðurstaða **Hæstaréttar Danmerkur 17. nóvember 2005, í máli nr. U2006/544.2H** á því að verðmætarýrnun, eða fjártjón, váttryggðs næmi því heildarverðmæti sem varð á hinu skemmda. Má túlka þennan dóm á þann hátt að bætur miðist almennt við viðgerðarkostnað á þeim hlut er varð fyrir tjóni. Þá er í mörgum váttryggingum í dönskum rétti í dag miðað við nývirðistryggingar, eða verðmæti á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem varð fyrir tjóni. Þó er algengt að finna sérstök ákvæði í váttryggingarsamningnum sjálfum um að tjónið sé reiknað á grundvelli verðs á nýjum hlut, þó með sanngjörnum frádrætti vegna aldurs, gagnsemi og öðru sem áhrif geta haft á verðmæti hlutarins.⁸¹ Verður þá einnig að taka mið af 39. gr. dönsku vsl. um að váttryggingartaki hagnist ekki á tjóninu. Af ofangreindu er ljóst að 37. gr. dönsku vsl. eru í fullu samræmi við ákvæði 37. gr. eldri vsl. og 35. gr. nógildandi vsl. Við útreikning bótafjárhæða skal því miða fjártjón váttryggðs við verðmæti hlutarins á þeim degi er tjón varð, nema sérstaklega hafi verið samið um annað.

Í 4-1. gr. í norsku skaðabótaganna⁸² er einnig að finna ákvæði um bætur fyrir fjárhagslegt tjón, en þar kemur fram að tjónþoli eigi rétt á bótum fyrir tjón á eignum sínum sem nemur fjárhagslegu tjóni hans. Er þannig sett skilyrði fyrir því að tjónþoli hafi orðið fyrir fjártjóni og má ætla að tjónþoli eigi að fá tjón sitt að fullu bætt, samanber orðalag ákvæðisins um að bæturnar „skal dekke den skadelidtes økonomiske tap“. Mat á fjárhagslegu tjóni tjónþola getur þó verið mismunandi í hverju tilfelli fyrir sig.⁸³ Ýmsar leiðir hafa verið viðurkenndar í norskum rétti við slíkt mat og má þá helst nefna mat á viðgerð á hlutnum, mat á verðmæti sambærilegs hlutar, notagildi hlutarins og söluvirði hans. Aðalatriðið er þó að gera tjónþola eins settan fjárhagslega og hann hefði ekki orðið fyrir tjóni.⁸⁴ Eru þessar leiðir sambærilegar þeim aðferðum sem hafa verið notaðar hér á landi við ákvörðun bótafjárhæða

⁷⁹ 39. gr. dönsku vsl.: „Selskabet er, selv om andet er aftalt, ikke forpligtet til at udrede større erstatning end, hvad der kræves til den lidte skades dækning.“

⁸⁰ Jens Møller, *Erstatningsansvarsloven med kommentater* (6. udg., Jurist - og Økonomforbundets forlag 2002) 410.

⁸¹ *Forsikringsaftaleloven, LBKG 2015-11-09 nr 1237*, athugasemdir við 37. gr.

⁸² Lov om skadeserstatning LOV-1969-06-13-26, § 4-1. Í ákvæðinu segir orðrétt: „Erstatning for tingskade og annen formuesskade skal dekke den skadelidtes økonomiske tap.“

⁸³ Peter Lødrup, *Oversikt over erstatningsretten* (4. utgave, Oslo 2002) 21.

⁸⁴ Nygaard (n. 11) 73.

fyrir fjártjón tjónþola og/eða váttryggðs aðila og má því ætla að íslenskur réttur sé byggður á þessum ákvæðum og framkvæmd norræns réttar.

Kröfur sem gerðar eru á grundvelli norsks skaðabótaréttar eru yfirleitt í formi peningagreiðslu⁸⁵ hvort sem tjón hefur orðið á tilteknum hlutum eða fasteignum. Er því fjárhagslegt tjón tjónþola eitt af grundvallarskilyrðum fyrir bótaábyrgð tjónvalds.⁸⁶ Hafa dómstólar byggt niðurstöðu sína á þessu, sbr. mál þar sem starfsmaður gat ekki sýnt fram á fjárhagslegt tjón sitt eftir að hann var leystur frá störfum og var þar af leiðandi fyrrum vinnuveitandi hans sýknaður af skaðabótakröfu vegna uppsagnarinnar.⁸⁷ Í þessu máli hvíldi sönnunarbyrðin um hið fjárhagslega tjón þar af leiðandi á starfsmanninum.⁸⁸

Þar sem skaðabótaskylda tjónvalds byggist á fjártjóni tjónþola yrði tjónvaldur alltaf að greiða bætur í formi peningagreiðslu og yrði þar af leiðandi fyrir fjárútlátum vegna þessa. Ættu því slíkar reglur að hafa varúðaráhrif fyrir tjónvald. Í Noregi eru hins vegar sífellt fleiri einstaklingar með ábyrgðartryggingar og finnur því tjónvaldur oft lítið fyrir áhrifum þess að hann hafi valdið tjóni,⁸⁹ enda getur tjónþoli þá átt kröfu beint á félagið í stað tjónþola. Í sumum tilfellum getur váttryggingafélagið þó átt endurkröfu á váttryggingartaka,⁹⁰ til dæmis vegna stórfellds gáleysis eða ásetnings sem leiddi til tjónsins.

Í sjötta kafla norskra laga um váttryggingarsamninga⁹¹ er að finna ákvæði um ábyrgð váttryggingarfélaga á greiðslu bóta, en í 6-1. gr. norsku vsl. segir:

„Når ikke annet er bestemt i forsikringsavtalen, har sikrede krav på full erstatning for sitt økonomiske tap.

Skal erstatningen utmåles etter reparasjons- eller gjenanskaffelseskostnad, kan sikrede kreve erstatning for slik kostnad selv om reparasjon eller gjenanskaffelse ikke blir foretatt. Dette gjelder ikke dersom noe annet fremgår av vilkårene.

Sikrede kan kreve erstatningen utbetalt i penger, når ikke annet framgår av vilkårene.“

Mælir ákvæðið þar af leiðandi fyrir um að að ef ekki er um annað samið í váttryggingarsamningi getur váttryggður krafist fullra bóta fyrir fjártjón sitt. Þá skal fjárhæð bótanna miðast við viðgerð eða enduröflun, en váttryggður getur krafist bóta sem nemur þeirri fjárhæð, þó svo að viðgerð fari ekki fram eða fenginn nýr hlutur. Þetta gildir þó aðeins ef ekki

⁸⁵ sama heimild 4.

⁸⁶ sama heimild 62.

⁸⁷ Norske advokatforening, „Rettens gang“ [1933] Oslo: Norske advokatforening 571.

⁸⁸ Nygaard (n. 11) 61–62.

⁸⁹ Lødrup (n. 83) 121.

⁹⁰ sama heimild 123.

⁹¹ Lov om forsikringsavtaler, LOV-1989-06-16-69, hér eftir nefnd norsku vsl.

er um annað samið. Vátryggður getur þá alltaf krafist greiðslu í formi peninga, nema um annað hafi sérstaklega verið samið í vátryggingarsamningi.⁹²

Í frumvarpi til norsku vátryggingalaganna kemur fram að í framangreindu ákvæði felist leiðbeiningarreglur um ákvörðun bóta. Samkvæmt ákvæðinu sé því meginreglan að aðilar að samningnum semji sín á milli um hvernig ákveða skuli bætur fyrir tiltekið tjón. Ef það er ekki hægt að leysa úr ágreiningi á grundvelli samningsins skuli vátryggður eiga rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt. Það er þó mismunandi eftir eðli vátryggingarinnar hversu mikilvæg slík ákvæði eru, en sem dæmi nemur fjárhæð bóta úr ábyrgðartryggingum þeim kostnaði sem tjónþoli verður fyrir vegna tjónsins og því auðsjáanlegra hvaða hlutir eða fjárhagslegir hagsmunir tjónþola falla undir trygginguna og þar af leiðandi hvert hans fjárhagslega tap er.⁹³ Má því ætla að tjónþoli þurfi að geta sýnt fram á fjárhagslegt tjón sitt, til dæmis með framlagningu kvittana eða annars sem sýnir fram á raunverulegt fjártjón hans og myndu bæturnar þá samsvara þeim útgjöldum sem tjónþoli varð fyrir að frádreginni sjálfsábyrgð. Leiðir það einnig til þess að annar kostnaður, svo sem óbeinn kostnaður eða aðrar óþægindabætur greiðast ekki enda miðast bótafjárhæðin við að bæta tjónþola raunverulegt fjártjón sitt. Frá þessu væri þó hægt að víkja frá með samningi og veita vátryggingartaka þar af leiðandi aukinn, eða takmarkaðri, rétt til bóta. Í öðrum vátryggingum, svo sem eignatryggingum, hefur verið talin meiri þörf á sérstökum ákvæðum í samningi um ákvörðun bóta en ýmsar aðferðir geta verið notaðar en nánar verður vikið að nauðsyn slíkra ákvæða hér í næsta kafla.

Af ofansögðu má telja að ákvæði íslenskra laga um vátryggingarsamninga, sem og ákvæði skaðabótaréttarins, séu í fullu samræmi við norrænan rétt og túlkun hans og því eðlilegt að líta til hans við túlkun og framkvæmd laganna. Með hliðsjón af norrænum rétti verður að skýra ákvæði 1. mgr. 35. gr. vsl. um að vátryggður eigi að fá fullar bætur fyrir fjártjón sitt, á þann hátt að hann skuli ekki að fá hærri bætur, en sem nemur fullum bótum fyrir fjárhagslegt tjón hans. Á viðkomandi því almennt ekki að hagnast á greiðslu vátryggingarbóta.⁹⁴ Vátryggður verður þar af leiðandi, sé um það samið, að skýra meginregluna á þann hátt að vátryggður verði að sætta sig við ákvörðun vátryggingarfélags um að greiða viðkomandi bætur sem nemur enduröflunarverði vátryggðs hlutar ef kostnaður vegna viðgerðar reynist mun hærri. Er því ljóst að hugtakið fjártjón tekur aðeins til útreiknings á tjóni. Felst þannig í 1. mgr. 35. gr. vsl. að meta verður verðmæti þess hlutar sem

⁹³ Lov om avtaler om skadeforsikring júní 1987 nr. 24, athugasemdir við gr. 6-1.

⁹⁴ Eiríkur Jónsson (n. 7) 389.

fórst eða kostnað við endurbætur og telst greiðsla bóta sem því nemur til fullra bóta. Felur reglan þar af leiðandi ekki í sér heimild til að meta annars konar fjártjón og gæti váttryggður því ekki byggt kröfu um afnotamissi, á henni einni og sér heldur þyrfti í samningi milli aðila að kveða sérstaklega á um bætur fyrir slíkt tjón.⁹⁵ Ef sem dæmi ökutæki verður fyrir tjóni felast fullar bætur til váttryggingartaka í viðgerð á ökutækinu eða bótafjárhæð sem næmi verðmæti ökutækisins. Á grundvelli 1. mgr. 35. gr. vsl. ætti váttryggður því ekki rétt á bótum fyrir annars konar tjón, svo sem vegna afnotamissis nema um slíkt væri sérstaklega kveðið á um í váttryggingarsamningnum. Sem dæmi um slíkan samning er ef samið er um að tjónþoli sem lendir í árekstri skuli fá bílaleigubíl á meðan á viðgerð stendur. Er þá í raun verið að bæta viðkomandi það fjártjón sem hann varð fyrir í formi peningagreiðslu eða viðgerðar á bifreið hans, auk þess að veita viðkomandi bætur fyrir annars konar tjón í formi afnotamissis eða bílaleigubíls á meðan hið skemmda ökutæki er á verkstæði eða þar til viðkomandi fær peningagreiðslu gegn afsali ökutækisins til félagsins. Tjónþoli á þannig hvorki að tapa á því að verða fyrir tjóni sem annar aðili ber ábyrgð á, en heldur ekki hagnast á því.

Að öllu virtu, og með hliðsjón af norskum rétti, þykir því ljóst að ákvæði 1. mgr. 35. gr. um fullar bætur fyrir tjón er einskonar fyllingarregla við þau ákvæði váttryggingarsamninga þar sem mælt er fyrir um ákvörðun bótafjárhæða. Sé þannig ekki um það samið sérstaklega í váttryggingarsamningi þá á tjónþoli eða váttryggingartaki rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt. Miðast útreikningur á fullum bótum því aðeins við fjártjón tjónþola eða váttryggðs, það er, allt það tjón sem metið er til peningaverðs. Ófjárhagslegt tjón er almennt ekki bætt nema það sé sérstaklega kveðið á um það. Bætur fyrir munatjón er oftast auðvelt að ákveða þar sem verðmæti slíkra hluta liggur yfirleitt fyrir og ef hlutur hefur skemmst er hægt að meta skemmdirnar til fjár. Þá hefur einnig verið talið að váttryggður verði að sætta sig við „eðlilegar“ bætur, það er þá fjárhæð sem þarf til að bæta tjón hans að fullu, hvort sem það felst í viðgerðarkostnaði, enduröflunarverði fyrir nýjan hlut eða annað sem fullnægir þessu skilyrði óháð beinum vilja váttryggðs.⁹⁶ Útreikningur bóta tekur almennt mikið mið af þessum atriðum.⁹⁷ og verða bætur til váttryggingartaka því ekki skertar nema sérstaklega hafi verið samið um það.

⁹⁵ Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 215-204. mál, athugasemdir við 1. mgr. 35. gr.

⁹⁶ sama heimild, athugasemdir við 1. mgr. 35. gr.

⁹⁷ Viðar Már Matthíasson (n. 44) 599.

3.2. Ákvæði váttryggingarsamnings

Váttryggingarfélag og váttryggingartaki hafa, á grundvelli 1. mgr. 35. gr. vsl., svigrúm til að semja sín á milli hver váttryggingafjárhæðin er og hvernig ákveða skuli verðmæti hinna váttryggðu muna þegar váttryggingaratburður verður, sbr. i-liður 2. gr. vsl. Hafi sérstaklega verið samið um ákveðið verð fyrir hina váttryggðu muni eða sérstaka aðferð við útreikning verðmætis þeirra, er slíkur samningur skuldbindandi fyrir félagið. Félaginu er þó heimilt að lækka bæturnar færi það fram sönnur fyrir því að bæturnar muni nema meiru en upphæð tjónsins, sbr. 2. mgr. 39. gr. eldri vsl. Er þessi regla þar af leiðandi ófrávikjanleg og getur félagið þurft að greiða hærri bætur en sem nemur raunverulegu tjóni váttryggðs, takist því ekki sönnur á hinu gagnstæða.⁹⁸

Í **Hrd. 19. desember 2006 í máli nr. 82/2006** var vikið bæði að 37. og 39. gr. eldri vsl. Varðandi 37. gr. vsl. hélt stefndi, váttryggingarfélagið S, því fram að félagið hefði þá þegar greitt stefnanda bætur er námu andvirði báts er fórst. Enn fremur hélt S því fram að:

Fyrir liggja að stefndi og stefnandi hafi ekki komið sér saman um váttryggingarverð bátsins svo sem 3. gr. skilmála fyrir húftryggingu bátsins mælir fyrir um. Bindandi váttryggingarverð sé því ekki fyrir hendi. Um bætur fyrir tjónið fari því að almennum reglum skaðatrygginga, sbr. 1. gr. umræddra skilmála og ákvæða 37. og 38. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga. Með matsgerð dómkvaddis matsmanns hafi stefndi fært sönnur á það að verðmæti bátsins hafi að hámarki verið 3.000.000 kr. Stefndi hafi því fullnægt þeim skyldum sem á honum hvíldi samkvæmt váttryggingarsamningi aðila og gildandi lögum.

Féllst dómurinn á framangreinda kröfu S en í niðurstöðum hans kom meðal annars fram:

Verður því einnig að telja að með greiðslu bóta í samræmi við niðurstöðu matsgerðarinnar hafi stefndi að fullu bætt það tjón er varð er Röst SH 124 fórst og er félaginu ekki skylt að greiða frekari bætur, sbr. 1. gr. váttryggingarskilmálanna og 1. mgr. 39. gr. þágildandi laga nr. 20/1954.

Var því lagt til grundvallar mat matsmanns á verðmæti bátsins út frá 37. gr. eldri vsl. og félaginu ekki gert að greiða váttryggingartaka hærri bætur en nam fjártjóni hans samkvæmt fyrirbyggjandi mati, sbr. 39. gr. eldri vsl. Sömu túlkun á 39. gr. eldri vsl. beitti Hæstiréttur í **Hrd. 18. júní 2009 í máli nr. 646/2008** en þar snéri ágreiningur aðila að verðmæti fasteignar sem brann og hvað teldust fullar bætur út frá ákvæðum laga og þeirra váttryggingarskilmála sem giltu í þessu tilfalli. Í forsendum héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti, sagði eftirfarandi:

⁹⁸ *Alpt. 1953 frumvarp til eldri vsl.*, athugasemdir við 39. gr.

Í 39. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingasamninga, sem í gildi voru þegar tjónsatburður sá varð sem hér er til umfjöllunar, var lögfest sú regla að váttryggjanda væri óskilyt að greiða hærri bætur en með þyrfti til að bæta tjón, jafnvel þó að umsamið væri á annan veg. Má því fallast á það með stefnda að það sé meginregla að einungis skuli bæta raunverulegt tjón og verður því að líta svo á að brunabótamat Fasteignamats ríkisins feli í sér hámarksbætur, en ekki endilega raunverulega bótafjárhæð.

Af umfjöllun um framangreind ákvæði eldri vsl. sem snúa að ákvörðun bótafjárhæða sést að ætlunin með nýjum lögum var að einfalda regluverkið og færa reglur um útreikning á bótum til váttryggðs úr lögum og í váttryggingasamningana. Var því slíkri einföldun ekki ætlað að falla frá eða breyta í verulegum atriðum þágildandi réttarfrankvæmd.⁹⁹ Reglu 35. gr., er varðar þá hagsmuni sem váttryggðir verða samkvæmt lögnum, auk 39. gr. eldri vsl. var ekki að fullu fylgt í frankvæmd og sjálfstætt gildi þeirra var takmarkað. Var því ekki ástæða til að halda þeim inni í nýjum vsl., en þrátt fyrir það var reynt að viðhalda þeim grundvallarreglum sem í þeim fólst, það er að tryggja fullar bætur fyrir fjártjón,¹⁰⁰ hvorki meira né minna. Er það í samræmi við 1. mgr. 35. gr. núgildandi vsl. en ákvæðið hefur haldist óbreytt frá því lögum voru sett árið 2003.¹⁰¹ Eru þessar breytingar í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á norski váttryggingarlöggjöf en líkt og komið var að hér áður er sambærilegt ákvæði 35. gr. vsl. að finna í 6-1. gr. norsku vsl. en ákvæði eldri norsku vsl. var einnig sambærilegt 37. gr. eldri vsl. og ákvæðum dönsku vsl. Líkt og með breytingunum á íslensku löggjöfinni var ekki markmiðið að breyta þeim viðmiðum við bótaútreikning sem áður hafði verið stuðst við í norski frankvæmd.¹⁰² Þykir því rétt og eðlilegt að líta til norskra réttarheimilda við umfjöllun um það hvaða heimildir félögin hafi til að semja, efni samningsins og við hvað skuli miða.

Getur þannig farið eftir ákvæði samningsins hvort bæta eigi tjón á hlut eftir söluverðmæti hans eða notagildi annars vegar eða eftir viðgerðar eða enduröflunarverðmæti hins vegar. Grunnurinn fellst í því hvort miða eigi við nývirði sambærilegs hlutar eða hvort meta eigi verðmæti hlutarins út frá enduröflunarverðmæti hans eða markaðsvirði að frádreginni rýrnun vegna slits og aldurs hins skemmda hlutar. Um þessi atriði verða að vera ákvæði í samningi. Sú viðmiðunarregla sem var notuð í gildistið 37. gr. eldri norskra laga um váttryggingarsamninga¹⁰³ byggðist á enduröflunarverði hlutarins. Bætur skyldu þá reiknaðar til váttryggingartaka sem kostnaður við að útvega annan sambærilegan hlut að gerð og gæðum og

⁹⁹ Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 215-204. mál, athugasemdir við kafla VI.

¹⁰⁰ sama heimild, athugasemdir við 1. mgr. 35. gr.

¹⁰¹ Lög um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004, engin breytingarákvæði er að finna við umrædda lagagrein.

¹⁰² Lov om avtaler om skadeforsikring júní 1987 nr. 24, athugasemdir við gr. 6-1.

¹⁰³ Sambærilegt ákvæði 37. gr. eldri vsl. og sömu greinar dönsku vsl.

sá sem varð fyrir tjóni, eða viðgerðarkostnað við að koma hinum skemmda hlut í það ástand sem hann var í fyrir tjón. Þá má draga frá bótafjárhæðinni þeirri upphæð sem nemur verðmætarýrnun hlutarins út frá ástandi hans fyrir tjónsatvik. Myndu þannig bætur sem næmu nývirði hlutar, fast ákveðnu váttryggingarverðmati eða öðrum fyrirframákveðnum bótafjárhæðum ekki greiðast á grundvelli orðalagsins um fullar bætur í 1. mgr. 6-1. gr., en gæti verið samið sérstaklega um í samningi aðila, enda myndu slíkar bætur í mörgum tilfellum gera tjónþola betur settan fjárhagslega en fyrir tjón.

Grundvallar atriðið er að það er hinn eyðilagði hlutur eða tapað eða minnkað sölu eða markaðsvirði sem ræður fjárhagslegum bóttum hins váttryggða vegna tjónsins. Ef hins vegar hægt er að gera við hlutinn eða hægt að afla samsvarandi hlutar sem leiðir til lægri kostnaðar en felst í lækkuðu notkunarverðmæti verður lægri fjárhæðin lögð til grundvallar sem hámarks bótafjárhæð sem váttryggður getur krafist. Getur váttryggingartaki þannig ekki krafist bóta sem nemur enduröflunarverði eða viðgerðarkostnaði ef það er bersýnilega yfir sölu- eða markaðsvirði hlutarins. Þegar hlutur telst bættur með fullnægjandi hætti með viðgerð eða á grundvelli enduröflunar telst fjárhagslegt tjón viðkomandi bætt, jafnvel þótt sú tegund bótagreiðslna sem notast var við hafi ekki verið sérstaklega tiltekin í samningi.

Þá er nauðsynlegt að í samningnum komi fram ef takmarka á rétt váttryggingartaka til fullra bóta. Sem dæmi um slíkt er ef miða á við sérstaka váttryggingarfjárhæð, ef váttryggður þarf að þola hlutfallslega lækkun bóta vegna undirtryggingar eða ef váttryggingartaki ber eigin áhættu/sjálfsábyrgð í tjóni. Geta slík ákvæði leitt til lægri bóta en sem nemur raunverulegu fjárhagslegu tjóni tjónþola. Fjallað verður nánar um þessi atriði sem og ákvæði skilmála félaganna hér síðar.

Álitamál getur risið milli aðila um það við hvaða tímamark eigi að miða verðmæti hins skemmda hlutar. Hefur þetta minni þýðingu til dæmis í ábyrgðartjónum eða þeim tjónum sem bætast með viðgerðarkostnaði, enda liggur þá tiltekinn kostnaður fyrir sem nemur fjártjóni váttryggingartaka. Ef um eignatjón váttryggingartaka er að ræða getur hins vegar verið meira svigrúm við ákvörðun tímamarks í samningi. Kemur þá helst til álita hvort miða eigi við tjónsdag eða þann dag sem bætur eru greiddar, en markaðsvirði hlutarins getur hæglega breyst á þeim tíma. Hefur því í norskum rétti verið miðað við verðmæti hlutarins á þeim tíma er tjónið verður og tjónþoli átti þess kost að hafa uppi kröfu fyrir tjón sitt. Slíkt ákvæði verður þó að koma fram í samningi ef það felur í sér aðra bótaupphæð en greiðast myndi á grundvelli 6-1. gr. um fullar bætur.

Er það mat norskra fræðimanna að æskilegt sé að váttryggingaskilmálar innihaldi sem ítarlegust ákvæði og nái yfir sem flest tilvik. Þó má alltaf búast við að ný álitamál komi upp með breyttum tíðaranda sem ekki verður hægt að svara á grundvelli samningsins.

Á grundvelli orðalags 1. mgr. 35. gr. vsl um að váttryggður eigi rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt nema um annað sé samið í váttryggingarsamningi, er það því almennt váttryggingarsamningurinn sem gildir¹⁰⁴ við ákvörðun bóta. Aðrar reglur eða viðmið eru því 1. mgr. 35. gr. vsl. til fyllingar komi upp sú staða að ekki hefur verið sérstaklega samið um bótafjárhæð fyrir tiltekið tjón. Dæmi um slíkt er bótakrafa tjónþola í ábyrgðartryggingu váttryggðs, en um bótaskyldu fer eftir ákvæðum skaðabótaréttarins og sakarreglunnar, líkt og áður hefur komið fram. Er 1. mgr. 35. gr. vsl. því í samræmi við þær reglur skaðabótaréttarins að gera tjónþola eins settan og hann var fyrir tjónið.

3.3. Lögbundnar heimildir félaganna til að semja sig frá fullum bótum í skilningi 1. mgr. 35. gr. vsl.

Líkt og áður hefur komið fram voru ákvæði eldri laga um váttryggingasamninga er kváðu á um ákvörðun bóta mun ítarlegar orðaðar en ákvæði 1. mgr. 35. gr. núgildandi laga þó svo ætlunin hafi ekki verið að víkja frá fyrri framkvæmd. Með nýjum lögum um váttryggingasamninga var markmiðið að félögin sjálf héldu í þessar reglur, mótuðu framkvæmdina og höguðu starfssemi sinni í samræmi við þær en ætla má að misnotkun á þeim myndi varða við ákvæði laga um váttryggingastarfsemi,¹⁰⁵ en áður hafa verið rakin ákvæði þeirra laga.

Hafa félögin þar af leiðandi nokkuð frjálsar hendur til að semja við sína váttryggingartaka, svo lengi sem samningarnir séu innan þeirra heimilda sem lög um váttryggingastarfsemi veitir. Þá er einnig að finna ákvæði í vsl. sem geta verið þess eðlis að þau takmarka rétt váttryggðs til fullra bóta í skilningi 1. mgr. 35. gr. vsl. á grundvelli váttryggingarsamnings. Getur þannig komið upp sú staða að það váttryggingarverðmæti sem miðað er við í váttryggingarsamningi ekki verið í samræmi við raunverulegt verðmæti hins váttryggða. Einnig getur verið að aðilar hafi samið um tiltekið váttryggingarverð fyrir ákveðinn hlut eða að tvennskonar tryggingar nái yfir sama tjónið. Verður nú nánar vikið að þessum lögbundnu heimildum váttryggingafélaganna til samningsgerðar.

¹⁰⁴ Viðar Már Matthíasson (n. 44) 600, neðanmálgrein 3.

¹⁰⁵ Eiríkur Jónsson (n. 7) 379–380.

3.3.1. Vátryggingarverðmæti

Yfirskrift 35. gr. vsl. er „Útreikningur bóta. Vátryggingarverðmæti“ en líkt og áður hefur komið fram er vátryggingarverðmæti þess hlutar sem varð fyrir tjóni reiknað út frá verðmæti sambærilegra hluta á þeim degi er tjón varð. Vafatilvik geta þó komið upp ef vátryggingarverðmæti hlutarins samræmist ekki umsamdri vátryggingarfjárhæð en í h-lið 2. gr. vsl. er hugtakið vátryggingarfjárhæð skilgreint sem sú fjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarsamningi sem hámarksbótafjárhæð fyrir tiltekinn hlut. Getur sú fjárhæð verið ýmist hærri eða lægri heldur en verðmæti þeirra hluta sem urðu fyrir tjóni. Þrátt fyrir að vátryggingarfjárhæðin er hærri leiðir það ekki til þess að vátryggður fái bætur í samræmi við þá fjárhæð heldur verður hann að setta sig við að fullar bætur miðast einungis við vátryggingarverðmæti þess eða þeirra hluta sem urðu fyrir tjóni. Það kemur vátryggðum best ef vátryggingarfjárhæðin er í samræmi við verðmæti eigna hans enda væri viðkomandi þá að fá fullar bætur fyrir fjártjón sitt og vátryggingarfjárhæðin hefði ekki teljandi áhrif á bótagreiðslur til hans. Er það einnig í samræmi við þá meginreglu að tjónþoli eigi ekki að hagnast á því að lenda í tjóni.¹⁰⁶ Í **Hrd. 1. febrúar 1996 máli nr. 333/1994** hafði vátryggður keypt farmtryggingu hjá VÍS vegna vörubifreiðar ásamt tækjabúnaði fyrir 6.000.000 kr. rétt áður en flytja átti bifreiðina með skipi frá Reykjavík til Ísafjarðar. Var tryggingin keypt í gegnum síma og ekki gafst svigrúm fyrir vátryggingarfélagið að skoða bifreiðina. Varð bifreiðin fyrir tjóni á leiðinni og greiddi félagið bætur í samræmi við mat tjónaskoðunarmanns, eða 2.060.000 kr. að frádreginni eigin áhættu vátryggðs. Taldi félagið greiðsluna nema fullum bótum fyrir fjártjón vátryggðs. Vátryggður krafðist hins vegar greiðslu bóta að fjárhæð 6.000.000 kr. í samræmi við vátryggingarfjárhæðina. Sagði Hæstiréttur í niðurstöðu sinni:

„verður ekki talið í ljós leitt, að þeir hafi samið um ákveðið verð hinna vátryggðu muna. Ekki fór fram skoðun á þeim við samningsgerð. Vátryggingarfjárhæð var tilgreind í samningi aðila. Það felur þó ekki í sér skuldbindingu um, að hún teldist jafnframt fela í sér það verðmæti hinna tryggðu muna“

Var því niðurstaðan byggð á því að vátryggður hafi fengið allt bótaskyld tjón sitt bætt úr hendi félagsins og kröfum hans um frekari bætur því hafnað.

Alveg öfugt er farið ef eignir vátryggðs eru undirvátryggðar en ef sú er raunin getur vátryggður lent í því að hann fái tjón sitt ekki bætt nema að ákveðinni upphæð, jafnvel þótt ljóst sé að raunverulegt tjón hans sé herra. Líkt og hugtakið *undirtrygging* ber með sér felur

¹⁰⁶ sama heimild 391.

Það í sér að váttryggingarfjárhæðin er lægri en váttryggingarverðmæti hlutarins. Fær váttryggingartaki þá einungis bætur sem nema sammingsbundinni váttryggingarfjárhæð ef undirváttryggðir hlutir hans eyðileggjast.¹⁰⁷ Er þannig heimild til handa aðilum að semja um að þó svo að fjártjón váttryggðs verði metið hærra en váttryggingarfjárhæð sammingsins kveður á um getur það leitt til þess að váttryggður fái ekki fjártjón sitt að fullu bætt. Á grundvelli þess geta félögin sett í skilmála sína ákvæði um það hver áhrif slíkrar undirváttryggingar skuli vera. Er slík ákvæði að finna í skilmálum fjölskyldu- eða heimilstrygginga félaganna fjögurra. Sem dæmi um slíkt ákvæði er 9. gr. skilmála Fjölskyldutryggingar F+4 hjá VÍS en þar segir: „Sé heildarverðmæti váttryggðra muna meira en váttryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega“ og ef skoðað er ákvæði 20.4. gr. skilmála 104 Heimatryggingar TM4 hjá Tryggingamiðstöðinni¹⁰⁸ segir þar:

Ef heildarverðmæti hins váttryggða innbús er hærra en váttryggingarfjárhæðin, greiðir félagið aðeins hlutfallslegar bætur. Ef verðmæti innbús er til dæmis tvöfalt hærra en váttryggingarfjárhæðin, hefur það í för með sér að bætur, sem annars yrðu kr. (krónur) 1.000.000, verða aðeins kr. 500.000.

Eru félögin, með slíkum ákvæðum, að áskilja sér rétt til þess að greiða hlutfallslegar bætur. Getur þetta haft þau áhrif fyrir váttryggingartaka að hann fær ekki einungis takmarkaðar bætur sem nemur váttryggingarfjárhæð, heldur geta þær lækkað enn frekar í hlutfalli við raunvirði þeirra eigna sem urðu fyrir tjóni. Dæmi er ef Jón hefur váttryggt innbú sitt fyrir kr. 5.000.000.-. Hann lendir svo í bruna og allt innbú hans eyðileggst. Þegar heildarverðmæti innbúsins er reiknað saman kemur í ljós að raunvirði þess nam kr. 6.000.000.- eða 20% hærra en váttryggingarfjárhæðin samkvæmt váttryggingarsamningi kvað á um. Ef Jón væri tryggður hjá TM gæti félagið borið fyrir sig ákvæði 20.4. gr. skilmálanna og ákvarðað hlutfallslegar bætur. Myndi Jón þá einungis fá bætur sem næmu 80% af váttryggingarfjárhæðinni eða alls kr. 4.000.000.-. Fengi Jón þar af leiðandi ekki fullar bætur sem næmu raunverulegu fjártjóni hans, en teldust þó fullar bætur samkvæmt þeim váttryggingarskilmálum sem Jón gekkst undir og samþykkti svo samningur komst á við TM.

Ef samið er um útreikning váttryggingarbóta eða váttryggingarverð fyrir hlut myndi greiðsla í samræmi við það teljast til fullra bóta í skilningi 1. mgr. 35. gr. vsl. Ef hins vegar enginn samningur um slíkt er á milli váttryggingarfélags og váttryggðs aðila teljast fullar bætur vera þær sem greiða bæri á grundvelli reglna skaðabótaréttarins um fullar bætur fyrir tjón í því tilviki sem um ræðir. Er orðið fjártjón þar af leiðandi notað í samræmi við orðnotkun

¹⁰⁷ sama heimild 392.

¹⁰⁸ TM, „Heimatrygging TM4, nr. 104“ <<https://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-104.pdf>> skoðað 30. apríl 2016.

skaðabótalaga, nr. 50/1993¹⁰⁹ en þar er hugtakið notað um hvers konar fjárhagslegt tjón og myndu fullar bætur því miðast við atvik og umfang hverju sinni.¹¹⁰ Myndi slíkt ákvæði í samningi leiða til þess að váttryggður áttaði sig betur á því hvaða bótafjárhæð hann fengi fyrir tiltekið tjón. Ef vafi er á hvernig eigi að skýra ákvæði váttryggingarsamnings um greiðslu bóta ber að líta til fyllingarreglu 1. mgr. 35. gr. vsl. sem felur í sér að váttryggður eigi rétt á fullum bóttum fyrir fjártjón sitt. Verður ákvæðið ekki skilið á annan hátt en svo að váttryggður þurfi þar af leiðandi ekki að sæta frádrætti á bótafjárhæðinni ef váttryggt er undir verði, nema um það hafi verið samið sérstaklega í váttryggingarsamningi. Váttryggingarsamningur er þó yfirleitt til hagsbóta fyrir váttryggðan, það er að hann fær greiddar bætur ef eignir hans verða fyrir tjóni, jafnvel þótt bótafjárhæðin sé takmörkuð að einhverju leiti. Sú staða getur einnig komið upp að váttryggður sé í raun að fá hærri bætur en nam tjóni hans og má því segja að viðkomandi hafi hagnast á tjóninu. Er það í þeim tilfellum þegar aðilar hafa samið til dæmis um bundið váttryggingarverð, að bæturnar skuli nema verðmæti á nýjum hlut eins og þeim sem fórst eða varð fyrir tjóni, án tillits til aldurs, notkunar eða verðmætarýrnunar að öðru leyti, og svo framvegis.

Af framansögðu er ljóst að fullar bætur á grundvelli váttryggingarsamnings getur leitt til þess að váttryggingartaki fengi ekki fjártjón sitt að fullu bætt í miðað við verðmæti hlutar sem lenti í tjóni. Ef enginn slíkur samningur væri á milli aðila færi um ákvörðun bóta eftir ákvæði 1. mgr. 35. gr. vsl. um fullar bætur fyrir fjártjón og þá reiknað raunverulegt verðmæti hlutarins á grundvelli skaðabótaréttarins og bótagreiðslur samræmast þeirri fjárhæð.

3.3.2. Bundið váttryggingarverð

Í sumum samningum hafa váttryggingartaki og váttryggingarfélag samið sín á milli um svokallað *bundið váttryggingarverð*. Er með því átt við að váttryggingarfélag og váttryggingartaki hafa komist að samkomulagi um að tiltekin fjárhæð nemi fullnaðarbóttum fyrir tiltekinn váttryggðan hlut óháð verðmæti hans,¹¹¹ en sambærileg ákvæði er að finna í dönskum og norskum vsl.¹¹² Í þeim tilfellum teldust fullar bætur í skilningi 1. mgr. 35. gr. vsl. nema þeirri umsömdu fjárhæð ef váttryggður hlutur eyðileggst og myndu greiðslur samkvæmt samningnum þá miðast við þá fjárhæð óháð raunverulegu verðmæti hlutarins, en það er í

¹⁰⁹ Hér eftir nefnd skbl.

¹¹⁰ Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 215-204. mál, athugasemdir við 1. mgr. 35. gr.

¹¹¹ Eiríkur Jónsson (n. 7) 392.

¹¹² Gr. 6-2 í norsku vsl. og 40. gr. dönsku vsl.

samræmi við skilgreiningarákvæði j-liðar 1. mgr. 2. gr. vsl. Getur váttryggður þar af leiðandi, á grundvelli slíks samnings, ýmist fengið hærri bætur út úr váttryggingunni en næmi raunverulegu verðmæti hlutarins eða lægri, en þrátt fyrir það teldist sú fjárhæð vera fullar bætur í skilningi váttryggingaréttar á grundvelli váttryggingarsamningsins. Í **Hrd. 14. desember 2000 í máli nr. 84/2000** var deilt um bótafjárhæð vegna muna sem skemmst höfðu er veitinga- og skemmtistaður brann við Lækjargötu í Reykjavík. Óumdeilt var í málinu hvaða hlutir höfðu skemmst en ágreiningur eiganda staðarins og váttryggingarfélagsins snéri að því hvort samningur hafi komist á um bundið váttryggingarverð fyrir hlutina eða hvort um váttryggingarfjárhæð væri að ræða. Segir orðrétt í reifun dómsins:

Ekki var talið að G hefði sannað að samið hefði verið um að tilgreind váttryggingarfjárhæð munanna skyldi jafnframt teljast váttryggingarverð þeirra, þegar tjón yrði. Þá var G ekki talinn hafa fært haldbær rök fyrir því, að váttrygging innréttinga og vörubirgða samkvæmt öðrum þáttum váttryggingarinnar hefði verið verðsett. Var því talið að ákvæðum 2. mgr. 39. gr. laga nr. 20/1954¹¹³ yrði ekki beitt í málinu, heldur færi um ákvörðun bóta eftir 550. gr. váttryggingarskilmála eignatryggingarinnar og almennum reglum um váttryggingarverð í lögnum, ásamt því sem ráða mætti af samningi aðila eftir almennum túlkunar- og sönnunareglum.

Ef sönnun hefði tekist í ofangreindu máli væri váttryggingarfélagið bundið af slíkum samningi, enda á það að geta metið hvort váttryggingarverðið sé í samræmi við verðmæti hins váttryggða hlutar.¹¹⁴ Er það í samræmi við þá meginreglu samningaréttarins að samninga skuli halda og efna.¹¹⁵ Þrátt fyrir það er lögð sú skylda á váttryggingartaka að hann standi við þær skyldur sem lagðar eru á hann um upplýsingagjöf til félagsins, samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga, og höfðu eða gátu haft áhrif á það hvernig hið bundna váttryggingarverð var ákvarðað, sbr. 36. gr. vsl. Hafi váttryggingartaki með þessum hætti brotið á upplýsingaskyldu sinni getur félagið vikið frá þeirri umsömdu fjárhæð og metið umfang tjónsins eftir öðrum leiðum sem getur leitt til lægri bótafjárhæðar váttryggingartaka til handa en ella hefði orðið.¹¹⁶ Félagið getur þó aðeins byggt á áðurnefndu takmörkunarákvæði 36. gr. laganna ef verðmæti hins váttryggða hlutar hefur lækkað verulega og hið bundna váttryggingarverð er þar af leiðandi orðið mun hærra en verðmæti hlutarins. Hinum váttryggða verður þó að hafa verið kunnugt um þá verðmætaryrningun en þrátt fyrir það látið undir höfuð

¹¹³ Um er að ræða sambærilegt ákvæði og núgildandi 36. gr. um bundið váttryggingarverð en í 2. mgr. 39. gr. eldri vsl. segir „Sé kveðið á um ákveðið verð hinna váttryggðu muna í váttryggingarsamningnum, eða samið um tiltekna aðferð við mat á tjóninu, þá eru þau ákvæði skuldbindandi fyrir félagið, nema það sanni, að bæturnar mundu þá nema meiru en upphæð tjónsins.“

¹¹⁴ Eiríkur Jónsson (n. 7) 393.

¹¹⁵ Páll Sigurðsson (n. 30) 23.

¹¹⁶ Eiríkur Jónsson (n. 7) 394.

leggjast að tilkynna félaginu um það. Komi upp slík staða er ekki nóg að líta til þess að váttryggingartaki hafi brotið gegn upplýsingaskyldu sinni heldur verður í kjölfarið að meta hversu mikill munur er í raun á hinu bundna váttryggingarverði og raunverulegu verðmæti hlutarins eftir verðryrnun, við hvaða fjárhæð iðgjöld hans miðast, hversu lengi þau hafa verið greidd og hvort félagið hafi sýnt af sér einhvers konar athafnaleysi. Öll þessi atriði kæmu því til skoðunar við mat á því hvort félaginu sé heimilt að takmarka ábyrgð sína að einhverju leyti vegna brots á upplýsingaskyldu váttryggingartaka sem hefði áður nefndar afleiðingar í för með sér. Með þessari aðferðafræði væri hægt að koma í veg fyrir að váttryggður aðili myndi hagnast um of á kostnað félagsins á ólögmetan hátt.¹¹⁷ Komi sú staða upp sem að ofan greinir gæti félagið borið fyrir sig 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936¹¹⁸ til þess að losna undan ábyrgð. Þrátt fyrir það er víst að mikið þyrfti til svo dómstólar myndu beita slíkri reglu í þágu félaganna, en þó ekki útilokað.¹¹⁹

3.3.3. Tvítrygging

Þar sem meginregla 35. gr. vsl. er að váttryggður eigi einungis rétt á fullum bóttum fyrir fjártjón sitt og eigi þar af leiðandi ekki að hagnast á því að verða fyrir tjóni er ákvæði í 1. mgr. 37. gr. vsl. sem tekur á því ef eitt og sama tjónið sem váttryggður verður fyrir fellur undir fleiri en eina váttryggingu, en sambærileg ákvæði er að finna í 6-3. gr. norsku vsl. og í 41.-44. gr. dönsku vsl. Getur því sú staða komið upp að sömu hlutirnir, eða hagsmunirnir, geta fengist bættir vegna sama tjónsins úr tveimur eða fleiri váttryggingum. Skiptir þá váttryggingartakinn, váttryggingarfélagið, flokkur váttrygginga og svo framvegis ekki máli, svo lengi sem þeim er ætlað að bæta sama tjónið.¹²⁰ Í slíkum tilfellum getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann kys að ganga í, að því marki sem hann fær tjón sitt að fullu bætt. Getur váttryggður þar af leiðandi ekki fengið fullar bætur út úr hvorri tryggingu fyrir sig heldur miðast fullar bætur við raunverulegt fjártjón hans. Í slíkum tilfellum hefur váttryggingartaki því nokkurt svigrúm til að ákveða hvaðan bætur fyrir tjón hans greiðast, enda getur hagsmunum viðkomandi verið betur borgið við að fá bætur greiddar úr einni váttryggingu frekar en annari, til dæmis með hliðsjón af iðgjalds aukum, bónusum og svo framvegis. Ef sú staða er uppi að váttryggingarverð fyrir tiltekinn hlut er bundið á tveimur stöðum, en verðmæti hlutarins er mismunandi, liggur það í augum uppi að váttryggður sækir í þá váttryggingu sem veitir honum hærri bætur. Á þessi

¹¹⁷ Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 215-204. mál, athugasemdir við 36. gr.

¹¹⁸ Hér eftir nefnd sml.

¹¹⁹ Eiríkur Jónsson (n. 7) 394.

¹²⁰ sama heimild.

heimild váttryggðs við hvort sem þær váttryggingar sem til greina koma eru hjá einu og sama váttryggingarfélaginu eða sitt hvoru þeirra.¹²¹ Ef hins vegar tvö eða fleiri váttryggingarfélög bera ábyrgð á tjóni váttryggðs ber hvert þeirra einungis hlutfallslega ábyrgð á tjóninu, samanber 2. mgr. 37. gr. vsl. Til grundvallar liggur þó alltaf að tjónþoli fái sitt tjón að fullu bætt, innbyrðis ágreiningur váttryggingarfélaga um skiptingu sakar á ekki að bitna á bótagreiðslum til váttryggðs aðila.¹²² Snýr slík skipting á ábyrgð váttryggingarfélaganna einnig að váttryggingartaka sjálfum, enda yrði ekki talið sanngjarnt að tjón váttryggðs aðila yrði að fullu bætt úr váttryggingu aðila sem ætti aðeins helmings sök á því að tjón varð og að aðrir sem bæru einnig ábyrgð á tjóninu kæmst upp með að ekkert yrði greitt úr þeirra váttryggingu þar sem greiðsla úr váttryggingum váttryggingartaka getur í vissum tilfellum haft áhrif á umsamin kjör viðkomandi hjá sínu váttryggingarfélagi. Í lögum um váttryggingasamninga er þó að finna ákvæði sem skera úr um hvora váttrygginguna tjónþoli skuli sækja bætur í verði hann fyrir tjóni. Sem dæmi um slík ákvæði er 40. gr. vsl. en í henni er tekið á þeim tilvikum þegar eigendaskipti verða að hlut og váttryggingar beggja aðila ná yfir hlutinn á tilteknu tímabili.

Þrátt fyrir ofangreinda umfjöllun um rétt váttryggðs til að ganga í þá tryggingu sem kemur hagsmunum viðkomandi best er óhjákvæmilegt að líta til ákvæðis 1. mgr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.¹²³ Í fyrrnefndu ákvæði skbl. segir að „[s]kaðabótaréttur stofnast ekki vegna tjóns sem munatrygging eða rekstrarstöðvunartrygging tekur til.“ Felur þetta ákvæði skaðabótalaganna í sér að ef tjónþoli er váttryggður með munatryggingu eða rekstrarstöðvunartryggingu sem nær til tjóns viðkomandi þá getur hann ekki átt skaðabótarétt gagnvart þeim sem annars teldust bótaskyldir vegna tjónsins,¹²⁴ en samhljóða reglu er að finna í 19. gr. dönsku skaðabótalaganna.¹²⁵ Í slíkum tilfellum hefur tjónþolin ekki það val sem hann annars hefði samkvæmt 1. mgr. 37. gr. vsl. og getur því ekki beint kröfu sinni að váttryggingarfélagi tjónvalds, samanber 44. gr. vsl., heldur verður tjónþoli fyrst að tæma þann rétt sem hann á úr eigin váttryggingu.¹²⁶ Er sambærilega reglu að finna í 4. gr. norsku skaðabótalaganna en hún kveður á um að tjónþoli verði alltaf að halda sig við sitt eigið váttryggingarfélag.¹²⁷ Ef í skilmálum váttryggingarinnar er, sem dæmi, lögð eigin áhætta á váttryggðan sem myndi þá lækka bótafjárhæðina sem viðkomandi fengi vegna tjónsins gæti

¹²¹ Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 215-204. mál, athugasemdir við 1. mgr. 37. gr.

¹²² sama heimild, athugasemdir við 2. mgr. 37. gr.

¹²³ Hér eftir nefnd skbl.

¹²⁴ Alþt. 1992-1993, A-deild, 326. mál, athugasemdir við 1. mgr. 19. gr.

¹²⁵ Erstatningsansvarsloven, LBKG 2014-03-21 nr 266, hér eftir nefnd dönsku skbl.

¹²⁶ Eiríkur Jónsson (n. 7) 395.

¹²⁷ Lødrup (n. 83) 122.

hann þó átt skaðabótakröfu fyrir þeirri upphæð sem myndi leiða til þess að á endanum fengi tjónþolinn tjón sitt að fullu bætt. Sama gildir ef váttryggt hefur verið undir verði, en þá á váttryggður bótakröfu sem nemur mismuninum og gerir hann þá eins settan fjárhagslega og hefði hann ekki lent í tjóni.¹²⁸ Sem dæmi um slíkt tilvik er ef aðili sem er tryggður með frjálsri ábyrgðartryggingu veldur skemmdum á bifreið sem tryggð er með kaskótryggingu. Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skbl. verður eigandi bifreiðarinnar sem skemmdist fyrst að ganga í kaskótryggingu bifreiðarinnar áður en hann gerir kröfu í ábyrgðartryggingu tjónvalds þar sem skilyrði fyrir greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingum er að váttryggingartaki eða annar váttryggður beri skaðabótaábyrgð á tjóni.¹²⁹ Gæti eigandi bifreiðarinnar því aðeins gert bótakröfu sem nemur eigin áhættu hans í tjóninu. Frá ákvæði 1. mgr. 19. gr. skbl. eru þó ýmis frávik í 2. og 3. mgr. greinarinnar en þau snúa að mestu að því ef tjóni er valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða í atvinnurekstri eða opinberri starfsemi.

Til þess að átta sig betur á því hvernig og með hvaða hætti váttryggingafélögin eru að semja við sína váttryggingataka um ákvörðun bótafjárhæða er mikilvægt að skoða vel skilmála félaganna en þeir eru grundvallaratriði váttryggingasamningsins.

4. Skilmálar váttryggingafélaganna

Þegar váttryggingarfélög nýta sér þá heimild til að semja við váttryggingartaka um tilteknar bætur eða útreikning bóta vegna tjóns á grundvelli 1. mgr. 35. gr. vsl. um eru ákvæði þess efnis sett í váttryggingarsamning sem aðilar gera sín á milli. Váttryggingarsamningurinn samanstendur af þremur skjölum, þau eru:

1. Váttryggingarsamningurinn.
2. Váttryggingarskilmálar.
3. Váttryggingarskírteini.

Váttryggingarsamningurinn er sá samningur sem gildir milli váttryggingarfélags og váttryggingartaka um tiltekna váttryggingu. Í honum kemur meðal annars fram hvaða áhættu er samið um, hvert iðgjaldið er, gjalddagi iðgjaldsins, ákvörðun bótafjárhæða og svo

¹²⁸ Alpt. 1992-1993, A-deild, 326. mál, athugasemdir við 1. mgr. 19. gr.

¹²⁹ Amljótur Björnsson (n. 71) 33.

framvegis.¹³⁰ Í 1. mgr. 10. gr. vsl. er síðan tiltekið að þegar váttryggingarsamningur hefur verið gerður þarf að ákveða hvaða skilmálar gilda um váttrygginguna, má það því gerast eftir að samningur hefur komist á.¹³¹ Efni skilmálanna snýr því að nánari útfærslu á efni váttryggingarsamningsins og skal váttryggingartaki þar af leiðandi fá eintak skilmálanna í sínar hendur ásamt váttryggingarsamningnum. Eftir að samningur hefur verið gerður og ákveðið hvaða skilmálar gilda um váttrygginguna fær váttryggingartaki í hendurnar skírteini frá félaginu til staðfestingar á því að samningur sé kominn á þeirra á milli og skal þar vísað til skilmála samningsins, sbr. 1. mgr. 10. gr. vsl. Tilgangurinn með því að gefa út slíkt skírteini er að ítreka helstu atriði samningsins svo váttryggingartaki geti betur gert sér grein fyrir þeirri vernd sem váttryggingin veitir honum auk þeirra skyldna sem lagðar eru á hann með varúðarreglum og öðrum takmörkunarákvæðum skilmálanna. Þarf skírteinið þar af leiðandi að vera eins skýrt fyrir váttryggingartakann og kostur er,¹³² en í a til g-liðum 2. mgr. 10. gr. er nánar útlistað hvað skuli koma fram í váttryggingarskírteini.

Líkt og áður hefur verið komið að er efirlit með váttryggingarfélagunum mikið af hálfu Fjármálaeftirlitsins og þurfa þau að uppfylla vissar hátternisreglur og fylgja reglum um góða viðskiptahætti og venjur í váttryggingaviðskiptum, sbr. 5. mgr. 6. gr. vsl. auk þess sem skilmálar þeirra þurfa að standast skoðun hjá Fjármálaeftirlitinu. Eru skilmálar félaganna því margir hverjir að miklu leyti samhljóða eða að minnsta kosti mjög svipaðir að efni til¹³³ þótt uppbygging þeirra sé oft misjöfn.¹³⁴

Skilmálar og aðrir samningar váttryggingafélaganna við váttryggingartaka eru almennt staðlaðir samningsskilmálar, það er að þeir eru almennt ekki mótaðir sérstaklega að þörfum hvers og eins váttryggingartaka heldur gilda sömu skilmálar um alla þá sem samþykkja þá skilmála. Undantekningar á þessari einsleitni getur þó komið fram meðal annars í váttryggingarfjárhæðum og útreikningi á iðgjaldi. Auk þess sem samningsskilmálar íslensku váttryggingarfélaganna eru almennt staðlaðir þá eru þeir einnig einhliða, það er að segja samdir af öðrum aðila í samningssambandsins, í þessu tilfalli váttryggingarfélaginu.¹³⁵ Ákvæði váttryggingarsamninga getur þó verið mismunandi og fer eftir skilmálum hvers váttryggingarfélags fyrir sig. Í þeim getur einnig verið kveðið á um sérstakar uppgjorsreglur auk reglna um afskriftir, til dæmis á parketi, fatnaði og öðru sem mikið er gengið um og

¹³⁰ Eiríkur Jónsson (n. 7) 173–174.

¹³¹ Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 215-204. mál, athugasemdir við 10. gr.

¹³² sama heimild.

¹³³ Páll Sigurðsson (n. 30) 148.

¹³⁴ Eiríkur Jónsson (n. 7) 177.

¹³⁵ sama heimild 175–176.

eðlilegt að taki útlitsbreytingum með tíð og tíma.¹³⁶ Í þeim skilmálum sem fjallað verður um hér síðar eru tilteknar sérstakar váttryggingarfjárhæðir, eða hámarksfjárhæðir, sem greiðast út úr váttryggingunni fyrir hvert tjón, eða á hverju váttryggingartímabili. Í brunatryggingum og fasteignatryggingum miðast þó sú fjárhæð við brunabótamat eignarinnar samkvæmt Þjóðskrá Íslands, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga um brunatryggingar nr. 48/1994.¹³⁷ Aðrar eignatryggingar veita meira svigrúm við samningsgerðina við ákvörðun váttryggingarfjárhæðar en almennt er reynt eftir fremsta megni að leggja mat á sem dæmi, verðmæti innbús, tiltekinna hluta eða reksturs og hámarksfjárhæðin miðuð við það. Undantekning frá þessu eru skilmálar Sjóváar og Varðar um kaskótryggingar ökutækja en þar segir: „Váttryggingarfjárhæð ökutækisins er almennt ekki tilgreind í váttryggingarskírteininu.“¹³⁸ Þess í stað miðast váttryggingarfjárhæð ökutækisins við markaðsvirði þess á tjónsdegi, en ekki tiltekna upphæð. Nánar verður fjallað um þessar tryggingar síðar.

Það hefur mikla þýðingu fyrir váttryggðan að tjónsatvik auk eigna eða hluta í hans eigu falli undir ákvæði skilmálanna enda er það forsenda fyrir því að viðkomandi fái bætur fyrir tjón sitt úr váttryggingunni. Þegar tjón verður eru það tjónamatsmenn hjá viðeigandi félagi sem leggja mat á það tjón sem orðið hefur á eign váttryggðs. Til þess að tjónamatsmennirnir geti sem best gert sér grein fyrir því tjóni sem orðið hefur á hinni váttryggðu eign er tjónþola skylt að veita þær upplýsingar sem hann hefur hvort tveggja um tjónið og verðmæti eignarinnar. Í 1. mgr. 47. gr. vsl. segir að „Við uppgjör bóta skal váttryggður veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur.“ Má því ætla að slík upplýsingaskylda hvíli á váttryggingartaka, óháð því hvaða váttryggingu viðkomandi hefur hjá hverju félagi. Sérstaklega hefur þó verið vakin athygli á ákvæðinu í tengslum við brunatryggingar, sem komið er að síðar.

Hvert og eitt félag býður upp á fjölmargar váttryggingar sem miða að því að bæta váttryggingartaka það tjón sem verður á eignum hans og annarra váttryggðra samkvæmt skilmálunum og falla því undir skilgreininguna á skaðatryggingum. Verður hér nánar fjallað um ákvörðun váttryggingarfélaga hvað varðar fjárhæð bóta til váttryggingartaka út úr mismunandi váttryggingum til að gefa sem besta mynd af því hvernig bætur eru ákvarðaðar út frá ákvæðum váttryggingarskilmála. Verða því sérstaklega skoðuð ákvæði er varða uppgjör bóta úr innbústryggingum, fasteignatryggingum, og þá hvort tveggja húseigendatryggingu og

¹³⁶ Sjá nánar í kaflanum „Samanburður á innbústryggingum félaganna“.

¹³⁷ Hér eftir nefnd bl.

¹³⁸ Sjóvá, „Kaskótrygging ökutækis, nr. 502“ <<http://www.sjova.is/files/skilmalar/SKI-0069.pdf>> skoðað 12. apríl 2016, 6. gr; Vörður, „Kaskótrygging ökutækja, nr. B-2“ <<https://vordur.is/media/1024/b-2-kaskotrygging-okutaekja.pdf>> skoðað 12. apríl 2016, 9. gr.

brunatryggingu, auk kaskótryggingar ökutækja, en áður hefur stuttlega verið gerð grein fyrir eðli ábyrgðartrygginga í tengslum við umfjöllun um skaðabótarétt. Samhliða umfjöllun um ákvæði váttryggingarskilmálanna verður leitast við að gera grein fyrir og svara eftirfarandi spurningum:

- Hvort félagin séu að nýta sér þá heimild sem fram kemur í 1. mgr. 35. gr. vsl. um að semja sérstaklega um bótafjárhæðir á grundvelli ákvæðisins?
- Hvernig nýta þau sér þessa heimild?
- Eru ákvæði skilmálanna skýr?
- Eru ákvæði samninganna um fullar bætur frábrugðin ákvæðum laganna?

4.1. Innbústryggingar

Innbústryggingunum er ætlað að váttryggja innbú sem er í eigu hinna váttryggðu aðila, hvort tveggja sérgreint og almennt innbú þeirra, en samkvæmt skilmálum félaganna nefnast þessar váttryggingar ýmist Fjölskyldutryggingar eða Heimilistryggingar. Gildissvið og ákvæði skilmála þessara váttrygginga er sambærilegt milli félaganna. Ekki verður nánar farið í hvað teljist til sérgreinds eða almenns innbús í hverri váttryggingu fyrir sig, að öðru leyti en því að þeir hagsmunir sem hægt er að váttryggja sérstaklega eru undanþegnir. Er þar meðal annars átt við gæluþyr, skráningarskyld og vélknúin ökutæki, hjólhýsi, báta og fleira.

Félagin bjóða öll upp á ýmist þrjár eða fjórar fjölskyldu- eða heimilistryggingar. Eru slíkar váttryggingar samsettar tryggingar og er innbústryggingin því ein af þeim váttryggingum sem falla þar undir. Helsti munurinn milli Fjölskylduverndar 1 og Fjölskylduverndar 3 hjá Sjóvá, sem dæmi, er hversu víðtæka vernd þær veita váttryggingartaka. Ákvæði skilmálanna um ákvörðun og útreikning bótafjárhæða eru þó samhljóða og hið sama á við um skilmála fjölskyldu- eða heimilistrygginga hjá hinum félögunum. Innbúskaskótrygging er hlut af þeim fjölskyldu- eða heimilistryggingum félaganna sem veita hvað víðtækustu verndina. Er tilgangur þeirrar tryggingar fyrst og fremst að víkka gildissvið váttryggingarinnar fremur en að hafa áhrif á ákvörðun bótafjárhæða eða bótagrundvöllinn að öðru leyti. Á því eftirfarandi umfjöllun um greiðslu og útreikning váttryggingarbóta úr innbústryggingum félaganna við um alla skilmála þeirra sem falla undir heimilis- eða fjölskyldutryggingar.

4.1.1. Sjóvá

Fjölskylduvernd 1-3

Í 4. gr. skilmála fjölskylduvernda 1-3 hjá Sjóvá¹³⁹ er skýrt og skilmerkilega farið yfir hvernig bætur fyrir tjón skulu ákveðnar og er þar miðað við að gera váttryggðan eins settan fjárhagslega og hann var fyrir tjónið. Þrátt fyrir það getur váttryggingartaki þurft að setta sig við bætur sem miðast við fyrirfram ákveðna váttryggingarfjárhæð, það er þá hámarksfjárhæð sem váttryggingafélag ábyrgist fyrir hvert tjón.¹⁴⁰ Skal sú hámarksfjárhæð skýrlega tiltekin í váttryggingarskírteini sem váttryggingartaki hefur í höndunum. Sú staða getur þannig komið upp að sú váttryggingarfjárhæð sem tiltekin er í skírteininu er lægri en það tjón sem váttryggingartaki varð fyrir og fær váttryggingartaki þar af leiðandi fjártjón sitt ekki að fullu bætt á grundvelli 1. mgr. 35. gr. vsl.¹⁴¹ Slík ákvæði um hámarksfjárhæðir standast þó ákvæði laganna þar sem aðilar hafa samið um þessa tilteknu hámarksfjárhæð. Er því mikilvægt að váttryggingarfjárhæðin sé í samræmi við heildarverðmæti innbúsins sem váttryggt er samkvæmt samningnum, sbr. 5. gr. skilmálanna. Í 4. gr. skilmálanna kemur einnig fram að við ákvörðun bóta skuli taka mið af viðgerðarkostnaði ef gera á við hlutinn eða þá fjárhæð sem þarf til öflunar á samsvarandi hlut og þeim sem fór forgörðum. Um þær greiðsluáferðir sem félagið getur nýtt sér til að bæta tjón váttryggðs segir eftirfarandi í áður nefndri 4. gr. skilmálanna:

Félaginu er í sjálfsvald sett hvort það bætir tjón með peningagreiðslu, greiðir kostnað af fullnægjandi viðgerð á hinum skemmda hlut eða afhendir váttryggðum heila samsvarandi muni og tjón varð á.

Ef um bætur í forni peningagreiðslu er að ræða er miðað við þá fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða kaup á sambærilegum hlut. Greiðast bæturnar á grundvelli verðs á nýjum hlut en frádráttur kemur aðeins til greina ef notagildi hlutanna hefur minnkað fyrir váttryggðan. Þegar um er að ræða fatnað, minni raftæki og fleira sem almennt hefur styttri líftíma eru þó heimilar í skilmálanum ýmsar afskriftareglur með tilliti til aldurs hlutanna, þó að hámarki 70% af verðmæti nýs hlutar. Þá er sérstaklega tekið fram að minjagildi bætist ekki, enda miðast bæturnar við raunverulegt fjártjón váttryggðs.

¹³⁹ Sjóvá, „Fjölskylduvernd 1, nr. 202“ <<http://www.sjova.is/files/skilmalar/SKI-0031.pdf>> skoðað 1. maí 2016; Sjóvá, „Fjölskylduvernd 2, nr. 203“ <<http://www.sjova.is/files/skilmalar/SKI-0032.pdf>> skoðað 1. maí 2016; Sjóvá, „Fjölskylduvernd 3, nr. 204“ (n. 42).

¹⁴⁰ Eiríkur Jónsson (n. 7) 260.

¹⁴¹ sama heimild.

4.1.2. VÍS

Sameiginlegir skilmálar

Skilmálar VÍS eru að nokkru leiti byggðir upp á annan hátt heldur en skilmálar hinna félaganna. Gilda því sameiginlegir skilmálar VÍS¹⁴² um allar þær váttryggingar sem félagið býður upp á en um einstaka váttryggingar gilda síðan sérstakir skilmálar um þá tilteknu váttryggingu, með vísun til hinna almennu skilmála þegar það á við.¹⁴³ F+ Fjölskyldutryggingar eru hluti af þessum sérstöku skilmálum VÍS og er að mörgu leiti sambærilegar fjölskylduverndum Sjóvár.

F+ Fjölskyldutryggingar

Líkt og útskýrt var í umfjöllun um skilmála fjölskylduvernda hjá Sjóvá þá er í skilmálum F+ Fjölskyldutrygginga hjá VÍS¹⁴⁴ tiltekin ákveðin váttryggingarfjárhæð en í 6. gr. skilmálanna er þó sérstaklega áréttað að sú upphæð teljist ekki vera sönnun á því hvert raunverulegt verðmæti hinna váttryggðu hagsmuna er. Er það í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í **Hrd. 1. febrúar 1996 í máli nr. 333/1994** sem reifaður var í kafla 4.

Þegar félagið tekur ákvörðun um fjárhæð þeirra bóta sem þeim ber að greiða fyrir tjón er miðað við ákvæði 8. gr. skilmálanna. Samkvæmt þeirri grein skal miða við verðmæti nýs hlutar sem er sambærilegur þeim sem varð fyrir tjóni eða fór forgörðum á þeim degi er tjónið varð. Þrátt fyrir það er félaginu heimilt að lækka fjárhæð bótanna ef hlutir hafa rýrnað í verði vegna atriða sem áhrif geta haft á verðmæti hlutarins, svo sem aldurs eða notkunar. Þessari reglu eru þó sett takmörk í grein 8.5 skilmálans en þar er listaður upp hámarksfrádráttur vegna rýrnunar á hvern hlut en þó má frádrátturinn aldrei verða meiri en 70% af verðmæti nýs hlutar, eða 80% ef um tölvur eða sambærilega hluti er að ræða.

Það fer eftir því í hvernig ástandi hinn skemmdi hlutur er eftir óhappið hvort félagið greiði fyrir viðgerð á hlutnum eða kaupir hlutinn af váttryggðum gegn peningagreiðslu. Ef hægt er að gera við hlutinn á þann hátt að hann komist í svipað ástand og hann var í fyrir tjón og það borgar sig fyrir félagið að gera við hann. Sér félagið til þess að gert verði við hlutinn og greiðir fyrir viðgerðina. Ef hluturinn er hins vegar í það slæmu ástandi eftir tjónsatvikið að

¹⁴² VÍS, „Sameiginlegir skilmálar, nr. YY10“ <<http://vis.is/media/1141/yy10.pdf>> skoðað 30. apríl 2016.

¹⁴³ Eiríkur Jónsson (n. 7) 177.

¹⁴⁴ VÍS, „F+1 fjölskyldutrygging, nr. GH15“ <http://vis.is/media/1271/gh15_-_fpl%C3%BAs1.pdf> skoðað 1. maí 2016; VÍS, „F+2 fjölskyldutrygging, nr. GH18“ <http://vis.is/media/1274/gh18_-_fpl%C3%BAs2.pdf> skoðað 1. maí 2016; VÍS, „F+3 fjölskyldutrygging, nr. GH20“ <http://vis.is/media/1272/gh20_-_fpl%C3%BAs3.pdf> skoðað 1. maí 2016; VÍS, „F+4 Fjölskyldutrygging, nr. GH25“ (n. 32).

ekki er hægt að gera við hann eða viðgerð borgi sig ekki fyrir félagið, til dæmis ef kostnaður við viðgerð er hærri en verðmat hlutarins, þá getur félagið greitt út bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut til handa váttryggðum í stað þess sem varð fyrir tjóninu. Félagið fær þá skemmda hlutinn í sína vörslu. Grein skilmálanna nr. 8.4. heimilar þó félaginu að finna út hvert verðmæti hins skemmda hlutar var fyrir tjón og bera saman við verðmæti hans eftir tjón og greiða bætur sem nema mismuninum þar á milli.

Þá er að finna sérákvæði í grein 8.6. um hljóð- og myndrit auk þess sem tölvugögn og hugbúnaður ásamt minjagildi hlutanna bætist ekki út úr váttryggingunni, sbr. greinar 8.7. og 8.8.

Í lok 8. kafla skilmálanna segir svo orðrétt: „Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.“ Er ákvæðið samhljóða 39. gr. eldri vsl. og verður að ætla að með þessu sé VÍS að viðhalda þeirri reglu, þó svo hún hafi verið numin úr lögunum. Er ákvæðið því haft til hliðsjónar við útreikning félagsins á bótafjárhæðum sem greiðast til váttryggðs á grundvelli skilmálans.

4.1.3. TM

Heimatryggingar

Í skilmálum Heimatrygginga hjá TM¹⁴⁵, líkt og hinum félögunum, er það rauði þráðurinn við ákvörðun bóta að hinn váttryggði verði, eins og mögulegt er í hverju tilviki fyrir sig, eins settur fjárhagslega eftir tjónið og hann var fyrir tjónið. Fjárhæð váttryggingarbótanna miðast við verðmæti nýrra sambærilegra hluta, sbr. 19.1 og 19. gr., og verða bætur þar af leiðandi ekki lækkaðar vegna aldurs eða notkunar nema notagildi hlutanna hafi minnkað verulega vegna þessa fyrir hinn váttryggða. Í samræmi við það segir í lokamálslið 19.2 gr. að „Þegar tjón veldur eingöngu útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins váttryggða greiðast ekki bætur.“ Getur félagið þannig komist hjá greiðslu bóta ef notagildi hlutarins helst það sama. Leiði tjónið til þess að notagildi hlutarins rýrni eru nánar tilteknaðar afskriftarreglur lagðar til grundvallar við útreikning á bótafjárhæð, en þær reglur er að finna í grein skilmálanna nr. 19.3. Hámark

¹⁴⁵ TM, „Heimatrygging TM1, nr. 101“ <<https://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-101.pdf>> skoðað 1. maí 2016; TM, „Heimatrygging TM2, nr. 102“ <<https://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-102.pdf>> skoðað 1. maí 2016; TM, „Heimatrygging TM3, nr. 103“ <<https://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-103.pdf>> skoðað 1. maí 2016; TM, „Heimatrygging TM4, nr. 104“ (n. 108).

afskrifta er þó 70% af verðmæti hlutarins nema ef um tölvur eða búnað þeim tengdum sé að ræða en þær verða ekki bættar eftir fimm ára aldur.

Líkt og hin félögin, áskilur TM sér rétt til að ákveða hvort félagið greiði út bætur í peningum, hvort það greiði fyrir viðgerð á hlutnum sem varð fyrir tjóni eða afhendi tjónþola nýjan sambærilegan hlut. Hafi hlutur týnst eða honum verið stolið eða hann skemmst svo mikið að ekki sé hægt að gera við hann á félagið rétt á að fá þann hlut í hendurnar gegn greiðslu sem miðast þá við að altjón hafi orðið á hlutnum, sbr. 19.5 og 19.7 gr. skilmálanna. Félagið fengið þó aðeins hlutinn í hendurnar komi hann í leitirnar eftir að greiðsla hefur farið fram. Þá bætist minjagildi hluta ekki. Hafi þannig myndaalbúmi verið stolið fær tjónþoli einungis bætur sem nemur nýju myndaalbúmi en ekki það minjagildi sem albúmið hafði fyrir váttryggðan.

Í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun er síðan tiltekin váttryggingarfjárhæð sem váttryggingartaki og félagið hafa samið um við gerð váttryggingarsamningsins og miðast við hvert váttryggingartímabil, sbr. 20.5 gr. skilmálanna. Er því mikilvægt að váttryggingartaki átti sig á þeim verðmætum sem eru á heimili hans þegar váttrygging er tekin, en váttryggingarfjárhæðin sú hámarksfjárhæð sem félagið greiðir út.

4.1.4. Vörður

Heimilisvernd

Í grein 8.1. í fyrsta kafla skilmálum heimilisvernda hjá Verði¹⁴⁶ er tekið fram að markmiðið með bótum úr váttryggingunni sé að gera váttryggðan eins settan fjárhagslega og hann var fyrir tjónið, ef sá möguleiki er fyrir hendi. Líkt og hjá hinum félögunum er í áðurnefndri grein tiltekið að félagið hafi val um að bæta tjón váttryggðs með þrennum hætti, það er með peningagreiðslu, greiðslu vegna viðgerðar eða afhenda tjónþola heilan hlut, sambærilegan þeim sem varð fyrir tjóni. Ef félagið kys að greiða váttryggðum bætur í formi peningagreiðslu er fjárhæð hennar metin út frá þeim kostnaði sem félagið hefði annars orðið fyrir vegna viðgerðar eða enduröflunar á nýjum hlut. Þá er ekki litið til aldurs eða notkunar hlutarins til frádráttar nema notagildi hans hafi rýrnað á fyrir váttryggðan.

¹⁴⁶ Vörður, „Heimilisvernd 1, nr. E-31“ (n. 64); Vörður, „Heimilisvernd 2, nr. E-32“ <<https://vordur.is/media/1059/e-32-heimilisvernd-2.pdf>> skoðað 1. maí 2016; Vörður, „Heimilisvernd 3, nr. E-33“ <<https://vordur.is/media/1061/e-33-heimilisvernd-3-fra-112016.pdf>> skoðað 1. maí 2016; Vörður, „Heimilisvernd 4, nr. E-34“ <<https://vordur.is/media/1060/e-34-heimilisvernd-4.pdf>> skoðað 30. apríl 2016.

Í grein 8.3 í skilmálunum um innbústrygginguna eru sérstakar reglur um afskriftir á tilteknum hlutum. Í heildina geta afskriftir þó aldrei orðið meiri en 70% af verðmæti hlutarins, nema ef um tölvur og síma er að ræða en þau tæki afskrifast mun hraðar en aðrir hlutir. Tölvur fást þannig ekki bættar ef þær ná fimm ára aldri og símar, spjaldtölvur og önnur smærri raftæki afskrifast að fullu á átján mánuðum.

4.1.5. Samanburður á innbústryggingum félaganna

Líkt og kom fram hér að ofan er efni váttryggingarsamninganna mjög samhljóða þegar á heildina er litið. Þegar kemur að efni váttryggingarsamninga og skilmála hvað varðar innbústryggingar hafa váttryggingarfélögin þó nokkuð svigrúm til að setja í samninga ákvæði meðal annars um hvert gildissvið tryggingarinnar er, hverjar afskriftir hlutanna skulu vera, váttryggingarfjárhæðir, skilgreiningar á almennu og sérstöku innbúi og fleiru. Eru félögin með þessu að beita þeirri heimild sem þeim er veitt í 1. mgr. 35. gr. um að semja sérstaklega um fullar bætur með váttryggingarsamningi. Miða þó skilmálar allra félaganna að því að váttryggður fái fullar bætur fyrir fjártjón sitt á grundvelli samningsins og eigi ekki að hagnast á því að lenda í tjóninu.

Hvað varðar ákvörðun bótafjárhæða var helst að finna mismunandi ákvæði í skilmálum félaganna er vörðuðu afskriftir á váttryggðum hlutum. Í skilmálum Sjóvá, Varðar og TM er skýrt tekið fram að miða skuli bótafjárhæð við verðmæti á nýjum, sambærilegum hlut og þess sem varð fyrir tjóni eða fórst. Í 1. mgr. 39. gr. eldri vsl. var tekið sérstaklega fram að váttryggingarfélagi væri óskyldt að greiða hærri bætur en sem næmi því tjóni sem orðið hefur. Á grundvelli fyrrnefndra ákvæða váttryggingarfélaganna þriggja kunna tækin að vera orðin margra ára gömul, en fengjust bætt sem ný ef notagildi þeirra hefur verið það sama. Þær váttryggingar sem hafa slík ákvæði eru oft nefndar *nývirðistryggingar* og leiða þær í raun til þess að váttryggingartaki getur hagnast fjárhagslega á því að lenda í tjóni og þarf ekki að setta sig við að bótafjárhæð hans lækki með hliðsjón af aldri eða notkunar hlutarins. Eru slík ákvæði þar af leiðandi ekki í samræmi við 1. mgr. 39. gr. eldri vsl. en hafa þó ekki verið dregin í efa, enda til hagsbóta fyrir váttryggingartaka. Þá má þess geta að sambærilegt ákvæði við 1. mgr. 39. er ekki að finna í núgildandi vsl.¹⁴⁷ Í norskum rétti var í eldri lögum ákvæði sem kvað á um að þó svo að um annað hafi verið samið bar váttryggingarfélagi ekki skylda til að greiða meira en sem næmi raunverulegu fjártjóni tjónþola. Í framkvæmd hafði þó rétturinn

¹⁴⁷ Alpt. 2003-2004, A-deild, þskj. 215-204. mál, athugasemdir um efni 35. gr.

þróast á þá leið að tjónþoli gat fengið bætur sem námu verðmæti nýs hlutar óháð aldri og notkun þess sem varð fyrir tjóni. Samræmist ákvæði íslensku skilmálanna sem kveða á um nývirðistryggingu því norski réttarframkvæmd. Í dag er meginreglan tilgreind í 1. mgr. 6-1. gr. norsku vsl.,¹⁴⁸ sem fjallað var um í kafla 3, en efni hennar er sambærilegt 1. mgr. 35. gr. vsl. um að ef ekki er kveðið á um annað í váttryggingarsamningi á tjónþoli rétt á fullum bótum fyrir fjárhagslegt tjón sitt.

Í skilmálum Sjóvár, Varðar og TM, eru þó nákvæmlega listaðir upp tilteknir hlutir sem afskrifast með tímanum um tilteknar prósentur og má því ætla að þeir hlutir sem ekki er getið þar sérstaklega komi ekki til með að afskrifast, sbr. umfjöllun um túlkun váttryggingarsamninga. Geta afskriftir þó aldrei orðið meiri en 70% af verðmæti hlutanna. Sérstakar reglur gilda þó um tölvur, síma og önnur sambærileg raftæki hjá öllum félögum nema Sjóvá. Hjá Sjóvá gildir sama regla um þessi raftæki og aðra hluti sem afskrifast, það er að bótafjárhæð þeirra getur aldrei orðið lægri en 70% af verðmæti þeirra, sama hversu gömul tækin eru orðin. Hjá TM er ekki sérstakt ákvæði um síma en tölvur afskrifast hins vegar um 10% á hverju sex mánaða tímabili sem leiðir til þess að tölvur eldri en fimm ára bætast ekki. Sama regla gildir um borð- og fartölvur hjá Verði en að auki er regla um síma, spjaldtölvur, lófátölvur og fylgihluti þeirra en slíkir hlutir afskrifast um 33% á sex mánaða fresti og bætast þar af leiðandi ekki ef tækið er orðið eldra en átján mánaða. Má ætla að slík ákvæði hafi verið sett í skilmála félaganna vegna aukinnar tækniþróunar síðustu ára og því séu símar sem náð hafa átján mánaða aldri ekki búnir sömu tækni og þeir símar sem framleiddir eru í dag. Sama má segja um fimm ára gamlar tölvur. Er þetta því í samræmi við meginregluna um að váttryggður eigi ekki að hagnast á tjónatburði, það er að fá nýjan síma sem búinn er nýjum tækniþúnaði í stað eldri síma sem ekki var jafn fullkominn. Þrátt fyrir það má hins vegar telja slíka reglu váttryggðum fremur í óhag, enda getur notagildi símans eða tölvunnar hafa haldist gagnvart váttryggðum, þrátt fyrir aldur tækisins. Váttryggingartaki hefur með þessu því samið á þann hátt að hann fær engar bætur ef tækið nær áðurnefndum aldri og eru því fullar bætur fyrir þessa tilteknu hluti í raun engar bætur á grundvelli samningsins.

VÍS fer hins vegar aðeins aðra leið við mat á verðmæti hluta en í skilmálum þeirra kemur orðrétt fram í grein 8.1:

Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðyrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.

¹⁴⁸Forsikringsavtalelova LOV-1989-06-16-69, § 6-1,1 en þar segir: „Når ikke annet er bestemt i forsikringsavtalen, har sikrede krav på full erstatning for sitt økonomiske tap.“

Samkvæmt þessu er félaginu heimilt að taka mið af aldri, notkun og öðrum atriðum við mat á verðmæti þess hlutar sem varð fyrir tjóni og lækka þar með bótagrundvöllinn. Hvað varðar aðrar afskriftarreglur sem VÍS leggur fram í skilmálum sínum þá afskrifast símar og tölvur um 10% á hverju sex mánaða tímabili, þó að hámarki um 80%. VÍS bætir þar af leiðandi alltaf að lágmarki 20% af verðmæti tækisins óháð aldri þess, en getur komið sér hjá því að bæta hlut að fullu í samræmi við verð á nýjum, sambærilegum hlut ef hluturinn er talinn verðminni vegna aldurs, notkunar eða annarra atriða.

Ljóst er að ef ekki væru þau ákvæði í skilmálum félaganna sem fjallað hefur verið um og beita ætti einungis 1. mgr. 35. gr. vsl. um fullar bætur fyrir fjártjón væri félaginu ekki heimilt að beita reglum um afskriftir hluta eða bera fyrir sig ef váttryggður væri undirtryggður eða þess háttar, enda ætti váttryggður þá að fá allt fjártjón sitt bætt. Er þó, líkt og áður hefur komið fram,¹⁴⁹ við beitingu 1. mgr. 35. gr. vsl. miðað við sannanlegt fjártjón tjónþola eða enduröflunarverð á sambærilegum hlut. Við beitingu mismunarreglunnar yrði því því vissulega tekið tillit til þeirrar verðryrnunar sem hluturinn hafði þá þegar orðið fyrir vegna aldurs og notkunar, áður en hann varð fyrir hinu bótaskylda tjóni. Yrði fjárhæð bótanna þá miðuð við þann mismun sem varð á verðmæti hlutarins fyrir tjón og verðmæti hans eftir tjónsatburð. Þær bætur sem váttryggður fengi á grundvelli 1. mgr. 35. gr. vsl. næmu því sjálfkrafa ekki verðmæti á nýjum sambærilegum hlut heldur yrði tekið tillit til verðryrnunar, þó ekki með jafn hlutlægum og nákvæmum hætti og ákvæði ofangreindra skilmála kveður á um.

4.2. Brunatryggingar fasteigna

Brunatryggingar fasteigna eru skyldutryggingar til handa öllum sem eiga húsnaði hér á landi en um slíkar tryggingar fer eftir ákvæðum bl. Er því frelsi váttryggingarfélags og váttryggingartaka til sammingsgerðar takmarkaðra en í þeim tilfellum ef um frjálssar váttryggingar er að ræða. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laganna er húseigendum skylt að brunatryggja allar húseignir og eiga lögin því meðal annars við um íbúðarhúsnaði, húsnaði undir atvinnustarfsemi, geymslur og fleira. Þar sem um skyldutryggingu er að ræða er váttryggingafélagi óheimilt að taka til greina uppsögn váttryggingartaka á brunatryggingu nema hann geti sýnt fram á að hann hafi í gildi nýja brunatryggingu hjá öðru váttryggingafélagi, sbr. 4. mgr. 1. gr. bl.

¹⁴⁹ Sbr. umfjöllun um 1. mgr. 35. gr. vsl.

Vátryggingarfjárhæð húseignar miðast við brunabótamat hennar, sbr. 1. mgr. 2. gr. bl., en þar segir:

Vátryggingarfjárhæð húseignar skv. 1. mgr. 1. gr. skal nema fullu verði eignarinnar eftir virðingu. Þjóðskrá Íslands annast virðingu húseignar samkvæmt matskerfi og verklagsreglum stofnunarinnar. Heiti þeirrar gerðar er brunabótamat. ... Skal matið taka til þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar sem eyðilagst geta af eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti.

Á grundvelli 8. gr. bl. hefur ráðherra sett reglugerð um lögboðna brunatryggingu húseigna nr. 809/2000.¹⁵⁰ Í 3. gr. bl. og 16. gr. br. er að finna samhljóða ákvæði um uppgjör tjóns vegna bruna. Í 1. mgr. beggja ákvæða er skýrt kveðið á um að vátryggingarbótum skuli einungis varið í að endurbyggja eða gera við húseign sem hefur orðið fyrir tjóni vegna bruna. Vátryggingafélagi er þar af leiðandi óheimilt að greiða út bætur til tjónþola nema tryggja að bæturnar verði notaðar í áður nefndum tilgangi og er það í samræmi við ákvæði skilmála allra vátryggingafélaganna um uppgjör bóta. Hvað varðar ákvæði skilmála félaganna¹⁵¹ um mat á virðingu tjóns og uppgjóri bóta eru ákvæði þeirra allra mjög samhljóða og aðeins einstaka ákvæði sem skera sig úr. Má ætla að ástæða þess sé fyrst og fremst sú að um lögboðna skyldutryggingu sé að ræða. Á því eftirfarandi umfjöllun við um skilmála allra félaganna nema annað verði sérstaklega tekið fram.

Verði vátryggður fyrir brunatjóni þarf viðkomandi að tilkynna það vátryggingafélagi sínu þegar í stað. Í kjölfarið eru matsmenn á vegum félagsins sendir á staðinn og leggja mat á tjón vátryggðs eins fljótt og hægt er. Skal matið miðast við viðgerðarkostnað á hinni vátryggðu eign í samræmi við byggingaraðferðir og –efni sem viðurkennt er á þeim tíma er tjónið varð og getur tjónþoli þar af leiðandi ekki krafist hærri bóta á grundvelli þessa. Í viðbótarbrunatryggingu hjá VÍS er þó að finna ákvæði um að hægt sé að semja um frávík frá þessari reglu, sbr. ákvæði 14.2 gr. vátryggingarskilmála VÍS.¹⁵² Vátryggður getur þó einungis átt rétt á bótum úr þeirri tryggingu ef kostnaður við endurbyggingu húseignar er umfram brunabótamat hennar, sbr. 13.1.1 gr. skilmálanna.

¹⁵⁰ Hér eftir nefnd br.

¹⁵¹ Sjóvá, „Brunatrygging húseigna, nr. 261“ <<http://www.sjova.is/files/skilmalar/SKI-0022.pdf>> skoðað 8. apríl 2016, 8. og 9. gr; VÍS, „Brunatrygging húseigna, nr. EF10“ <http://vis.is/media/1172/ef10_brunatrygging-h.pdf> skoðað 7. apríl 2016, 13. og 15. gr; TM, „Brunatrygging húseigna, nr. 150“ <<https://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-150.pdf>> skoðað 7. apríl 2016, 12. og 13. gr; Vörður, „Brunatrygging húseignar, nr. E-1“ <<https://vordur.is/media/1031/e-1-brunatrygging-huseigna.pdf>> skoðað 7. apríl 2016, 12. og 13. gr.

¹⁵² VÍS, „Viðbótarbrunatrygging húseigna, nr. EF15“ <http://vis.is/media/1362/ef15_brunatrygging-vidb.pdf> skoðað 7. apríl 2016.

Einungis í skilmálum TM er gefin upp reikniregla hvernig skuli meta viðgerðarkostnað en skal það gert „þannig að dreginn sé frá mismunur milli gamals og nýs“, sbr. gr. 12.5. Í skilmálum Varðar, nánar tiltekið 12.4 gr., er vísað í ákvæði 3. mgr. 37. gr. laga um váttryggingasamninga. Ef skoðuð eru ákvæði núgildandi vsl. sést að í 37. gr. laganna eru einungis tvær málsgreinar. Tilvísun Varðar er því í eldri vsl. en í ákvæði 3. mgr. 37. gr. þeirra laga er að finna sambærilegt viðmið og tilvísuðu ákvæði TM. Má því ætla að umræddu ákvæði Varðar sé ætlað að geyma sömu reiknireglu og kemur fram í gr. 12.5 í skilmálum TM, en eins og ákvæðið er í dag ber ákvæðið slíka reglu ekki með sér og er því í samræmi við ákvæði VÍS og Sjóvá.

Til þess að tryggja að váttryggingarbæturnar fari einungis í endurbyggingu eða viðgerð á hinu váttryggða fellur bótakrafa ekki í gjalddaga fyrr en viðgerð eða endurbyggingu er lokið. Váttryggður getur þó fengið greiddar bætur ef viðgerð hefur þegar farið fram í heild eða að hluta. Félögin, að Verði undanskyldu, gera þó þá kröfu að greiðsla bóta fari ekki fram nema opinber rannsókn á brunanum hafi farið fram eða að dómur hafi fallið í tengslum við málið, hafi sakamál verið höfðað. Dragist greiðsla váttryggingarbóta á váttryggður rétt á vöxtum samkvæmt 50. gr. vsl.

Líkt og áður sagði er váttryggingafélagi óheimilt að greiða út bætur úr brunatryggingu nema til enduruppbyggingar eða viðgerðar. Þrátt fyrir það er að finna undantekningar frá þeirri reglu í 3. gr. bl., 13. gr. br. sem og í skilmálum allra félaganna. Felur það í sér að félögunum er heimilt að veita undanþágu frá því að húsnæði verði endurbyggt, en þá dregst 15% frá bótafjárhæðinni. Slíkur frádráttur kemur þó ekki til ef enduruppbygging er ekki heimil af ástæðum sem tjónþoli hefur ekki forræði á. Hafi slík undanþága verið veitt en félögin telja að brunabótamat húseignarinnar sé hærra en markaðsvirði hennar geta félögin miðað við markaðsverð eignarinnar auk lóðar. VÍS ítrekar þó í skilmálum sínum að þrátt fyrir það dragist áður nefnd 15% frá bótafjárhæðinni. Í **Hrd. 18. júní 2009, í máli nr. 646/2008** leit dómurinn þó framhjá þessari heimild um að bætur megi nema markaðsvirði eignar ef brunabótamat hennar reynist hærra. Um var að ræða hús í Bolungarvík í eigu L, en L hafði keypt það árið 1997 á 700.000 kr. en matsverð eignarinnar tæpar 24 milljónir króna og iðgjald greitt til T í samræmi við það mat. Árið 2003 kviknaði í húsnæðinu. Voru í kjölfarið dómkvaddir matsmenn sem mátu brunabótamat eignarinnar 36.657.756 kr. en markaðsvirði hennar nam einungis 9.500.000 kr. samkvæmt mati þeirra. Fór félagið í kjölfarið fram á yfirmat en niðurstaða þess var töluvert lægra en fyrra mat. Nam brunabótamat fasteignarinnar, samkvæmt yfirmatinu, tæpum 13 milljónum króna, en markaðsvirði þess var metið fjórar

milljónir króna. Vaknar þá spurningin við hvaða fjárhæð skuli miða? Það er, á að miða við brunabótamat eignarinnar eða markaðsvirði hennar. Um þetta segir í dóminum:

Í 39. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingasamninga, sem í gildi voru þegar tjónsatburður sá varð sem hér er til umfjöllunar, var lögfest sú regla að váttryggjanda væri óskilytt að greiða hærri bætur en með þyrfti til að bæta tjón, jafnvel þó að umsamið væri á annan veg. Má því fallast á það með stefnda að það sé meginregla að einungis skuli bæta raunverulegt tjón og verður því að líta svo á að brunabótamat Fasteignamats ríkisins feli í sér hámarksbætur, en ekki endilega raunverulega bótafjárhæð

Féllst dómurinn á þrautaprautavarakröfu L um viðurkenningu á endurbyggingar- eða stofnverði vegna endurbyggingar fasteignarinnar að fjárhæð 12.767.000 kr., eða sem nemur brunabótamati yfirmatsmanna í málinu. Þar sem markaðsvirði eignarinnar var metið að fjárhæð 9.500.000 kr. nam raunverulegt fjártjón eiganda eignarinnar þeirri upphæð, enda gat hann ekki sýnt fram á að hann fengi hærri verð fyrir eignina ef hann hefði selt hana á almennum markaði fyrir brunann. Má því ætla að visst sanngirnismat hafi legið að baki niðurstöðu dómsins, enda hafði L haldið fram að hann hygðist endurbygga húsnæðið.

Í 3. mgr. 3. gr. bl. og 3. mgr. 16. gr. br. er að finna ákvæði sem ekki er getið í skilmálum félaganna. Taka ákvæðin á þeim aðstæðum ef sveitarstjórn, þar sem eldsvoði verður, telur nauðsynlegt að hlutaðeigandi hús verði fjarlægð sökum eldhættu eða skipulagsástæðna og tjónið nemur meira en helmingi brunabótamats eignarinnar. Er sveitastjórn þá heimilt að leysa til sín húsið. Váttryggingafélagið greiðir í slíku tilviki þá bótafjárhæð sem þeim bar skylda til miðað við tjónið á eigninni, en sveitastjórnin ber síðan ábyrgð á greiðslu mismunar milli bótafjárhæðarinnar og brunabótamats eignarinnar. Tjónþoli fengi undir þeim kringumstæðum tjón sitt að fullu bætt sem næmi brunabótamati eignarinnar.

Þar sem um lögboðna brunatryggingu er að ræða verða skilmálar váttryggingarinnar að vera í samræmi við ákvæði laga. Gefst þar af leiðandi mun minna svigrúm en ella fyrir váttryggðan aðila að hafa áhrif á efni samningsins. Vissulega getur hann valið til hvaða félags hann leitar en líkt og sést á framangreindri umfjöllun eru skilmálar félaganna meira og minna samhljóða. Miðast bótafjárhæðir þar af leiðandi alltaf við kostnað við endurbyggingu eða viðgerð á húseign vegna eldsvoða, þó að hámarki þess sem nemur brunabótamati eignarinnar, eða markaðsvirði hennar. VÍS hefur það þó umfram hin félögin að bjóða upp á svokallaða viðbótarbrunatryggingu¹⁵³, en samkvæmt gr. 13.1.1 í skilmálunum kemur einungis til greiðslu bóta úr þeirri váttryggingu ef kostnaður við lagfæringar er hærri en sem nemur brunabótamatinu. Er VÍS með þessu að ganga lengra heldur en hin félögin í að nýta sér

¹⁵³ sama heimild.

heimild 1. mgr. 35. gr. vsl. um að semja sérstaklega um greiðslu bóta úr váttryggingu. Að öðru leyti miðast bótafjárhæðir við endurbyggingu eða viðgerðarkostnað, en viðbótarbrunatrygging VÍS veitir aukna vernd umfram það sem getið er í bl. Má segja að vissu leyti séu ákvæði bl. að takmarka rétt aðila til fullra bóta á grundvelli 1. mgr. 35. gr. vsl. með því að miða bæturnar við brunabótamat eignarinnar eða markaðsvirði hennar. Væri því möguleiki á að aðili myndi öðlast hærri bætur á grundvelli 1. mgr. 35. gr. vsl. eftir því hversu miklu tjóni hann varð fyrir. Samræmist þetta að vissu leyti því sjónarmiði sem haft var uppi í áður reifuðum dómi Hæstaréttar í máli nr. 646/2008.

4.3. Húseigentatrygging

Ólíkt skilmálum um brunatryggingar fasteigna eru húseigentatryggingar ekki lögboðnar. Skilmálar félaganna varðandi þessar tryggingar eru því með öllu frjálssara móti og uppsetning þeirra og efni ólíkt. Gildissvið skilmálanna miðast þó í öllum tilfellum við húsnæði váttryggingartaka auk fylgifyjár sem fellur undir brunabótamat eignarinnar, auk þess sem váttryggingarfjárhæð váttrygginganna miðast við brunabótamat hennar.

Verður nú nánar vikið að skilmálum félaganna, og gerð grein fyrir útreikningi bótafjárhæðar hjá hverju þeirra fyrir sig, en uppbygging þeirra er ólík að mörgu leyti.

4.3.1. Sjóvá

Skilmálar fasteignatryggingar Sjóvár¹⁵⁴ skiptast upp í þrettán kafla. Einungis í fjórum þeirra eru sérstök ákvæði er snúa að ákvörðun bóta fyrir tjón. Í *fyrsta lagi* er slíkt ákvæði að finna í 2. gr. skilmálanna um vatnstjón en þar segir:

Váttryggingarbætur miðast við sannanlegar vatnsskemmdir á hinni váttryggðu húseign. Bætur greiðast fyrir kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til að komast fyrir leka og frágang vegna slíkra aðgerða þannig að húseignin verði ekki í lakara ástandi en fyrir tjónið.

Fást þar af leiðandi ekki bætur vegna viðgerða á til dæmis rörum eða öðru sem leiddi til þess að tjón varð, heldur einungis vegna þess tjóns sem leiddi af lekanum. Í *öðru lagi* skulu bætur úr glertryggingu miðast við verð á nýju gleri í sömu stærð og gæðum og það sem varð fyrir tjóni ásamt kostnaði við ísetningu, sbr. 13. gr. skilmálanna. Í *þriðja lagi* er getið um

¹⁵⁴ Sjóvá, „Fasteignatrygging, nr. 201“ <<http://www.sjova.is/files/skilmalar/SKI-0027.pdf>> skoðað 8. apríl 2016.

bótauppgjör í 9. kafla skilmálanna um brot- og hrunstryggingar en á samkvæmt 16. gr. bætir félagið tjón á hreinlætistækjum sem samsvarar verði þess tækis sem brotnaði. Þá er í *fjórða lagi* sérstakt ákvæði um húsaleigutryggingu í 10. gr. skilmálanna en sú váttrygging bætir ýmist þá húsaleigu sem váttryggður tapar eða þarf að greiða ef hann þarf að flytja úr húsnæði sínu vegna tjóns sem er bótaskylt samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar. Miðast bæturnar við eðlilega húsaleigu á meðan viðgerð stendur yfir, þó ekki hærrí en sem nemur 6% af váttryggingarfjárhæðinni á mánuði í hámark sex mánuði. Eyðileggist húsið það mikið að ekki er unnt að gera við það jafngilda bæturnar einni mánaðarleigu.

Í lok skilmálanna er að finna kafla um *almenn ákvæði* en þar segir í 39. gr. að bótagreiðslur félagsins til váttryggðs miðist við að húseignin verði ekki í lakara ástandi en fyrir tjón og skulu þær taka mið af kostnaði við viðgerð á hinn váttryggðu húseign. Þá er það í höndum félagsins að ákveða hvort greiðslur fari fram sem viðgerð á skemmdum eða í formi peningagreiðslu sem skal vera í samræmi við þá fjárhæð sem félagið hefði annars lagt út vegna viðgerðar eða enduröflunar á nýjum hlut.

Vegna þess að sérstök ákvæði um greiðslu bóta er ekki að finna í öðrum köflum skilmálanna má ætla að ákvæði 39. gr. þeirra eigi við um bótagreiðslur í öðrum tilfellum. Má því ætla að orðalag ákvæðisins sé að mörgu leiti samhljóma ákvæði 1. mgr. 35. gr. vsl. um fullar bætur fyrir fjártjón, það er að bótagreiðslur til váttryggðs nemi ýmist viðgerðarkostnaði eða enduröflunarverði.¹⁵⁵ Ekki er þó loka fyrir það skotið að 1. mgr. 35. gr. vsl. myndi veita váttryggðum enn betri rétt ef hann sýndi fram á fjártjón sem ekki yrði beinlínis talinn til viðgerðarkostnaðar.

4.3.2. VÍS

Skilmálar húseigendatryggingar íbúðahúsnæðis hjá VÍS¹⁵⁶ eru settir upp á talsvert annan hátt heldur en skilmálar Sjóvár. Í 13. gr. skilmálanna er að finna ákvæði um ákvörðun bóta vegna þeirra tilvika sem falla undir váttrygginguna. Þau viðmið sem helst ber að líta til við ákvörðun bóta má finna í ákvæðum 13.1 og 13.6 gr. skilmálanna en samkvæmt þeim skulu bætur miðast við verðmæti hins váttryggða á tjónsdegi að frádreginni verðryrnun meðal annars vegna aldurs og notkunar, sbr. ákvæði 13.5 gr. skilmálanna. Auk þess segir að „váttryggður skal ekki

¹⁵⁵ Alpt. 2003-2004, A-deild, þskj. 215-204. mál, athugasemdir við 1. mgr. 35. gr.

¹⁵⁶ VÍS, „Húseigendatrygging íbúðarhúsnæðis, nr. GF15“
<http://vis.is/media/1180/gf15_h%C3%BAseigendatrygging-%C3%ADb%C3%BA%C3%B0arh%C3%BAsnae%C3%B0is-nov-2009.pdf> skoðað 7. apríl 2016.

hagnast á váttryggingaratburði“ og að „váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.“ Á grundvelli 13.2 gr. til 13.4 gr. skilmálanna getur félagið annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við skemmdir ef viðgerðin leiðir til þess að ástand húseignarinnar verði svipað og fyrir tjónið. Ef ekki er hægt að gera við hlut eða það borgar sig ekki að mati félagsins, getur það greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut. Verði húseign fyrir það miklu tjóni að ekki er hægt að gera við hana eða það borgar sig ekki getur félagið greitt bætur í peningum sem nemur þá brunabótamati eignarinnar að frádregnu því verðmæti sem stendur eftir af eigninni.

Afnotamissir íbúðarhúsnæðis er hluti af húseigendatryggingunni, sbr. 9.10 gr. skilmálanna, og getur váttryggður því fengið bætur ef íbúðarhúsnæði skemmist það mikið að óhjákvæmilegt er að flytja úr húsnæðinu. Nema þá bætunar meðalleigu á sambærilegu húsnæði, þó aldrei meira en 0,8% af váttryggingarfjárhæð húseignarinnar og að hámarki í sex mánuði frá tjónsdegi, þó ekki lengur en á meðan eðlilegum viðgerðartíma stendur.

Þar sem þessi ákvæði 13. gr. skilmálans gilda um greiðslu bóta fyrir allt það tjón sem fellur undir gildissvið skilmála húseigendatrygginga einstaklinga hjá VÍS er minna svigrúm fyrir tjónþola að líta til 1. mgr. 35. gr. vsl. heldur en í skilmálum Sjóvár, enda váttryggingartaki með þessu búinn að semja um útreikning á fjárhæð bótanna.

4.3.3. TM

Skilmálar húseigendatrygginga TM¹⁵⁷ eru settir upp á svipaðan hátt og hjá Sjóvá. Húseigendatryggingin er samsett af tíu tryggingum og eru, ásamt sameiginlegum skilmálum, sér skilmálar fyrir hverja og eina þeirra. Í sameiginlegu skilmálunum er að finna ákvæði í 14. gr. um váttryggingarfjárhæðina en hún miðast við brunabótamat húseignarinnar í heild eða eignarhluta váttryggðs eins og hann er á hverjum tíma. Þá er einungis í þremur sérskilmálum tekið fram hvernig skuli fara með uppgjör bóta. Í *fyrsta lagi* er það vatnstjónstrygging en samkvæmt 22.1 gr. skilmálanna miðast váttryggingarbætur við sannanlegar vatnsskemmdir á húseigninni. Þá bætist einnig nauðsynlegt uppbrot og rask vegna viðgerða og frágang þannig að húseignin verði ekki í lakara ástandi en fyrir tjónið. Þá er í 22.2 gr. viðmiðunarregla um hvað teljist vera eitt tjón í skilningi váttryggingarinnar. Í *öðru lagi* er ákvæði 26. gr. um glertryggingu, en samkvæmt henni skal allt tjón váttryggðs bætt með

¹⁵⁷ TM, „Húseigendatrygging, nr. 400“ <<https://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-400.pdf>> skoðað 7. apríl 2016.

Því að útvega samskonar hluti og tjón varð á, ásamt ísetningarkostnaði. Í þriðja lagi inniheldur húseigendatrygging TM húsaleigutryggingu, en sú váttrygging bætir tjón sem váttryggður verður fyrir ef rýma þarf húsnæði vegna tjóns sem bótaskylt er samkvæmt ákvæðum húseigendatryggingarinnar eða lögboðinni brunatryggingu, sbr. 29. gr. skilmálanna. Greiðir félagið þá húsaleigu sem váttryggður tapar vegna þessa. Bætur geta þó aldrei orðið hærri en nemur 6 % af váttryggingarfjárhæðinni fyrir hvern mánuð eða fyrir lengri tíma en sex mánuði frá váttryggingaratburði. Eyðileggist hins vegar húsið og ekki á að gera við það fást bætur sem nema einni mánaðarleigu.

Eru skilmálar húseigendatryggingar TM þar af leiðandi svipaðir ákvæðum skilmála Sjóvárs, að því leyti að bæði hafa þeir almenn ákvæði um uppgjör bóta en einnig sérákvæði er varða glertryggingu og vatnstjónstryggingu.

4.3.4. Vörður

Skilmáli húseigendatryggingar hjá Verði¹⁵⁸ er settur upp á svipaðan hátt og skilmáli VÍS, það er að í honum eru tilgreind í einum kafla öll þau tilvik sem falla undir váttrygginguna og síðan fjallað um ákvörðun bóta í 5. gr. skilmálanna. Miðast bætur sem greiddar eru úr þessari váttryggingu við enduröflunarverð á sambærilegum eignum og þeim sem skemmdust eða fórust og er markmið bótafjárhæðarinnar að gera váttryggðan eins settan fjárhags- og eignalega séð og hann var fyrir tjón, sbr. 5.1 gr. skilmálanna. Er þá sérstaklega tekið fram að minjagildi eigna bætist ekki, en sambærilegt ákvæði er ekki að finna í skilmálum hinna félaganna hvað það varðar. Í 5.3 gr. skilmálanna er að finna sambærilegt ákvæði og í almennum ákvæðum 39. gr. skilmála Sjóvárs, það er, að bótafjárhæðir skuli taka mið af kostnaði við viðgerð á hinni váttryggðu eign. Er það í höndum félagsins að ákveða hvort það greiðir bætur með fullnægjandi viðgerð eða með peningagreiðslu en miðast hún að hámarki við þá fjárhæð sem félagið hefði annars þurft að greiða fyrir viðgerð eða enduröflun hins váttryggða. Almennt eru þar af leiðandi ekki greiddar bætur vegna kostnaðar við að skipta út hinum skemmda hlut, heldur einungis kostnað við viðgerð eða enduröflunarverð hlutarins, sbr. ákvæði 2.11 gr. og 2.12 gr. skilmálanna.

¹⁵⁸ Vörður, „Húseigendatrygging, nr. E-7“ <<https://vordur.is/media/1037/e-7-huseigendatrygging.pdf>> skoðað 7. apríl 2016.

4.3.5. Samanburður á húseigendatryggingum félaganna

Af framangreindri umfjöllun þykir ljóst að þó svo að skilmálar váttryggingafélaganna virðist ólíkir við fyrstu sýn er efni þeirra, váttryggingarsvið og ákvæði um greiðslur bóta með svipuðum hætti. Helsti munurinn er uppsetning skilmála Varðar og VÍS annars vegar og TM og Sjóvár hins vegar, en efnislega eru þeir mjög samhljóða og veita váttryggingartaka jafn takmarkað svigrúm við samningagerðina. Þá byggjast bótafjárhæðir félaganna allar á sama grunni, það er að bæta váttryggðum allt fjárhagslegt tjón sem hann hefur orðið fyrir og er það þá í höndum félaganna að ákveða hvort bætur verða greiddar í formi peninga eða að gert verði við fasteignina. Útreikningur á bótafjárhæðum er fyrir fram ákveðinn á grundvelli ákvæða skilmálanna auk þess sem hámarksfjárhæðir miðast við brunabótamat eignarinnar og fylgijár hennar.

4.4. Ökutækjatryggingar

Algengustu ökutækjatryggingarnar eru lögboðin ábyrgðartrygging ökutækis og kaskótrygging ökutækis. Í 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987¹⁵⁹ stendur að:

[s]á sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skal bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns.

Er því um hlutlæga ábyrgðarreglu að ræða ef tjón hlýst af notkun ökutækis. Þar sem ökutæki þykja í eðli sínu hættuleg og háar bótakröfur geta risið á grundvelli þeirra er í 1. mgr. 91. gr. ufl., sbr. 1. mgr. 93. gr. sömu laga, að finna ákvæði sem skyldar eiganda, eða þann sem hefur varanleg umráð ökutækisins, að vera með ábyrgðartryggingu vegna þeirra bótakrafna sem risið gætu á hendur honum vegna tjóns af völdum notkunar ökutækis.

Líkt og áður hefur verið komið að í umfjöllun um ábyrgðartryggingar og skaðabótarétt er eðli ábyrgðartrygginga að bæta það tjón sem þriðji aðili verður fyrir vegna skaðabótaskyldrar háttsemi ábyrgðartryggðs aðila. Miðar ábyrgðartrygging ökutækis þar af leiðandi að því að bæta það tjón sem verður af völdum notkunar ökutækisins, sbr. 88. gr. ufl. Breytir í því sambandi engu hvort tjónið varð á bifreið mótaðila eða öðrum munum hans, auk þess sem tryggingin bætir allt líkamstjón, hvort sem hinn slasaði hafi verið ökumaður, eigandi, farþegi eða annar þriðji aðili sem hefur orðið fyrir tjóni vegna notkunar bifreiðarinnar.

¹⁵⁹ Hér eftir nefnd ufl.

4.4.1. Kaskótrygging

Öll félögin fjögur sem fjallað hefur verið um bjóða upp á kaskótryggingu ökutækis. Er þeirri tryggingu ætlað að bæta váttryggingartaka það tjón sem verður á bifreið hans, til dæmis ef hann er valdur að árekstri, ekið er á mannvirki eða skemmdarverk hafa verið unnin á bifreiðinni af óþekktum aðila. Verður nú farið nánar út í greiðslu bóta úr þeim kaskótryggingum ökutækja sem félögin bjóða upp á.

4.4.1.1. Sjóvá

Ákvæði um bótaákvörðun og uppgjör tjóns váttryggðs aðila á eigin bifreið er að finna í 5. gr. skilmála Sjóvár um kaskótryggingu ökutækja¹⁶⁰. Félagið greiðir ýmist bætur vegna altjóns eða kostnað við að gera við ökutækið og gera ástand þess eins og það var fyrir tjón. Geta slíkar bætur verið í formi viðgerðarkostnaðar, sem greiðist þá beint til verkstæðis, eða svokallaðar samkomulagsbætur, það eru bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað sem váttryggður fengi greiddan út í peningum.

Í ákvæðum 5.1 og 5.2 er að finna skilyrði þess að félagið geti greitt út bætur fyrir altjón á ökutæki, gegn afsali á ökutækinu. Er það í þeim tilfellum sem ökutækið er innan við árs gamalt, ekið minna en 20 þúsund kílómetra og viðgerðarmat vegna tjóns er meira en 45% af raunvirði ökutækisins. Váttryggður verður þó að gera kröfu um að ökutækið verði greitt út á þennan hátt. Jafnframt greiðir félagið bætur fyrir altjón ef viðgerðarkostnaður er metinn það mikill að ekki borgar sig að gera við ökutækið eða ef ökutækinu hefur verið stolið og það ekki fundist innan fjögurra vikna frá tilkynningu til félagsins eða lögreglu um stuldinn. Greiðslur fyrir altjón miðast við raunvirði ökutækisins. Getur félagið þannig greitt raunvirði ökutækisins gegn afsali þess eða mismuninn á raunvirði og verðmæti ökutækisins eftir tjón. Þá getur félagið bætt váttryggðum tjón sitt með því að útvega honum sambærilegt ökutæki og það sem varð fyrir tjóni gegn afhendingu hins skemmda. Í 6.1 gr. skilmálanna er að finna skilgreiningu á því hvað felist í raunvirði ökutækis, en váttryggingarfjárhæð ökutækis er ekki að finna í váttryggingarskírteini öfugt við aðrar eignatryggingar. Miðast raunvirði þannig við staðgreiðsluverð sambærilegs ökutækis að gerð, aldri, gæðum og svo framvegis.

Félagið getur komist hjá greiðslu bóta ef viðgerð er hafin án þess að samþykki fyrir viðgerðinni liggja fyrir. Þá bætir tryggingin ekki lækun á markaðsverði ökutækisins eða óbeint tjón váttryggðs, svo sem afnotamissi ökutækis, sbr. ákvæði 5.7 gr. og 5.8 gr.

¹⁶⁰ Sjóvá, „Kaskótrygging ökutækis, nr. 502“ (n. 138).

4.4.1.2. VÍS

Ákvæði um bótagreiðslur í kaskóskilmálum ökutækja hjá VÍS¹⁶¹ er að finna í 16. og 17. gr. þeirra en í þeim er gerður greinarmunur á bótagreiðslum fyrir algert tjón og fyrir tjón að hluta. Greiðir félagið því bætur fyrir altjón ef ökutækið hefur orðið fyrir það miklu tjóni að ekki borgar sig að gera við það eða ef ökutækinu er stolið og það ekki fundist innan fjögurra vikna frá tilkynningu til félagsins. Félagið getur þá ákveðið hvort það greiði váttryggingarverðmæti ökutækisins gegn afsali, greiði mismun á váttryggingarverðmæti ökutækisins og verðmæti þess eftir tjónsatburð eða útvegi váttryggðum annað sambærilegt ökutæki og fái þá hið skemmda ökutæki afsalað til sín. Líkt og hjá Sjóvá miðast váttryggingarverðmæti ökutækisins við staðgreiðslu á markaðsverði sambærilegs ökutækis á tjónsdegi. Í skilmálum VÍS getur þó verið tiltekin váttryggingarfjárhæð og verða bætur því aldrei hærri en tilgreindar eru þar.

Skemmist ökutæki án þess að ofangreind skilyrði um bætur fyrir altjón eigi við, þá miðast bótagreiðslur félagsins við kostnað við viðgerð á ökutækinu svo ástand þess verði það sama eða svipað og fyrir tjón. Getur félagið annað hvort greitt bætur fyrir viðgerð á verkstæði eða samkomulagsbætur. Félagið greiðir þó ekki bætur vegna lækkunar á markaðsvirði eða óbeint tjón.

4.4.1.3. TM

Í 16., 17. og 18. gr. skilmála kaskótryggingar ökutækja hjá TM¹⁶² er að finna skilgreiningu á því hvað felist í algeru tjóni, hvernig skuli bæta algert tjón og síðan ákvæði um viðgerðarkostnað ef ökutæki skemmist án þess að um algert tjón sé að ræða. Svipar ákvæðum skilmálanna mjög til skilmála VÍS um þessi atriði. Bætir félagið þannig algert tjón ef skemmdir eru það miklar að ekki borgi sig að gera við þær, en einnig ef ökutækinu hefur verið stolið og það ekki fundist innan fjögurra vikna frá tilkynningu til félagsins og lögreglu um atburðinn. Falli tilvik váttryggðs undir þessi skilyrði skilmálanna getur félagið ákveðið hvort það bæti tjónið með því að greiða markaðsvirði ökutækisins, þó að hámarki þá váttryggingarfjárhæð sem fram kemur í váttryggingarskírteini. Félagið getur einnig valið að afhenda váttryggðum annað sambærilegt ökutæki en hafi félagið ekki tök á því að afhenda

¹⁶¹ VÍS, „Ökutækjetrygging Kaskó, nr. BK10“ <http://vis.is/media/1354/bk10_okutækjetrygging_kasko.pdf> skoðað 12. apríl 2016.

¹⁶² TM, „Kaskótrygging ökutækja, nr. 230“ <<https://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-230.pdf>> skoðað 12. apríl 2016.

sambærilegt ökutæki getur það greitt váttryggðum bætur sem nemur mismuni á hinu afhenta ökutæki og þess sem varð fyrir tjóni. Á móti fengi félagið afsal fyrir hinu skemmda ökutæki.

Ef ekki er um algjört tjón á ökutæki að ræða, það er skemmdir eru ekki það miklar að það borgi sig að greiða út bifreiðina, þá greiðir félagið þann viðgerðarkostnað sem til fellur svo bifreiðin verði í eins góðu ástandi og hún var fyrir tjónið, eða eins nærri því og kostur er. Félagið getur greitt annað hvort viðgerðarkostnað eða samkomulagsbætur. Hafi viðgerð á skemmdri bifreið verið hafin án samþykkis félagsins áskilur það sér rétt til að hafna greiðslu bóta. Þá greiðir félagið ekki bætur vegna lækkunar á markaðsvirði ökutækisins eða óbeint tjón sem váttryggður verður fyrir.

4.4.1.4. Vörður

Ef 11., 12. og 13. gr. skilmála kaskótryggingar ökutækja hjá Verði¹⁶³ eru bornar saman við þau ákvæði sem farið var í hér að ofan hjá TM sést að þeir eru mjög samhljóða um öll atriði. Er til að mynda ákvæði um algert tjón orðrétt eins í báðum skilmálunum. Hvað varðar bótagreiðslur fyrir algert tjón miðar Vörður við raunvirði, eða váttryggingarverðmæti ökutækisins og reiknast það með hliðsjón af þeirri fjárhæð sem hefði þurft til kaupa á hinu skemmda ökutæki eins og það var fyrir tjón, eða sambærilegu, gegn staðgreiðslu. Þá áskilur félagið sér rétt til að í stað peningagreiðslu geti það afhent váttryggðum sambærilegt ökutæki og það sem tjónaðist, að því tilskyldu að váttryggður verði fjárhagslega í sömu stöðu og fyrir tjón. Borgi sig hins vegar fyrir félagið að greiða váttryggðum bætur í stað þess að bæta ökutækið á grundvelli altjóns, miðast fjárhæðir bótanna við viðgerðarkostnað eða áætlaðan viðgerðarkostnað. Þá er ekki tekið inn í bótafjárhæðina bætur fyrir lækkun á markaðsvirði eða óbeint tjón, og ekki heldur kostnaður vegna sérpantana á varahlutum. Þá getur váttryggður fyrirgert bótarétti sínum ef hann lætur gera við bifreið sína án samþykkis félagsins.

4.4.2. Samanburður á kaskótryggingum ökutækja hjá félögunum

Almennt við gerð váttryggingarsamninga semja aðilar samningsins um tiltekna váttryggingarfjárhæð, eða hámarksbætur sem greiddar eru út ýmist fyrir tiltekið tjón eða á tilteknu tímabili. Er ákvörðun slíkrar fjárhæðar eitt af því sem váttryggingartaki kemur beint að við gerð váttryggingarsamningsins. Hins vegar hvað varðar kaskótryggingar ökutækja þá er

¹⁶³ Vörður, „Kaskótrygging ökutækja, nr. B-2“ (n. 138).

í skilmálum allra félaganna tekið fram að váttryggingarverðmæti ökutækja miðist við markaðsvirði þeirra á tjónsdegi. Fer þannig váttryggingarverðmætið eftir markaðinum hverju sinni. Vandamál geta þó risið ef óvíst er hvert markaðsvirði ökutækisins er, til dæmis ef óvíst er hvað teljist vera sambærilegt og þar af leiðandi hvort um einstakt ökutæki sé að ræða. Á þetta reyndi í áðurnefndum dómi **Hæstaréttar frá 27. janúar 2011 í máli nr. 349/2010** en þar taldi váttryggður að ekki væri sambærilegt ökutæki til hér á landi sem hægt væri að miða bótafjárhæð við og þyrfti því að miða bótagreiðslur hans við enduröflunarverð á eins ökutæki í Þýskalandi, ásamt flutningskostnaði, tollum og öðrum kostnaði við að koma ökutækinu hingað til lands. Váttryggingafélagið taldi hins vegar að það hefði greitt váttryggðum fullar bætur fyrir fjártjón hans¹⁶⁴, samkvæmt váttryggingarsamningi. Miðaðist bótafjárhæðin við mat matsmanns á markaðsvirði sambærilegra ökutækja, jafnvel þótt nákvæmlega eins bifreið væri ekki fáanleg hér á landi. Taldi meirihluti Hæstaréttar að samkvæmt þessu yrði lagt til grundvallar í málinu, að ekki hafi verið unnt að fá

sambærilegt ökutæki að tegund, aldri eða gæðum hér á landi og snúist ágreiningur málsaðila því um hvort allt að einu sé unnt að skýra skilmála váttryggingarinnar þannig að finna megi markaðsvirði hér á landi fyrir bifreið sambærilega bifreið áfryjanda sem fyrir tjóninu varð.

Í skilmálum TM og VÍS er tekið fram að bætur geti ekki orðið hærri en sú fjárhæð sem er tiltekin í váttryggingarskírteini. Er þarna möguleiki fyrir váttryggðan að semja um tiltekið váttryggingarverð, þótt almennt verði talið að litíð verði framhjá því við ákvörðun bóta, nema fjárhæðin sé lægri en markaðsvirði ökutækisins. Geta þar af leiðandi skilmálar Sjóvá og Varðar leitt til þess að váttryggður fengi hærri bætur út úr kaskótryggingu sinni hjá þeim félögum, heldur en TM og VÍS, þar sem engin slík hámarksfjárhæð er tiltekin í skilmálanum, heldur yrði eingöngu miðað við markaðsvirði bifreiðarinnar við ákvörðun bóta.

Með slíkum ákvæðum eru TM og VÍS að semja á annan veg en Sjóvá og Vörður og takmarka þar ábyrgð sína við tiltekna hámarksfjárhæð, en í skilmálum Varðar og Sjóvá er sérstaklega tekið fram að almennt sé váttryggingarfjárhæð ökutækis ekki tilgreind í váttryggingarskírteininu, sbr. 9. gr. skilmála Varðar og gr. 6.1 hjá Sjóvá. Sökum þessa er minna svigrúm fyrir váttryggingartaka til samninga við töku kaskótryggingar ökutækis hjá félögunum. Má þó ætla að slík váttryggingarfjárhæð hafi ekki mikil áhrif, en gæti þó leitt til þess að váttryggður fái bætur sem eru lægri en markaðsvirði bifreiðarinnar. Hvað varðar gildissvið kaskótryggingarinnar hefur váttryggingartaki þó tök á að semja sérstaklega um að sem dæmi tiltekinn búnaður ökutækis eða merkingar falli einnig undir kaskótrygginguna.

¹⁶⁴ Hrd. 27. janúar 2011 í máli nr. 349/2010, rök stefnda í kafla II.

Eru skilmálar félaganna því mjög samhljóða þegar kemur að greiðslu bóta, það er við hvað skuli miða og svigrúm félaganna til að ákveða hvort bætur greiðist í formi viðgerðar, útvegunar á öðru ökutæki eða sem peningagreiðsla. Er þó markmiðið með bótunum að ökutæki váttryggingartaka verði í sama eða svipuðu ásigkomulagi, eins og kostur er, eins og það var fyrir tjón eða sem nemur viðgerðarkostnaði eða markaðsvirði á sambærilegu ökutæki. Í skilmálum Sjóvárs er að finna ákvæði í 5.1 gr. skilmálanna sem, líkt og áður sagði, byggist á því að váttryggður getur krafist þess að fá bætur fyrir altjón ef ökutækið er innan við árs gamalt, ekið innan við tuttugu þúsund kílómetra og viðgerðarmat vegna tjónsins er hærra en 45% af raunvirði ökutækisins. Veitir ákvæðið félaginu vissa sérstöðu, en ekki er að finna sambærileg ákvæði í skilmálum hinna félaganna. Í skilmálum allra félaganna er ákvæði um að félögin geti ákveðið hvort það greiði bætur í peningum eða afhendi váttryggingartaka aðra sambærilega bifreið þeirri sem varð fyrir tjóni. Geta því váttryggingartakar VÍS, TM og Varðar ekki krafist þess að fá bætur fyrir altjón, þó svo um nýlegan eða lítið keyrðan bíl sé að ræða,¹⁶⁵ ef kostnaður við viðgerð felur í sér minni kostnað fyrir félagið og það leiðir til þess að bifreiðin er í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjónið. Líkt og áður var komið að¹⁶⁶ miðast fullar bætur samkvæmt skaðabótarétti við allt sannanlegt fjártjón sem váttryggður hefur orðið fyrir og í því samhengi notast við mismunaraðferðina við mat á fjártjóninu. Er þannig váttryggingartaki í raun að fá allt fjárhagslegt tjón sitt bætt samkvæmt skilmálum Sjóvárs, þó svo að félagið hefði komist upp með að greiða lægri bætur í samræmi við viðgerðarkostnað ef orðalag skilmálans væri með sama hætti og hjá VÍS, TM og Verði.

Í samræmi við fyrri umfjöllun þykir ljóst að þær bótafjárhæðir sem félögin miða við á grundvelli skilmála sinna eru byggðar á markaðsvirði bifreiðarinnar, eða sambærilegum bifreiðum, áður en hún varð fyrir tjóni. Fengjust þar af leiðandi einungis bætur sem næmi verðmæti bifreiðarinnar á grundvelli skilmála kaskótryggingarinnar, en ekki bóta vegna annars kostnaðar sem váttryggingartaki yrði fyrir vegna þess að bifreið hans varð fyrir tjóni, svo sem vegna afnotamissis, bílaleigubifreiðar eða öðrum kostnaði. Gæti váttryggingartaki sýnt fram á að hann hefði orðið fyrir sannanlegu fjártjóni vegna þessa í skilningi skaðabótaréttarins og að tjónið hefði haft slíkan kostnað í för með sér hefði hann átt kost á að fá bætur vegna þessa á grundvelli hugtaksins um fullar bætur fyrir fjártjón í skilningi 1. mgr. 35. gr. vsl. en ekki úr kaskótryggingu sinni, eins og ákvæði skilmálanna eru í dag. Veitir skilmáli kaskótryggingarinnar váttryggingartaka þar af leiðandi þrengri heimildir til bóta heldur en ákvæði 1. mgr. 35. gr. vsl. segir til um.

¹⁶⁵ Sjóvá, „Kaskótrygging ökutækis, nr. 502“ (n. 138), sbr. skilyrði í gr. 15.1.

¹⁶⁶ Kafli 4, *Fullar bætur fyrir fjártjón*.

4.5. Aðrar eignatryggingar

Félögin bjóða öll upp á margs konar aðrar eignatryggingar til handa einstaklingum og lögaðilum. Þó svo að gildissvið þeirra váttryggingarskilmála geti verið mjög ólíkt byggist þó ákvörðun bótafjárhæða að mestu upp á sama grundvelli, það er að miðað er við verðmæti hlutarins er varð fyrir tjóni, ýmist verð á nýjum hlut eða að finna má reglur um afskriftir í skilmálanum eða viðgerðarkostnaði, ef ástand hlutarins er metið viðgerðarhæft. Sem dæmi um slík ákvæði segir í 5. gr. skilmála um víðtækar eignatryggingar hjá Sjóvá:¹⁶⁷

Við tjón, sem unnt er að bæta með viðgerð, greiðist eðlilegur viðgerðarkostnaður þannig að hið váttryggða verði eins og það var rétt fyrir tjónið. Sé um altjón að ræða, þ.e.a.s. ef kostnaður við viðgerð er jafnhár eða hærri en núvirði, nema bæturnar núvirðinu eins og það var rétt fyrir tjónið að frádregnu hugsanlegu andvirði hins skemmda.

Miðast bótafjárhæðin í víðtækri eignatryggingu Sjóvár þar af leiðandi við viðgerðarkostnað eða núvirðis, það er, verðmæti nýs hlutar auk kostnaðar við öflunar hlutarins þó með tilliti til aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.¹⁶⁸ Þá er í skilmálum brunatryggingar lausafjár hjá TM¹⁶⁹ að finna ákvæði um váttryggingarverðmæti hluta, en þar segir í gr. 7.1:

Váttryggingarverðmæti húsmuna, véla og annars rekstrarbúnaðar miðast við núvirði þ.e. (það er) þá upphæð er þurft hefði til kaupa á hlutum þeim er fórust eða skemmdust með því verðlagi sem síðast var á slíkum hlutum áður en tjónið bar að höndum án frádráttar vegna aldurs og notkunar en að frádreginni hæfilegri fjárhæð vegna verðrymnunar sökum minnkaðs notagildis eða annarra atvika.

Miðast bótafjárhæðir úr þessari váttryggingu því við verðmæti á nýjum eignum án tillits til verðmætaryrnunar ef notagildi hlutarins hefur haldist hið sama, þrátt fyrir aldur, notkun og svo framvegis. Í vélatryggingu VÍS¹⁷⁰ fyrir atvinnurekstur eru ákvæði um ákvörðun bóta að finna í 15. gr. skilmálanna en í 15.1 kemur fram að „Í tjónstílvikum þar sem viðgerð reynist framkvæmanleg greiðir félagið bætur til að koma skemmdu vélinni í sama vinnsluástand og hún var í fyrir tjón ...“

¹⁶⁷ Sjóvá, „Viðtæk eignatrygging, nr. 291“ <<http://www.sjova.is/files/skilmalar/SKI-0177.pdf>> skoðað 9. apríl 2016, 5. gr.

¹⁶⁸ sama heimild, 5. gr.

¹⁶⁹ TM, „Brunatrygging lausafjár, nr. 100“ <<https://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-100.pdf>> skoðað 7. apríl 2016, 7. gr.

¹⁷⁰ VÍS, „Vélatrygging, nr. EV10“ <http://vis.is/media/1696/ev10_velatr.pdf> skoðað 11. apríl 2016, 15. gr.

Felur þetta einnig í sér greiðslu kostnaðar vegna sundurtektar á vél, enduruppbyggingu, flutningsgjald, tolla og önnur gjöld sem leggjast á vegna viðgerðarinnar. Ef um alþjón er að ræða miðast hins vegar bætur við váttryggingarverðmæti hlutarins eins og það var þegar tjónið varð, en verðmætið miðast við verð á nýjum hlut eða búnaði auk flutningskostnaðar, uppsetningu og tollum, þó að frádregnum eðlilegum afskriftum, sbr. gr. 15.2.

Þó svo að þeir skilmálar skaðatrygginga sem hafa verið farið yfir í ritgerð þessari, auk þeirra þriggja sem hér var stuttlega vikið að, séu að efni og umfangi mjög ólíkir þá miða þeir allir að því að bæta váttryggðum það tjón sem varð á eignum þeirra og falla undir gildissvið váttryggingarinnar. Þó eingöngu það tjón sem varð á hlutnum eða eigninni en ekki annað afleitt tjón, svo sem afnotamissi, rekstrarstöðvun eða annað tekjutap vegna þess að hluturinn eða eignin varð fyrir tjóni. Sérstakar rekstrarstöðvunartryggingar eða aðrar sambærilegar tryggingar myndu þó taka á slíku afleiddu tjóni en ekki verður farið nánar í þær hér. Að þessu sögðu verður numið staðar í umfjöllun um eignatryggingar, enda ekki þörf á að gera frekari grein fyrir útreikningi bótafjárhæða enda mjög sambærilegur meðal váttryggingarskilmála.

5. Niðurstöður og aðrar ályktanir

Af framangreindri umfjöllun þykir ljóst að ákvæði 1. mgr. 35. gr. vsl. er í raun tvískipt. Er þar annars vegar að finna heimildarákvæði fyrir váttryggingarfélög að semja við váttryggingartaka um það hvernig ákvarða skuli bætur fyrir tiltekin tjón. Hins vegar geymir ákvæðið fyllingarreglu sem tekur á þeim tilvikum þegar ekki hefur verið sérstaklega samið um ákvörðun bóta í samningi. Miðast bótafjárhæðin þá við fullar bætur fyrir fjártjón.

Verður því að byrja á að gera sér grein fyrir hvort váttryggingarfélag og váttryggingartaki hafi samið sérstaklega um ákvörðun eða útreikning bóta fyrir það fjártjón sem váttryggingartaki verður fyrir þegar hann lendir í tjóni. Reynir þá á túlkun og sönnun á efni sammingsins og hvort sá atbuður er leiddi til tjóns váttryggingartaka falli undir gildissvið sammingsins. Falli tjónsatburður undir samninginn er það í höndum váttryggingartaka eða tjónþola að sanna hvert raunverulegt fjártjón hans er og þar með hverjar bætur hans skulu vera á grundvelli sammingsins.

Ljóst er að þau váttryggingarfélög sem bjóða upp á skaðatryggingar nýta sér í heimild 1. mgr. 35. gr. vsl. um að semja sig frá ákvæðum laganna við ákvörðun bótafjárhæða í þeim tilfellum sem komu til skoðunar við gerð þessarar ritgerðar. Þó er ljóst að mismikið svigrúm getur verið fyrir félögin að semja um ákvörðun bóta og má sem dæmi sjá einna gleggstan mun á lögboðinni brunatryggingu fasteigna annars vegar og frjálsum ábyrgðartryggingum hins vegar, sem stuttlega var vikið að. Þrátt fyrir það myndu bótagreiðslur miðast við ákvæði þeirra samninga ef um bótaskyلت tjón væri að ræða, þótt ólíkir séu.

Það að félögin semja með þessum hætti felur í sér að váttryggður á einungis rétt á bótum vegna þess tjóns sem varð á eignum hans, en ekki vegna afleidds tjóns sem hann gæti hafa orðið fyrir vegna þessa. Í 1. mgr. 35. gr. vsl. er kveðið á um „fullar bætur fyrir fjártjón“ og vísað í skaðabótaréttarins sem vísar í „sannanlegt fjárhagslegt tjón tjónþola“ og „enduröflunarverð“ hlutarins. Má ætla að á grundvelli þessa orðalags ákvæðisins og með hliðsjón af fyrri umfjöllun um tengsl hans við skaðabótaréttarins þá myndi tjónþoli, eða váttryggður, fá einnig bætur fyrir afleitt tjón ef hann getur sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þessa.

Falli tjónsatburður ekki undir ákvæði váttryggingarsamningsins kemur til túlkunar og skýringar á fullum bótum fyrir fjártjón á grundvelli fyllingarákvæðis 1. mgr. 35. gr. vsl. Sama gildir ef ákvæði samningsins er óskýrt eða vafi er um túlkun. Er þá miðað við að váttryggður fái fullar bætur fyrir fjártjón sitt í skilningi skaðabótaréttar, líkt og rakið var í kafla 2.3. um tengsl váttryggingaréttar við skaðabótaréttinn. Var þar einnig lögð fram sú skilgreining á hugtakinu fjártjón, að í því fælist skerðing eða eyðilegging á hlut, lausafé eða fasteign sem hægt er að meta til peninga eftir hlutlægum mælikvarða. Er því markmiðið að gera tjónþola eins settan fjárhagslega og ef tjónið hefði ekki komið til. Er í því sambandi ekki einungis átt við beint fjártjón hans á grundvelli markaðsvirðis hlutarins er varð fyrir tjóni heldur einnig allan kostnað við enduröflun á hlutnum, bætur fyrir afnotamissi á meðan hluturinn er í viðgerð og annan kostnað sem fellur á váttryggingartaka vegna tjónsins. Það er þó tjónþolans að sýna fram á hvert raunverulegt fjártjón hans er. Hefur í þeim tilgangi verið beitt *mismunaraðferðinni*, hvoru tveggja í íslenskum og norrænum rétti. Byggist sú aðferð á því að bera saman þær aðstæður sem uppi eru eftir að skaðinn er skeður, við þær aðstæður sem ætla má að hefðu verið ef ekki hefði komið til tjóns.

Með setningu núgildandi laga um váttryggingarsamninga var meðvitað vikið frá orðalagi þágildandi 37. gr. eldri vsl. og ákvörðun bóta sett í hendurnar á váttryggingarfélagunum og þeim því veitt aukið samningsfrelsi, með hliðsjón af 1. mgr. 35. gr. vsl. um fullar bætur váttryggðs fyrir fjártjón sitt. Nýta félögin í miklum mæli þá heimild 1.

mgr. 35. gr. vsl. til að semja sérstaklega og má því segja að þau ákvæði skilmálanna hafi í raun tekið yfir ákvæði 37. gr. eldri vsl. ásamt fyllingarreglu 1. mgr. 35. gr. núgildandi vsl. Er þar af leiðandi ólíklegt að farið til baka í fyrra horf og kveðið sérstaklega á um hvað teljist til fullra bóta í váttryggingarétti í lögum.

Til þess að að átta sig betur á því hvað felst í raun í 1. mgr. 35. gr. vsl. og þeim mun sem felst í greiðslu bóta á grundvelli váttryggingarsamnings annars vegar og 1. mgr. 35. gr. vsl. hins vegar verður aftur vikið að dómi **Hrd. 27. janúar 2011 í máli nr. 349/2010**. Sérstaklega skal vikið að sératkvæði Viðars Mús Matthíassonar en það sýnir þann mun sem felst í ákvörðun bóta á grundvelli ákvæða váttryggingarsamninga annars vegar og 1. mgr. 35. gr. vsl. hins vegar. Er í sératkvæðinu skýrt tekið fram að með váttryggingarsamningi aðila hafi þeir samið um hvernig ákvarða skuli váttryggingarverðmæti bifreiðarinnar ef hún yrði fyrir altjóni, það er, að lagt yrði til grundvallar markaðsverð bifreiðarinnar. Yrði þar af leiðandi ekki litið til annarra reglna við ákvörðun bótafjárhæðarinnar. Váttryggingarfélagið hafði þá þegar greitt váttryggðum bætur í samræmi við matsgerð dómkvadds matsmanns og hafði tjónþoli því fengið fullar bætur á grundvelli váttryggingarsamningsins.

Verður að telja þessa niðurstöðu Viðars Mús í samræmi við ákvæði 1. mgr. 35. gr. vsl. um að leggja beri samninginn og þau viðmið sem koma fram í honum til grundvallar við ákvörðun um fullar bætur og að ákvæði 1. mgr. 35. gr. vsl. sé í raun fyllingarregla ef slíkum samningi sé ekki til að dreifa.

Ef farið er í gegnum þær spurningar sem lagt var upp með að svara í tengslum við skilmála félaganna sést að félögin eru ítrekað að nýta sér þá heimild sem 1. mgr. 35. gr. Er þannig í þeim váttryggingarskilmálum sem váttryggingartaki gengst undir og eru grundvöllur að váttryggingarsamningi váttryggingartaka og váttryggingarfélags, að finna sérstök ákvæði um ákveðnar bótagreiðslur eða reiknireglur við útreikning bótafjárhæða. Þau ákvæði sem skoðuð hafa verið hafa kveðið nokkuð skýrt á um hvernig ákveða skuli hvað teljist vera fullar bætur fyrir fjártjón, sérstaklega þau ákvæði sem kveða á um að miða skuli við viðgerðarkostnað enda liggur sá kostnaður í flestum tilfellum ljóst fyrir frá viðgerðaraðilum eða öðrum viðurkenndum aðilum sem meta kostnað vegna slíkra tjóna. Meiri vafi getur risið þegar meta á markaðsverð hluta, ökutækja eða annarra eigna, enda getur slíkt verið matskennt hvað teljist vera sambærilegt því sem varð fyrir tjóni eða hvað telst vera markaðsverð á þeim tíma er tjónið varð, sbr. áður nefndur **hrd. 27. febrúar í máli nr. 349/2010**.

Þá geta einnig komið upp álitamál varþandi það hvaða tímamark skuli miða við við ákvörðun bóta fyrir munatjón. Í 1. mgr. 37. gr. eldri vsl. var talið eðlilegt að bæta váttryggðan hlut á grundvelli kaupverðs samskonar hlutar og þess sem fórst á þeim degi er tjón verður.

Telst það vera verðmæti þess hlutar er fórst og þar af leiðandi raunverulegt fjártjón váttryggingartaka. Þá hefur í norskum rétti verið litið til verðmæti hlutarins á tjónsdegi, eða þegar váttryggður átti þess kost að hafa uppi kröfu á hendur félaginu. Þykir rétt og eðlilegt að líta til norræns réttar í því samhengi enda ákvæði íslensku vsl. nánast beinþýdd úr norskum rétti.

Má því ætla að sjaldan reyni á orðalag 1. mgr. 35. gr. vsl. um fullar bætur fyrir fjártjón, enda eru félögin dugleg við að nýta sér sammingsheimild ákvæðisins. Teldist váttryggingartaki hafa fengið tjón sitt bætt ef hann fær bætur ákvarðaðar í samræmi við ákvæði sammingsins. Má þó ætla að meginregla hennar um fullar bætur fyrir fjártjón sé oftar en ekki höfð til hliðsjónar við samningu ákvæða skilmálanna og útreikning bótafjárhæða.

Heimildaskrá

Arnjlótur Björnsson, *Skaðabótaréttur : kennslubók fyrir byrjendur* (2. útg., Orator 1999)

——, „Sönnun í skaðabótamálum“

<http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=000501567> skoðað 3. apríl 2016

Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar* (Háskólinn í Reykjavík ; JPV útgáfa 2008)

Einar Arnórsson, *Dómstólar og réttarfar á Íslandi / eftir Einar Arnórsson* (JóhJóhannesson 1911)

Eiríkur Jónsson, *Bótaréttur I: skaðabótaréttur* (Codex 2015)

——, *Bótaréttur II: váttryggingaréttur og bótareglur félagsmálaréttar* (Codex 2015)

Lødrup, P., *Oversikt over erstatningsretten* (4. utgave, Oslo 2002)

Møller, J., *Erstatningsansvarsloven med kommentater* (6. udg., Jurist - og Økonomforbundets forlag 2002)

Norske advokatforening, „Rettens gang“ [1933] Oslo: Norske advokatforening

Nygaard, N., *Skade og ansvar* (5. utgåve, Universitetsforlaget 2000)

Páll Sigurðsson, *Samningaréttur : yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar* (Orator 1987)

Pétur Sigurðsson, „Samábyrgð Íslands 90 ára: Hefur þróast í takt við útgerðarsöguna“ 92 (7–8) *Ægir* 37

Sjóvá, „Brunatrygging húseigna, nr. 261“ <<http://www.sjova.is/files/skilmalar/SKI-0022.pdf>> skoðað 8. apríl 2016

——, „Fasteignatrygging, nr. 201“ <<http://www.sjova.is/files/skilmalar/SKI-0027.pdf>> skoðað 8. apríl 2016

——, „Fjölskylduvernd 1, nr. 202“ <<http://www.sjova.is/files/skilmalar/SKI-0031.pdf>> skoðað 1. maí 2016

——, „Fjölskylduvernd 2, nr. 203“ <<http://www.sjova.is/files/skilmalar/SKI-0032.pdf>>
skoðað 1. maí 2016

——, „Fjölskylduvernd 3, nr. 204“ <<http://www.sjova.is/files/skilmalar/SKI-0033.pdf>>
skoðað 15. febrúar 2016

——, „Frjálsábyrgðartrygging fyrir einstaklinga, nr. 131“
<<http://www.sjova.is/files/skilmalar/SKI-0041.pdf>> skoðað 18. apríl 2016

——, „Kaskótrygging ökutækis, nr. 502“ <<http://www.sjova.is/files/skilmalar/SKI-0069.pdf>>
skoðað 12. apríl 2016

——, „Viðtæk eignatrygging, nr. 291“ <<http://www.sjova.is/files/skilmalar/SKI-0177.pdf>>
skoðað 9. apríl 2016

„Skýrsla um starfsemi Samvinnutrygginga g.t., eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga og dótturfélaga“

<<http://www.lagastofnun.hi.is/sites/lagastofnun.hi.is/files/Skjol/samvinnutryggingar.pdf>>
skoðað 30. janúar 2016

TM, „Ábyrgðartrygging einstaklinga, nr. 210“
<<http://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-210.pdf>> skoðað 18. apríl 2016

——, „Brunatrygging húseigna, nr. 150“ <<https://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-150.pdf>> skoðað 7. apríl 2016

——, „Brunatrygging lausafjár, nr. 100“ <<https://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-100.pdf>> skoðað 7. apríl 2016

——, „Heimatrygging TM1, nr. 101“ <<https://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-101.pdf>> skoðað 1. maí 2016

——, „Heimatrygging TM2, nr. 102“ <<https://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-102.pdf>> skoðað 1. maí 2016

——, „Heimatrygging TM3, nr. 103“ <<https://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-103.pdf>> skoðað 1. maí 2016

——, „Heimatrygging TM4, nr. 104“ <<https://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-104.pdf>> skoðað 30. apríl 2016

——, „Húseigendatrygging, nr. 400“ <<https://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-400.pdf>> skoðað 7. apríl 2016

——, „Kaskótrygging ökutækja, nr. 230“ <<https://www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-230.pdf>> skoðað 12. apríl 2016

Valgerður Sverrisdóttir, „Þingtíðindi | Frumvarp til laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004“ <<http://www.althingi.is/altext/130/11/r03191833.sgm>> skoðað 10. mars 2016

Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Codex 2005)

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, „Réttar bætur fyrir slys“ <<http://www.dv.is/blogg/vilhjalmur-h-vilhjalmsson/2013/6/26/rettar-baetur-fyrir-slys/>> skoðað 30. janúar 2016

VÍS, „Ábyrgðartrygging einstaklings, nr. AA10“ <http://vis.is/media/1246/aa10_abyrgdatr-einstakl.pdf> skoðað 18. apríl 2016

——, „Brunatrygging húseigna, nr. EF10“ <http://vis.is/media/1172/ef10_brunatrygging-h.pdf> skoðað 7. apríl 2016

——, „F+1 fjölskyldutrygging, nr. GH15“ <http://vis.is/media/1271/gh15_-_fp%C3%BA%201.pdf> skoðað 1. maí 2016

——, „F+2 fjölskyldutrygging, nr. GH18“ <http://vis.is/media/1274/gh18_-_fp%C3%BA%202.pdf> skoðað 1. maí 2016

——, „F+3 fjölskyldutrygging, nr. GH20“ <http://vis.is/media/1272/gh20_-_fp%C3%BA%203.pdf> skoðað 1. maí 2016

——, „F+4 Fjölskyldutrygging, nr. GH25“ <http://vis.is/media/1273/gh25_-_fp%C3%BA%204.pdf> skoðað 30. apríl 2016

——, „Húseigendatrygging íbúðarhúsnæðis, nr. GF15“ <http://vis.is/media/1180/gf15_h%C3%BA%20eigendatrygging-%C3%ADb%C3%BA%20arh%C3%BA%20nae%C3%B0is-nov-2009.pdf> skoðað 7. apríl 2016

——, „Sameiginlegir skilmálar, nr. YY10“ <<http://vis.is/media/1141/yy10.pdf>> skoðað 30. apríl 2016

——, „Vélatrygging, nr. EV10“ <http://vis.is/media/1696/ev10_velatr.pdf> skoðað 11. apríl 2016

——, „Viðbótarbrunatrygging húseigna, nr. EF15“ <http://vis.is/media/1362/ef15_brunatrygging-vidb.pdf> skoðað 7. apríl 2016

——, „Ökutækjetrygging Kaskó, nr. BK10“ <http://vis.is/media/1354/bk10_okutaekjetrygging_kasko.pdf> skoðað 12. apríl 2016

Vörður, „Brunatrygging húseignar, nr. E-1“ <<https://vordur.is/media/1031/e-1-brunatrygging-huseigna.pdf>> skoðað 7. apríl 2016

——, „Heimilisvernd 1, nr. E-31“ <<https://vordur.is/media/1058/e-31-heimilisvernd-1.pdf>> skoðað 18. apríl 2016

——, „Heimilisvernd 2, nr. E-32“ <<https://vordur.is/media/1059/e-32-heimilisvernd-2.pdf>> skoðað 1. maí 2016

——, „Heimilisvernd 3, nr. E-33“ <<https://vordur.is/media/1061/e-33-heimilisvernd-3-fra-112016.pdf>> skoðað 1. maí 2016

——, „Heimilisvernd 4, nr. E-34“ <<https://vordur.is/media/1060/e-34-heimilisvernd-4.pdf>> skoðað 30. apríl 2016

——, „Húseigendatrygging, nr. E-7“ <<https://vordur.is/media/1037/e-7-huseigendatrygging.pdf>> skoðað 7. apríl 2016

——, „Kaskótrygging ökutækja, nr. B-2“ <<https://vordur.is/media/1024/b-2-kaskotrygging-okutaekja.pdf>> skoðað 12. apríl 2016